

# Valsblaðið



59. árgangur 2007







2006  
Umhverfisverðlaun  
Ferðamálastofu



# HÓPBÍLAR

# „Verið óhræddir því sjá ég boða yður mikinn fögnuð“

**Jólahugvekja**



Sr. Vigfús Þór Árnason

Við höldum brátt heilög jól. Undirbúingurinn hefur farið fram á adventunni. Vonandi höfum við undirbúið komu Frelsarans, þrátt fyrir hraða og spennu sem einkennir nútíma líf. Þegar Frelsarinn kemur á helgum jólum tvístrast myrkríð, hrelldur hugur hressist, vonleysið eygir von, því hjálp Guðs hefur brotist inn í heim manna. Ljós Guðs er í heiminn komið til að lýsa upp veg mannsins. Ljosið og trúin á

þann sem í heiminn kom og kemur á að feykja burtu óttanum, kvíðanum og áhyggjunum. Fyrsta jólakveðjan talar til okkar um það í orðsins fyllstu merkingu. „Verið óhræddir því sjá ég boða yður mikinn fögnuð“. Hin sterka trú jólanna sem tvinnar saman stefin um kærleikann, umhyggjuna og gjafmildina, bendir fram á líf, starf og upprisu Jesú Krists.

Jesús er kom til okkar á jólum, tók síðan á sig mannleg kjör, varð maður, felldi tár, huggaði, líknaði og bar smyrsl á sárin. Líf hans tengdist öllum þáttum venjulegs lífs.

Hinn lifandi Guð og faðir kemur til okkar í syni sínum Kristi Jesú. Boðskapurinn er að sá sem boðar komu sína á adventu, „varð hold og bjó með oss fullur náðar og sannleika“, á hinum fyrstu jólum.



Boðskapurinn er um þann sem sigraði sjálfan dauðann og gaf okkur öllum eilíft líf.

Einu sinni fékk ég jóla-kort er sagði: „Guð gefi þér og fjölskyldu þinni gleðileg jól í ljósi páskaólarinnar.“ Þá aðeins skiljum og tökum við

jólunum með réttu hugarfari er við lítum að páskunum, þegar sá sem kom til okkar á jólunum sigraði sjálfan dauðann, gaf okkur hverju og einu, eilíft líf.

Hann kemur nú til okkar, kæru vinir, nótt og dag að breyta. Þau eiga vel við orð séra Friðriks Friðrikssonar er segja:

Dýrð í hæstum hæðum, himna Guð, þér syngja allir þínir englar og öll þín hólpin hjörð. Jörð það endurómar, allar klukkur hringja, fagnandi hjörtu færa þakkargjörð.

Dýrð í hæstum hæðum. Helgir leyndardómar opnast fyrir augum þess anda, er ljós þitt sér. Allt, sem anda dregur, elsku þína rómar, tilveran gjörvöll teygir líf frá þér.

Dýrð í hæstum hæðum. Hingað oss þú sendir soninn þinn að sýkna hinn seka lýð á jörð. Síðan hátt til himna hann með krossi bendir, sigur hann gefur sinni barnahjörð.

Dýrð í hæstum hæðum, hljómar þér um aldir, þyrnikrýndur, krossi þíndur kóngur lífs og hels. Lýtur þér og lofar lýður, sem þú valdir, lýsandi' á jörð sem ljómi fagrahvels.

Dýrð í hæstum hæðum. Heilagri þrenning, föður, syni' og friðaranda, færum lofgjörð vér, göfgi þig með gleði gjörvöll jarðarmening, Guð einn og þrennur, þökk þér einum ber.

*Friðrik Friðriksson*

*Vigfús Þór Árnason, sóknarprestur í Grafarvogskirkju*

**Valsmenn – bestu óskir** um gleðileg jól og farsælt nýtt ár

**HENSON**

VERKFRÆÐISTOFAN  
VATNASKIL

PRICEWATERHOUSECOOPERS





## Það er gleði í dag (Valsmenn og meyjar)

Lag: Stefán Hilmarsson & Þórir Úlfarsson  
Texti: Stefán Hilmarsson

Valsmenn og meyjar,  
nú eru þáttaskil.  
Valsmenn og meyjar,  
nú stendur mikið til.  
Valsmenn og meyjar,  
við syngjum ykkur lof.  
Það er gleði í dag.  
Höldum áfram, nú er lag.  
Það er gaman að vera í sókn og í Val.

Pegar Albert var kóngur  
var Ingi svo smár,  
og hún Sigga átti eftir að blómstra.  
Pegar Henson var kvikur  
og Hemmi var knár,  
þá var Guðni rétt kominn á legg.  
Það var gaman að fylgjast með Júlla og  
Geir  
og Grími og Guðrúnu Sæmunds.  
Síðar Óla og Degi, ég segi ekki meir.  
Listinn er langur og stór.

Valsmenn og meyjar o.s.frv....

Það var eldhugur Friðriks sem tendraði bál  
síðan æ hefur logað sá eldur.  
Þetta er félag með sögu og félag með sál  
sem á ætíð í hjarta mér stað.  
Við stolt getum verið af sigrum í 'den',  
en styðjum í þykku og þunnu  
þau lið sem nú leika, jafnt konur og menn.  
Framtíðin okkar er björt.

Valsmenn og meyjar o.s.frv....

### Valsblaðið • 57. árgangur 2005

Valsblaðið • 59. árgangur 2007

**Útgefandi:** Knattspyrnufélagið Valur, Hlíðarenda við  
Laufásveg

**Ritstjóri:** Guðni Olgeirsson

**Ritnefnd:** Gestur Svansson, Gunnar Zoëga, Margrét  
Ívarsdóttir, Stefán Karlsson, Sævaldur Bjarnason  
og Þorgrímur Þráinsson

**Auglýsingar:** Sveinn Stefánsson, Dagur Sigurðsson,  
Stefán Karlsson og Guðni Olgeirsson

**Ljósmyndir:** Guðni Karl Harðarson, Guðni  
Olgeirsson, Finnur Kári Guðnason, Sævaldur  
Bjarnason, Jón Gunnar Bergs, Jónatan, Valgarður  
Gíslason o.fl.

**Prófarkalestur:** Guðni Olgeirsson

**Umbrot:** Eyjólfur Jónsson

**Prentun og bókband:** Ísafoldarprentsmiðja ehf.



*Forsíðumynd: Stór stund hjá Knattspyrnufélaginu Val. Sigurbjörn Hreiðarsson fyrirtíði hampar Íslandsmeistarabikarnum í knattspyrnu 2007 eftir 20 ára bið og félagar hans eru kampakátir. Á myndinni sjást m.a. Baldur Ingimar Adalsteinsson með bikarinn, Hafþór Ægir Vilhjálmsson og Kjartan Sturluson. Ljós. Finnur Kári Guðnason*

## Meðal efnis:

- 12 Framtíðarsýn**  
*formanns Vals, Gríms Sæmundsen*
- 24 Tvöfaldir Íslandsmeistarar í knattspyrnu 2007**  
*Myndasýrpa*
- 28 Meðal þeirra bestu í handbolta**  
*Snorri Steinn Guðjónsson fer yfir handboltaferilinn*
- 30 Valur best rekna íþróttafélagið 2011**  
*Dagur Sigurðsson segir frá stefnumótunarvinnu Vals með Capacent*
- 37 Íslandsmeistarar í handknattleik karla 2007**  
*Myndasýrpa*
- 42 Hver er Valsmaðurinn?**  
*Hinn eini sanni Henson sextugur í ítarlegu viðtali*
- 48 Tvær leiðir til íþróttaiðkunar**  
*Ragnhildur Skúladóttir yfirmaður barna- og unglingsviðs fer yfir sviðið*
- 54 Vígsla nýrra mannvirkja 25. ágúst 2007**  
*Ítarlega fjallað um vel heppnaða vígslu í máli og myndum*
- 60 Nýtt upphaf í körfuboltanum**  
*Robert Hodgson og Sævaldur Bjarnason þjálfarar vilja gera enn betur í körfunni*
- 64 Valsfjölskyldan**  
*Brynjar Harðarson formaður Valsmanna hf. í ítarlegu viðtali*
- 81 Unglingar og íþróttir- brottfall**  
*Ragnhildur Skúladóttir fjallar um íþróttaiðkun barna og unglinga*
- 86 Viðtal við Leu Sif Valsdóttur þjálfara**



# Eitt glæsilegasta ár í sögu Vals

## Ársskýrsla aðalstjórnar árið 2007

### Stjórnun félagsins

Aðalfundur ársins 2007 vegna starfsársins 2006 hefur af óviðráðanlegum orsökum frestast. Meginskýringar þessa eru tvær. Annars vegar var stefnt að því að aðalfundur yrði haldinn strax eftir vígslu nýrra mannvirkja að Hlíðarenda sem voru áætluð þann 11. maí sl. Því miður töfðust framkvæmdir og á endanum var ákveðið að vígsla færi ekki fram fyrr en eftir sumarleyfi. Stjórn hugðist ótraud boða til aðalfundar snemma hausts en vegna undirbúnings þeirra skipulagsbreytinga sem stefnt er að á starfsemi félagsins var ákveðið að bíða með aðalfund til að innleiða mætti þessar skipulagsbreytingar. Því miður hefur þessi undirbúningur einnig tafist. Þegar þetta er skrifað hefur verið ákveðið að aðalfundur ársins 2007 fari fram í desember. Sú stjórn sem aðalfundur skipaði 28. júní 2006 heldur því enn um stjórnartaumana. Til upprifjunar er hún þannig skipuð:

Grímur Sæmundsen, *formaður*  
Hörður Gunnarsson, *varaformaður*  
Elín Konráðsdóttir, *ritari*

Hans Herbertsson, *gjaldkeri*  
Árni Magnússon, *meðstjórnandi*  
Karl Axelsson, *meðstjórnandi*  
Börkur Edvardsson, *formaður*  
*knattspyrnudeildar*  
Stefán Karlsson, *formaður*  
*handknattleiksdeildar*  
Gunnar Zoëga, *formaður*  
*körfuknattleiksdeildar*

Nýju mannvirkin og bylting í aðstöðu að Hlíðarenda kallar á ný efnistöð í rekstri félagsins. Sl. vetur var ákveðið að fá ráðgjafafyrirtækið Capacent í lið með okkur til að skilgreina hlutverk, markmið og stefnu fyrir Knattspyrnufélagið Val. Niðurstöður þessarar stefnumótunar gera ráð fyrir umtalsverðum breytingum á skipulagi og rekstri Knattspyrnufélagsins Vals. Niðurstöður þessarar stefnumótunarvinnu eru kynntar á öðrum stað í Valsblaðinu.

### Mannabreytingar

Talsverðar mannbreytingar á starfslíði að Hlíðarenda hafa orðið á undanfögnu ári.

*Forystumenn nýrrar uppbyggingar Vals að Hlíðarenda með Valsorðuna á vígsludaginn. Frá vinstri: Grímur Sæmundsen formaður, Hörður Gunnarsson varaformaður og Reynir Vignir fyrrverandi formaður Vals.*

Í júní sl flutti Dagur Sigurðsson heim frá Austurríki og kom til fullra starfa sem framkvæmdastjóri Vals. Hann hóf strax að taka til hendi og hefur byggt upp öflugt teymi starfsmanna að Hlíðarenda. Hann hefur stuðst við þá tillögu að stjórnskipuriti fyrir félagið sem kom út úr vinnu okkar með Capacent við ráðningar og verkaskiptingu starfsmanna. Theodór Valsson stýrir nú fasteignasviði félagsins, Otthar Edvardsson stýrir afrekssviði og nú nýlega var Ragnhildur Skúladóttir ráðin sem yfirmaður barna- og unglingsviðs Vals. Nýr fjármálastjóri félagsins er Bragi Bragason. Þá starfar Óskar Bjarni Óskarsson sem íþróttafulltrúi og Sigríður Þórarinsdóttir gegnir áfram almennum skrifstofustörfum á skrifstofu. Jóhannes Lange hefur verið ráðinn til að sinna dómara- og heimaleikjamálum. Gestur Svansson og Þjóðólfur gegna húsvarð-



arstörfum að ógleymdum okkar einstaka unglingi Sverri Traustasyni, sem einnig sinnir húsvardarstörfum. Pétur Veigar Pétursson, íþróttakennari sem sinnti starfi íþróttafulltrúa og Magdalena Gestsdóttir, sem sinnti bókarastörfum hafa bæði látið af störfum. Öllu þessu fólki eru þökkun vel unnin störf fyrir félagið.

## Uppbygging að Hlíðarenda

Nýja íþróttahúsið, stúka, keppnisvöllur og endurnýjuð félagsaðstaða að Hlíðarenda voru vígð við glæsilega og hátíðlega athöfn þann 25. ágúst sl. að viðstöddum miklum fjölda Valsmanna og annarra gesta. Skrúðgöngur voru gengnar frá skólum á starfssvæði félagsins að Hlíðarenda þar sem fram fór hátíðardagsskrá. Þá bauð félagið til hátíðarkvöldverðar í nýjum veislusal þar sem Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, borgarstjóri var heiðursgestur.

Kostnaður við gerð þessara mannvirkja er um 1,4 milljarðar króna. Framlag Vals til uppbyggingarinnar er nú um 800 milljónir króna en Reykjavíkurborgar um 600 milljónir króna. Það er einstakt í íþróttasögu Íslands að íþróttafélag hafi lagt fram slíkar fjárhæðir til uppbyggingar eigin aðstöðu. Þetta hefur verið kleift vegna einstaks samstarfs Reykjavíkurborgar, Knattspyrnufélagsins Vals og hlutafélagsins Valsmanna hf, sem rúmlega 400 Valsmenn stofnuðu þann 1. desember 1999. Sköpuð hafa verið mikil verðmæti úr byggingarétti fyrir atvinnu- og íbúðarhúsnæði á Hlíðarendareit, sem



*Aldnir og stoltir heiðursfélagar Vals á vígsludaginn 25. ágúst 2007. Sigurður Ólafsson, Jóhannes Bergsteinsson og Þórður Þorkelsson.*

Aðalstjórn Vals 2007. Efri röð frá vinstri: Karl Axelsson, Gunnar Zoëga formaður körfuknattleiksdeilda, Hörður Gunnarsson, Hans Herbertsson og Árni Magnússon. Nedri röð frá vinstri: Börkur Edvardsson formaður knattspyrnudeilda, Grímur Sæmundsen formaður, Elín Konráðsdóttir og Dagur Sigurðsson framkvæmdastjóri. Á myndina vantar Stefán Karlsson, formann handknattleiksdeilda.







*Grímur Sæmundsen formaður Vals tekur við lyklum að nýjum mannvirkjum á vígsludaginn 25. ágúst af Pétur Stefánssyni formanni bygginganefndar.*



*Helgi Sigurðsson besti leikmaður meistaraflokks karla í knattspyrnu hjá Val 2007 og besti leikmaður Landsbankadeildar karla 2007 með Íslandsmeistarabikarinn frammi fyrir kröftugum stuðningsmönnum eftir æsilega lokaumferð.*

hafa verið nýtt til uppbyggingar þeirra íþróttamannvirkja sem félagið nýtur nú.

Eitt af síðustu embættisverkum Vilhjálms P. Vilhjálmssonar, borgarstjóra, nú í haust var að skrifa undir nýtt þríhliða samkomulag Vals, Valsmanna hf og Reykjavíkurborgar um aukinn byggingarrétt á Hlíðarendareit, en andvirði hans nýtist til enn frekari uppbyggingar á félagssvæði Vals.

Því að við Valsmenn erum alls ekki hættilir. Nú er í undirbúningi bygging

knattúss og annarrar stúku fyrir keppnisleikvanginn, sem mun taka 1800 manns í sæti en hún verður tengd knattúsinu með sama hætti og nýja stúkan er tengd íþróttahúsinu. Þegar þessu verður lokið verður til leikvangur með sæti fyrir rúmlega 3000 manns. Sannkölluð Valsgröfja. Undir knattúsinu verður bílastæðakjallari með yfir 300 bílastæðum. Þá verður byggður óupphitaður gervigrasvöllur á mörkum lóðar okkar og Landsspítala. Hann verður tekinn í notkun haustið 2008 en knattúsið haustið 2009.

### Hefðbundið starf

Frammistaða afreksflokka okkar var slík á árinu að það fer í bækurnar sem eitt mesta og glæsilegasta sigurár félagsins frá upphafi. Meistaraflokkur karla í handknattleik varð Íslandsmeistari sl. vor og meistaraflokkur karla og kvenna í knattspyrnu urðu báðir Íslandsmeistarar nú í haust. Það er sannarlega búið að vera ánægjulegt að vera Valsmaður á því ári sem nú er að líða. Má segja að sigurganga utan vallar sem innan hafi verið nær samfelld.

Að venju var íþróttamaður Vals valinn á gamlársdag. Margrét Lára Viðarsdóttir framherji í meistaraflökki kvenna í knattspyrnu fékk heiðurstítilinn „Íþróttamaður Vals árið 2006“ en hún átti stórglæsilegt tímabil með Valsliðinu sem varð Íslandsmeistari í fyrra eins og í ár.

Aðalstjórn Vals gerði á síðasta ári víðtækan samning við Frjálsa fjárfestingabankann um auglýsingar Frjálsa á öllum keppnisbúningum allra kappliða félagsins. Er Frjálsi nú einn aðalstyrktaraðila félagsins.

Aðalstjórn félagsins gerði einnig sl. vetur samning við símafyrirtækið Vodafone um að mannvirki félagsins að Hlíðarenda myndu bera nafn fyrirtækisins – Vodafonehöllin og Vodafonevöllurinn að Hlíðarenda. Þetta er gert að erlendri fyrirmynd. Báðir þessir tímamótasamningar færa Val verulegar tekjur til rekstrar. Þetta var eingöngu kleift vegna glæsilegrar uppbyggingar að Hlíðarenda annars vegar og hins vegar vegna þeirrar sterku afreksímyndar sem Knattspyrnufélagið Valur var áður þekkt fyrir og hefur nú endurheimt svo um munar.

Er við hæfi að nota það tækifæri sem hér gefst til að þakka forráðamönnum þessara tveggja fyrirtækja fyrir framsýni og gott samstarf sem vonandi á eftir að reynast öllum heilladrjúgt.



*Sverrir Traustason hinn stungi húsvörður í Valsheimilinu stígur á fyrstu þökuna sem lögð var á nýjan keppnisvöll félagsins sumarið 2007.*



*Valsfáninn blaktir við hún hjá ungum og efni- legum iðkendum og stefnt er að mikilli fjölgun iðkenda hjá félaginu.*





*Grímur Sæmundsen og Hörður Gunnarsson leggja blómsveig við minnismerkið um sr. Friðrik Friðriksson á afmælisdag félagsins 11. maí í blíðskaparveðri.*

Sumarbúðir í borg gengu mjög vel miðað við mjög erfiðar aðstæður vegna framkvæmda að Hlíðarenda.

Herrakvöld Vals var á sínum stað fyrsta föstudag í nóvember. Þorgrímur Þráinsson var veislustjóri og Sveinbjörn Baldvinsson var ræðumaður kvöldsins. Kvöldið var geysivel sótt enda sigurár að renna sitt skeið og menn í hátíðarskapi. Um 330 gestir sóttu herrakvöldið sem fór nú í fyrsta sinn fram í nýjum veislusal félagsins.

Valsblaðið kemur nú í fimmta sinn út undir stjórn ritstjórans Guðna Olgeirssonar. Guðni hefur staðið sig með eindæmum vel og vonandi njótum við Valsmenn starfskrafta hans sem lengst. Blaðið er gríðarlega efnismikið og glæsilegt enda viðburða- og árangursríkt starfsár að baki. Stjórn Vals hefur ákveðið að láta prenta Valsblaðið í 9.000 eintökum eins og í fyrra og dreifa því í öll hús í starfshverfi félagsins.

## Lokaorð

Við Valsmenn lítum stoltir til baka í lok eins mesta sigurárs í sögu félagsins. Við lítum einnig björtum augum til næsta árs og framtíðarinnar. Áfanga í glæsilegri mannvirkjauppbyggingu er lokið og nýr áfangi er framundan og það er gróska í félagsstarfinu.

Eins og fram kemur í þessari skýrslu, er ótrúlega mikill fjöldi hæfra einstaklinga, sem eiga það sameiginlegt að vera Valsmenn. Þessir einstaklingar eru margir hverjir að leggja á sig mikið og óeigingjarnt starf fyrir félagið og það skal þakkað.

Knattspyrnufélagið Valur á mikla hefð sem eitt mesta afreksfélag Íslands í knattgreinum. Þessi hefð hefur skilað félaginu



*Góðir vinir fadmast. Grímur Sæmundsen formaður færir Sigurði Lárusi Hólmi viðurkenningu fyrir frábær störf fyrir Val vegna margra ára starfs við uppbyggingu að Hlíðarenda.*



*Íslandsmeistaratitli í meistaraflokki kvenna í knattspyrnu fagnað annað árið í röð með viðeigandi hætti.*

ótrúlegum árangri en hana verður að halda áfram að rækta og byggja enn frekar ofan á þann grunn sem nú hefur verið lagður. Við Valsmenn verðum að horfa hátt og setja okkur enn metnaðarfullri markmið en þau sem við höfum þegar náð.

Allir Valsmenn eru hvattir til að leggja félaginu áfram allt það lið sem þeir mega.

Gleðileg jól með þökkum fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

*Grímur Sæmundsen formaður*



*Markús Máni Michalesson besti leikmaður meistaraflokks karla í handbolta hjá Val tímabilið 2006-2007 og besti leikmaður Íslandsmeistarabikarinnar í handbolta lyftir Íslandsmeistarabikarinnar með félagum sínum eftir ævispennandi lokabaráttu.*





## Margrét Lára Viðarsdóttir er Íþróttamaður Vals 2006

Það er árviss viðburður hjá Val að útnefna íþróttamann ársins í hófi að Hlíðarenda á gamlársmorgun. Íþróttamaður Vals er valinn af formönnum deilda, formanni félagsins og Halldóri Einarssyni (Henson) sem er gefandi verðlaunagripanna. Árið 2006 var valinn í 15. sinn íþróttamaður Vals. Þessi athöfn fór fram í nýju íþróttahúsi Vals að Hlíðarenda að viðstöddu fjölmenni.

Margrét Lára Viðarsdóttir var krýnd sæmdarheitinu Íþróttamaður Vals 2006. Margrét Lára er tvítug og gekk til liðs við Valsmenn fyrir keppnistímabilið 2005. Hún er alin upp í Vestmannaeyjum og steig sín fyrstu spor sem leikmaður í úrvalsdeild í liði ÍBV þrátt fyrir ungan aldur. Afrekalisti Margrétar Láru frá sumrinu 2006 er einstaklega glæsilegur. Hún var lykilmaður í frábæru liði Vals sem vann tvöfalt bæði úrvalsdeildina og bikarinn. Hún varð markahæst í úrvalsdeildinni og setti nýtt markamet – 35 mörk. Hún skoraði 4 mörk í úrslitaleik bikarsins gegn Breiðablik.

Hún skoraði 8 mörk í 8 landsleikjum árið 2006 og náði því marki að leika sinn 25. landsleik aðeins tvítug að aldri. Hún var kosin knattspyrnukona ársins í lok leiktíðar af leikmönnum úrvalsdeilda og einnig af KSÍ og ÍSÍ. Hún varð í 5. sæti í kjöri til Íþróttamanns ársins 2006. Sannarlega frábær íþróttamaður þar á ferð vel að þessu sæmdarheiti kominn og einnig er hún góð fyrirmynd allrar íþróttæsku landsins innan vallar sem utan. Katrín Jónsdóttir, fyrirlíði meistaraflokks kvenna í knattspyrnu tók við viðurkenningunni fyrir hönd Margrétar Láru þar sem hún var stödd erlendis í jólahefni með fjölskyldu sinni.

Grímur Sæmundsen formaður Vals hélt ávarp við þetta tækifæri og sagði m.a.:

„Það er gaman að geta þess að Margrét Lára er dóttir Viðars Elíassonar, fyrrum knattspyrnukappa í liði Eyjamanna og forystumanns í knattspyrnumálum í Vestmannaeyjum en við Viðar elduðum grátt silfur á knattspyrnuevlinum á árum áður.“

*Margrét Lára Viðarsdóttir Íþróttamaður Vals 2006 með Maríu Lind Gylfadóttur (dóttur Betu), Elísabet Gunnarsdóttir þjálfari meistaraflokks kvenna og stolt móðir og Harpa Antonsdóttir.*

Það hefur alltaf verið svo að annað slagið koma fram á sjónarsviðið afburða hæfileikaríkir einstaklingar í íþróttahæmi okkar Íslendinga. Það hefur verið öllum ljóst, sem fylgst hafa með íslenskri kvinnaknattspyrnu að Margrét Lára er slíkur einstaklingur. Segja má að Margrét Lára hafi sprungið út sem leikmaður sl. sumar og sýnt það og sannað að hún er ekki aðeins með hæfileika, hún kann einnig að nýta þá. Við Valsmenn getum verið hreyknir af því að slíkur gæðaleikmaður hafi valið Val til að þroska hæfileika sína og það sem meira er að sjá þann einstakling springa út. Þar er hlutur Elísabetar Gunnarsdóttur okkar frábæra þjálfara meistaraflokks kvenna ekki lítill. Við óskum Margrétu Láru til hamingju með kjörið.“

### Íþróttamaður Vals – síðustu árin

<b>2007</b>	???
<b>2006</b>	Margrét Lára Viðarsdóttir, knattspyrna
<b>2005</b>	Bjarni Ólafur Eiríksson, knattspyrna
<b>2004</b>	Berglind Íris Hansdóttir, handknattleikur
<b>2003</b>	Íris Andrésdóttir, knattspyrna
<b>2002</b>	Sigurbjörn Hreiðarsson, knattspyrna
<b>2001</b>	Rósa Júlía Steinþórsdóttir, knattspyrna
<b>2000</b>	Kristinn Lárusson, knattspyrna
<b>1999</b>	Ásgerður Hildur Ingibergsdóttir, knattspyrna
<b>1998</b>	Guðmundur Hrafnkelsson, handknattleikur
<b>1997</b>	Ragnar Þór Jónsson, körfuknattleikur
<b>1996</b>	Jón Kristjánsson, handknattleikur



*Lífsorka með nýtingu  
náttúruaflanna*

**BLUE LAGOON**  
**ICELAND**

# Framtíðarsýn formannsins!

## Grímur Sæmundsen formaður Vals veitir Valsmönnum sýn á Hlíðarenda framtíðarinnar



„Mín framtíðarsýn er sú, að Knattspyrnufélagið Valur verði besta afreksfélag landsins í knattspyrnu, handknattleik og körfuknattleik í karla- og kvennaflokkum. Í þessum íþróttagreinum liggja okkar rætur og við ætlum að verða leiðandi á þessum vettvangi. Sú uppbygging sem hefur átt sér stað að Hlíðarenda síðustu ár og mun halda áfram styður þessa framtíðarsýn.

Gagnvart foreldrum og iðkendum vil ég sjá að Knattspyrnufélagið Valur verði afburðaðþjónustufyrirtæki á sviði knattspyrnu, handknattleiks og körfuknattleiks fyrir alla borgarbúa.

Við gerum okkur grein fyrir forvarnargildi íþróttta, eins og Þórólfur Þórlindsson prófessor og núverandi forstjóri Lýðheilsustöðvar benti á fyrir 20 árum. Krakkar sem stunda íþróttir ná betri námsárangri og leiðast síður út í neyslu áfengis og fíkniefna. Valur mun hafa það að markmiði að taka þátt í því með foreldrum að móta heilbrigð ungmenni sem hafa sjálfstraust til að láta gott af sér leiða innan vallar sem utan og vera góðar fyrirmyndir.“

Grímur segir að það sé mjög mikilvægt að innan raða Vals séu ávallt starfandi vel menntaðir og hæfir þjálfarar sem kunna að innræta þær hugsjónir sem eiga að vera hafðar að leiðarljósi að Hlíðarenda. „Öll samskipti iðkenda og foreldra við félagið eru einnig mjög mikilvæg. Netíð mun gegna lykilhlutverki í upplýsingagjöf í framtíðinni og foreldrar og iðkendur eiga að geta leitað allra upplýsinga sem þeir þurfa á heimasíðu Vals.

Segja má að mín framtíðarsýn fyrir Val endurspeglar í þeim tillögum sem liggja fyrir eftir þá stefnumótunvinnu sem ráðgjafarfyrirtækið Capacent aðstoðaði okk-

ur við og hefur verið kynnt innan félagsins. Margir Valsmenn komu að þessari vinnu og ég er sérlega ánægður með niðurstöðurnar.

Við erum með hæfan framkvæmdastjóra, Dag Sigurðsson til að hrinda þessum tillögum í framkvæmd. Dagur býr yfir leiðtogaþæfileikum, hefur brennandi áhuga á íþróttum, þekkir leikmannamál og kann að vinna með fólki. Ekki spillir fyrir að hann er með eldrautt Valsblóð í æðum. Hann hefur byggt upp gott teymi starfsmanna, sem allir vinna fyrir Val af eldmóði.

### Hvenær verður hafist handa við knattúsið?

„Núna er verið að vinna að kostnaðaráætlun og rekstaraáætlun knattúss auk stúkubyggingar fyrir 1800 áhorfendur fyrir keppnisvöllinn. Til viðbótar hefur verið ákveðið að setja bílakjallara undir húsið sem mun rúma 300 bíla. Hann mun nýtast Val og atvinnuhúsnæðinu á lóð Valsmanna hf, sem mun rísa við Flugvallarveg. Framkvæmdir við knattúsið hefjast í lok næsta sumars og er við það miðað að stúkan verði tilbúin til notkunar fyrir keppnistímabilið 2009 og knattúsið tilbúið til notkunar haustið 2009.

Samkvæmt samkomulagi við Reykjavíkurborg eigum við eftir að fá einn æfingavöll fyrir knattspyrnu að Hlíðarenda á ytri mörkum lóðar okkar næst Tanngarði. Ákveðið hefur verið að það verði gervigrasvöllur. Reynsla af gervigrasvöllum í Reykjavík er sú að upphitun er lítið notuð vegna hlýnandi veðurfars og aukinheldur verulega kostnaðarsöm í rekstri. Því hefur verið ákveðið að þessi

gervigrasvöllur verði óupphitaður. Þessi ákvörðun mun gera þennan völlum miklu ódýrari en ella og flýta mjög framkvæmd hans þannig að við það er miðað að hann verði tilbúinn til notkunar fyrir haustið 2008. Það er mjög mikilvægt að samhæfa framkvæmdir við knattúsið og þennan nýja gervigrasvöll vegna þess að framkvæmdir við knattúsið munu leggja gamla keppnisvöllinn undir sig. Þessi völlum mun bæta úr brýnni þörf knattspyrnufólks okkar vegna haust- og vetraræfinga en þeirri þörf verður þó ekki að fullu mætt fyrir en knattúsið verður tekið í notkun.

Þegar knattúsið verður risið haustið 2009 verður aðstoða hjá okkur til iðkunar knattspyrnu, körfuknattleiks og handknattleiks með því besta sem gerist á landinu og þó víðar væri leitað.

Eins og flestir vita var Grímur fyrirlíði meistaraflokks Vals í knattspyrnu síðustu ár ferilsins og hampaði Íslandsmeistaratitlinum árið 1985. Hann lék rúmlega 300 meistaraflokksleiki fyrir Val og var jafnan í mjög sigursælu liði og vann fjóra Íslandsmeistaratitla, þrjá bikarmeistaratitla og tók þátt í fjölmörgum leikjum með Val í Evrópukeppni á árunum 1974 til 1985. Hvaða augnablik ætli skjóti oftast upp kollinum þegar hugurinn hvarflar til baka yfir ferilinn.

„Ef það er eitt atvik eða viðburður er það leikurinn gegn KR að Hlíðarenda árið 1985 þegar við tryggðum okkur Íslandsmeistaratitilinn með marki með Gumma Þorbjörns. Allt í kringum þann leik og að hampa titlinum að Hlíðarenda sem fyrirlíði var sérlega eftirminnlegt. Stórkostleg hughrif.“



# Þögul snilld



Meginmarkmið AEG er að skapa kyrrð og ró á heimilinu.  
Í krafti þess færur við þér eldhús sem eru bæði falleg og friðsæl.

**AEG**  
FULLKOMIN LÖGUN & LEIKNI

**ORMSSON**





# Tvöfaldir Íslandsmeistarar

## Í meistaraflokki og öflugir yngri flokkar á heimleið á ný

### Ársskýrsla knattspyrnudeildar 2007

#### Stjórn knattspyrnudeildar Vals starfs- árið 2007:

E.Börkur Edvardsson *formaður*  
Jón Grétar Jónsson *varaformaður*  
Jón Höskuldsson *formaður unglingaráðs*  
Þórður Jensson *formaður kvennaráðs*  
Kjartan G. Gunnarsson *meðstjórnandi*  
Hermann Jónasson *meðstjórnandi*  
Guðjón Ólafur Jónsson *meðstjórnandi*  
Björn Guðbjörnsson *meðstjórnandi*  
Árni Þór Vigfússon *meðstjórnandi*  
Engilbert Runólfsson *meðstjórnandi*  
Heimir Jónasson *meðstjórnandi*

#### Ágrip af starfi unglingaráðs knattspyrnudeildar Vals 2006–2007

##### Þjálfarar

Á liðnu starfsári störfuðu 16 þjálfarar við 11 flokka yngri iðkenda, bæði aðalþjálfarar og aðstoðarþjálfarar. Nokkur breyting varð á skipan þjálfara í upphafi starfsársins og einnig á því miðju. Slíkar breytingar eru óæskilegar fyrir starfið í flokkunum, en mjög erfitt er eða útilokað að

koma í veg fyrir þær. Við ráðningu þjálfara hjá félaginu hefur sem fyrr verið lögð áhersla á að fá vel menntaða og reynda þjálfara til starfa og hefur félagið nú á að skipa mjög öflugum og fjölmennum hópi þjálfara. Eftirtaldir önnuðust þjálfun yngri flokka félagsins á starfsárinu:

Magni Fannberg tók við 3. fl. karla um haustið ásamt starfi yfirþjálfara yngri flokka drengja. Þorsteinn Mar Gunnlaugsson þjálfaði 4. flokk, en hætti á starfsárinu og þá tók Þórhallur Siggeirsson við. Við 5. flokki tók Elvar Már Svansson sem m.a. hafði verið aðstoðarþjálfari við 4. flokk karla. Agnar Kristinnson þjálfaði 6. og 7. flokka drengja. Sú breyting varð þegar Þórhallur Siggeirsson kom til starfa hjá félaginu að hann tók við þjálfun 7. fl. af Agnari en Agnar tók þá við 5. fl. og annaðist þjálfun hans með Elvari Má Svanssyni. 8. flokkur, sem stofnaður var 2005 var sem fyrr blandaður báðum kynjum og þjálfaði Raket Logadóttir þann flokk. Birkir Már Sævarsson var aðstoðarmaður Þórhalls Siggeirssonar

í 7. fl. drengja og þeir Edward Óttarsson og Magnús Hauksson voru aðstoðarmenn Agnars Kristinnsonar.

Björn Sigurbjörnsson þjálfaði 3. og 5. flokk kvenna. Aðstoðarþjálfarar hans á starfsárinu voru þær Margrét Magnúsdóttir, Andrea Ýr Gústavsdóttir og Guðlaug Rut Þórsdóttir. Þjálfari 4. flokks kvenna var sem fyrr Freyr Alexandersson og aðstoðarþjálfari hans á starfsárinu var Lea Sif Valsdóttir, en hún var sjálf aðalþjálfari 6. flokks. Aðstoðarþjálfari í 6. flokki stúlkna á starfsárinu var Kristín Jónsdóttir. Raket Logadóttir þjálfaði 7. flokk stúlkna með aðstoð Ásu Aðalsteinsdóttur.

Björn Sigurbjörnsson og Freyr Alexandersson hættu þjálfun yngri flokka hjá félaginu í haust. Tók Freyr að sér að vera aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna. Þá lét Magni Fannberg af starfi þjálfara 3. fl. drengja og það gerði einnig Þorsteinn Mar Gunnlaugsson sem þjálfaði 4. flokk og Elvar Már Svansson sem þjálfaði 5. fl. drengja. Unglingaráð þakkar



Þessum þjálfurum fyrir samstarfið á liðnu starfsári og óskar öllum núverandi þjálfurum velfarnaðar í krefjandi starfi þeirra.

### Yfirþjálfarar

Á liðnu starfsári störfuðu tveir yfirþjálfarar fyrir yngri flokka félagsins. Störf yfirþjálfara eru til þess fallin að styrkja aðalþjálfara í störfum og veita þeim aðhald. Miklu skiptir að þjálfarar yngri flokka hafi aðgang að traustum bakhjarli vegna vinnu sinnar og skiptir þá engu hve mikil reynsla hvers þjálfara er. Yfirþjálfarar hafa bundið saman þjálfarateymi yngri flokka og tryggt að þar vinni allir sem einn maður. Starfi yfirþjálfara kvennaflokka á starfsárinu gegndi Elísabet Gunnarsdóttir þjálfari meistaraflokks kvenna og sama starfi karlaflokka gegndi Magni Fannberg sem var þjálfari 3. fl. karla eins og fram er komið.

### Knattspyrnskóli

Knattspyrnskóli VALS var rekinn með svipuðu fyrirkomulagi og á fyrri árum. Í skólanum gefst stelpum og strákuðum tækifæri á að kynna knattspyrnu á jákvæðan og skemmtilegan hátt undir handleiðslu góðra þjálfara. Starf skólans hófst 11. júní og stóð í um 8 vikur í sumar og voru öll námskeið skólans vel sótt. Leiðbeinendur í sumar voru þeir Björn Sigurbjörnsson þjálfari 3. og 5. fl. kvenna

og Birkir Már Sævarsson aðstoðarþjálfari 7. fl. drengja og leikmaður meistaraflokks Vals og landsliðsins.

### Útgáfa kynningarbæklingis

Unglingaráð gaf út á starfsárinu veglegan kynningarbækling um sumarstarf yngri flokka félagsins. Þar er að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar um félagið, þjálfara, unglingaráð, foreldraráð, reglur um dómaraströf, mót, knattspyrnskóla, afreksþóp Vals, æfingagjöld, fjáraflanir, æfingaferðir erlendis, Stuðningsmannakeppni Landsbankans og leikdaga meistaraflokks karla og kvenna, svo eitt hvað sé nefnt. Var bæklingurinn, sem er 24 blaðsíður og skreyttur fjölda litmynda af iðkendum, gefinn út í 9000 eintökum og dreift í öll hús og skóla í Valshverfinu. Útgáfu þessa styrktu eftirtaldir með auglýsingum: Landsbankinn, Ormsson, Pumabúðin og Tryggingamiðstöðin.

### Uppskeruhátíð yngri flokka Vals

Árleg uppskeruhátíð var haldin laugardaginn 22. september 2007 að viðstöddum miklum fjölda iðkenda, foreldra og forráðamanna og gesta. Var hátíðin haldin í glæsilegri Vodafonehöll að Hlíðarenda eftir að hafa verið á hrakhólum að undanfögnu vegna aðstöðuleysis.

Hefðbundnar viðurkenningar voru veittar á hátíðinni og gerðu þjálfarar þar grein fyrir gengi flokka með stuttri ræðu. Að lokinni afhendingu viðurkenninga bauð knattspyrnudeild Vals upp á veitingar með aðstoð iðkenda og foreldra sem mæta með kökur og brauðmeti til fagnaðarins á sameiginlegt veisluborð samkvæmt áralangri hefð.

Allir iðkendur yngri flokka Vals fá verðlaunapening með merki félagsins og ártali. Að auki fá iðkendur í 4.–7. flokki drengja og stúlkna viðurkenninguna „Liðsmaður flokksins“. Við veitingu verðlauna er tekið mið af stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um barna- og unglingsþróttir og Knattspyrnu- og uppeldisstefnu Vals. Viðurkenninguna „Liðsmaður flokksins“ hlýtur sá einstaklingur sem að mati þjálfara hefur verið öðrum iðkendum flokksins til fyrirmyndar, haft jákvæð og hvetjandi áhrif á félagi sína og sýnt þróðmennsku gagnvart samherjum sínum og þjálfara, innan vallar og utan.

Landsbankinn styrkti uppskeruhátíðina með fjárframlagi sem nýtt var til kaupa á verðlaunagripum. Tengiliður bankans við unglingaráð hefur verið Áslaug Birgisdóttir starfsmaður í markaðsdeild. Styrkur bankans var veittur á grundvelli sérstaks samstarfssamnings félagsins og bankans. Reynslan af samstarfi félagsins við Landsbankann hefur yfirleitt ver-





Baldur bongó Rafnsson og Guðni Olgeirsson ritstjóri Valsblaðsins.

ið góð og er verðmæt fyrir allt unglingsastarf á vegum félagsins. Eins og áður hefur verið erfitt að uppfylla kröfur bankans um virkni á reikningum iðkenda og því hafa færri krónur skilað sér til starfsins en á upphafsárunum.

Uppskeruhátíðinni var slitið með fjöldasöng viðstaddra undir sterkum for sögn Halldórs Einarssonar, Henson, sem var sérstaklega mættur á hátíðina til að leiða þar lokaathöfnina sem var fjöldasöngur og að sjálf sögu hið eina sanna Valslag, *Valsmenn léttir í lund*, sem glumdi um hina glæsilegu Vodafonehöll.

### Friðriksbikar, Lollabikar og dómara-verðlaun

Á uppskeruhátíð yngri flokka Vals 2007 var *Friðriksbikarinn* veittur í fjórða sinn. Gerð hefur áður verið grein fyrir tilurð þessarar verðlaunaveitingar. Gefandi Friðriksbikarsins er Kaupþing banki við Hlemm. Viðurkenningin er að sjálf sögðu kennd við Sr. Friðrik Friðriksson og hana veitti í ár Þorsteinn Ólafsson útíbússtjóri bankans sem vann að því með unglingsaráði að koma á þessari árlegu viðurkenningu. Við þetta tækifæri veitti Þorsteinn Ólafsson unglingsaráði styrk að upphæð 100 þúsund krónur sem varið skyldi til unglingsstarfs og sagði Þorsteinn gjöfina táknræna fyrir samstarf bankans og yngri flokka Vals á undanförunum árum. Það samstarf hefur verið mjög mikilvægt fyrir félagið. Friðriksbikarar Kaupþings eru

veglegur farandbikar og annar eignabikar sem veittir eru árlega til eins iðkanda í 3. flokki karla og eins iðkanda í 3. flokki kvenna, sem þykja skara fram úr í félagsþroska innan vallar sem utan. Í ár hlutu viðurkenninguna þau Guðlaug Rut Þórsdóttir og Magnús Örn Þórsson. Unglingaráð færir Þorsteini Ólafsson og Kaupþing banka sérstakar þakkir við aðkomuna að þessum verðlaunum og fyrir styrkveitinguna í ár.

Á liðnu starfsári hlaut Katrín Gylfadóttir *Lollabikarinn* svonefnda sem er veittur árlega á hátíðinni og kenndur er við Ellert heitinn Sölvason, eða Lolla í Val. Katrín er leikmaður 4. fl. kvenna.

Viðurkenninguna *dómari ársins 2007* hlaut Rúnar Sigurðsson.

### Þátttaka í mótum

Valur tók þátt að venju í öllum hefðbundnum mótum á vegum KSÍ og KRR auk ýmissa annarra helgarmóta sem haldin voru á starfsárinu vítt og breitt um landið. Árangur í flestum flokkum var góður og oft framúrskarandi. Á Reykjavíkurmótunum í vor náði félagið áður óþekktum árangri heilt yfir til margra ára, þar sem 3. og 6. flokkur karla urðu Reykjavíkormeistarar, og 3., 4., 5. og 6. flokkur kvenna urðu Reykjavíkormeistarar. Sannarlega góður vitnisburður því starfi sem unnið er á vegum félagsins.

### Drengjaflokkar

Árangur 3. flokks karla á Íslandsmótinu

varð því miður ekki eins og vænst var og strákarnir náðu ekki að komast í A-deild á ný, eins og stefnt var að. Flokkurinn náði hins vegar frábærum árangri í bikarkeppninni og lék þar til undanúrslita. Nokkur stúgandi var í árangri 4. fl. karla á Íslandsmótinu en það verður að segjast eins og er að árangur varð ekki eins og vænst var hjá flokknum, þrátt fyrir öflugt starf og vel skipulagt foreldrastarf. Þessi flokkur aðstoðaði á heimaleikjum meistaraflokks karla og eru strákunum færðar bestu þakkir fyrir skemmtilega samvinnu við framkvæmd heimaleikjanna. 5. flokkur drengja var ekki eins fámennur og undanfarin tvö ár og varð árangur hans þökkalegur á Íslandsmótinu. Nokkur stúgandi var í starfi flokksins og árangri. Mikil og áberandi framför varð hjá iðkendum í 6. flokki undir stjórn Agnars Kristinssonar. Strákunum gekk mjög vel á Shellmótinu í Eyjum og einnig á Íslandsmótinu, en þar endaði A-liðið í 3. sæti á mótinu og var hársbreidd frá því að leika til úrslita um titilinn. C-liðið 6. flokks endaði í 2. sæti á Íslandsmótinu. Rómað var hversu foreldrastarf í þessum flokki var öflugt. Þá varð einnig mikil framför iðkenda í 7. flokki sem var fjölmennur eins og 6. flokkur. Báðir flokkar hafa talið um og yfir 50 iðkendum hvor um sig. Takist félaginu að lágmarka og koma í veg fyrir óeðlilegt brottfall í 3.–5. fl. drengja er ljóst að framtíðin er björt á Hlíðarenda.

### Stúlknaflokkar

Hvað varðar stúlknaflokka félagsins má í heildina segja að þar hafi uppskeran verið betri en hjá drengjaflokkunum enn eitt árið og stóðu flest allir flokkar undir væntingum og vel það. Að öllum öðrum flokkum ólöstuðum er árangur 6. fl. kvenna þó sá besti sem um getur á starfs-





**Íslandsmeistarar – meistaraflokkur karla í knattspyrnu 2007.** Efsta röð frá vinstri: Bragi Guðbrandur Bragason, Daníel Hjaltason, Pálmi Rafn Pálmason, Barry Smith, Gunnar Einarsson, Birkir Már Sævarsson, Atli Sveinn Þórarinnsson, Kristinn Hafliðason, Óttar Rögnvaldur Edvardsson yfirmaður afrekssviðs. Miðröð frá vinstri: Edvard Börkur Edvardsson formaður knattspyrnudeildar, Þór Hinriksson aðstoðarþjálfari, Willum Þór Þórssón hjálfari, Baldur Þórólfsson, Helgi Sigurðsson, Kristinn Geir Guðmundsson, Einar Marteinsson, Bjarni Ólafur Eiríksson, Friðrik Ellert Jónsson sjúkraþjálfari, Halldór Eypórsson liðsstjóri, Jón Grétar Jónsson, stjórn knattspyrnudeildar. Neðsta röð frá vinstri: Björgvin Björgvinsson stuðningsmaður, Baldur Bett, Rene Carlssen, Hafþór Ægir Vilhjálmsson, Sigurður Sigurðsson, Sigurbjörn Hreiðarsson fyrirlíði, Kjartan Sturluson, Baldur Ingimar Aðalsteinsson, Örn Kató Hauksson, Guðmundur Benediktsson. Á myndina vantar Dennis Bo Mortensen. Ljós. Guðni Karl.

árinu, en flokkurinn sigursæli, undir stjórn Leu Sifjar Valsdóttur og Kristínar Jónsdóttur, þjálfara, varð Reykjavík-urmeistari og Íslandsmeistari B og C-liða og vann að auki til verðlauna á öllum öðrum mótum sem flokkurinn tók þátt í á tímabilinu, t.d. Síamótinu og Pæjumótinu á Siglufirði. Árangur 4. flokks kvenna, undir stjórn Freys Alexanderssonar og Leu Sifjar Valsdóttur var einnig frábær en stelpurnar unnu t.d. Síamótið, Rey Cup og komust í undanúrslit á Íslandsmótinu en töpuðu þar á dramatískan hátt fyrir öflugliði ÍA. Þessi flokkur aðstoðaði á heimaleikjum meistaraflokks karla og er þakkað fyrir gott starf. Þá varð árangur 3. og 5. flokka, mjög góður og oftast en ekki voru þessir flokkar í verðlaunasætum. Þriðji flokkur lék t.d. til undanúrslita á Íslandsmótinu. 5. flokkur keppti til úrslita á Íslandsmótinu og atti kappi við Þór frá Akureyri en beið nauman ósigur, þar sem A lið Þórs vann mjög naumlega en B lið Vals vann örugglega. Ljóst er að krafturinn og árangur kvennaflokka félagsins er slíkur að langan tíma tæki að telja upp verðlaun í skýrslu sem þessari. Bent er sérstaklega á fréttir af starfi og gengi yngri flokka á valur.is, en unglíngaráð hefur ávallt lagt mikið upp úr því að fluttar séu fréttir af starfi flokkanna á heimasíðu félagsins.

### Bætt aðstaða og starfsfólk að Hlíðar-enda

Þann 25. ágúst 2007 voru vígð ný og glæsileg mannvirki á Hlíðar-enda og er ekki neinn vafi á því að bætt aðstaða mun gerbylta allri aðstöðu félagsins. Þá getur sú aðstaða sem tekin hefur verið í notkun aukið fjölda iðkenda í yngri flokkunum. Að því þarf markvisst að stefna, félaginu til heilla og aukins árangurs.

Unglingaráð naut á tímabilinu aðstoðar Péturs Veigars Péturssonar íþróttafulltrúa, Óttars Edvardssonar, framkvæmdastjóra, Braga Bragasonar, fjármálastjóra og Sigríðar Þórarinsdóttur á skrifstofu félagsins og eru þessu fólki færðar bestu þakkir fyrir veitta aðstoð við unglíngaráð, sem og húsvörðum að Hlíðar-enda, þeim Gesti Val Svanssyni og Sverri Traustasyni. Undir lok starfsársins kom nýr framkvæmdastjóri til starfa, Dagur Sigurðsson, svo og nýr yfirmaður alls barna- og unglíngastarfs félagsins, Ragnhildur Skúladóttir. Eru þau Dagur og Ragnhildur boðin velkomin til starfa hjá félaginu.

### Skipan unglíngaráðs

Á liðnu starfsári störfuðu í unglíngaráði, Jón Höskuldsson formaður, Bára Bjarnadóttir, Guðni Olgeirsson, Jónína Ingvadóttir, Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir og Sigurður Tómas Magnússon.

Fyrir liggur að breyting verður á uppbyggingu félagsins eftir stefnumótun með Capacent. Þess er vænst að allar breytingar verði til heilla fyrir félagið og að áfram verði unnið öflugt starf að baki yngri flokkum félagsins, borið uppi af launuðum og ólaunuðum Valsmönnum.

### 2. flokkur kvenna


Theodór Sveinjónsson annaðist áfram þjálfun 2. flokks kvenna síðasta tímabili en hætti þjálfun flokksins nú í haust og eru honum færðar bestu þakkir fyrir gott samstarf.

Flokkurinn lék í A-deild Íslandsmótsins og var árangur liðsins mjög góður en stelpurnar lentu í 2. sæti deildarinnar, nokkrum stigum á eftir Breiðablik. Stelpurnar tóku einnig þátt í Íslandsmótinu í 7 manna bolta og urðu þar örugglega Íslandsmeistarar. Þær urðu í 3. sæti á Íslandsmótinu innanhúss. Í hópnum núna eru margar efnilegar stúlkur sem eiga framtíðina fyrir sér. Í haust voru tvær stúlkur úr hópnum valdar í U17 landsliðshópinn. Einnig hafa tvær stúlkur úr Val verið valdar í U19 landsliðshópinn.

### 2. flokkur karla

Jóhann Gunnarsson þjálfaði 2. flokk á síðasta tímabili en hann hefur áður þjálfað hjá félaginu. Í hópnum eru margir





efnilegir strákar en árangur flokksins var undir væntingum í Íslandsmóttinu, liðið lék í B- deild og tókst ekki að vinna sæti í A-deild að nýju, en voru lengi vel í góðri baráttu um það. Margir úr hópnum eru ungir og verða reynslunni ríkari á næsta tímabili en stefnan er sett á að vinna sæti að nýju í A-deild. Jóhann hefur látið af störfum sem þjálfari og eru honum þökk- uð vel unnin störf. Björn Ingi Victorsson hefur tekið við þjálfun flokksins. Einn strákur í floknum hefur verið valinn í úrtakshóp U19 landsliðsins.

## Meistaraflokkur karla sumaríð 2007

### Leikmannamál

Eftir sterkt tímabil 2006 var tekin sú ákvörðun að efla og styrkja leikmannahóp meistaraflokks karla fyrir tímabilið 2007 og stefnan sett á sjálfan Íslandsmeistaratiðillinn sem þótti vel við hæfi þar sem langt var um liðið síðan hann vannst síðast. Stjórn knattspyrnudeildar ásamt þjálfara unnu ötullega við að styrkja leikmannahópinn og nokkrir mjög sterkir leikmenn fengnir til að ganga til liðs við okkur. Margir leikmenn vildu koma og þá einkum vegna skýrrar framtíðarsýnar, frábærs þjálfarateymis og þeirrar uppbyggingar sem á sér nú stað að Hlíðarenda.

*Komu:* Baldur Bett gekk til liðs við okkur frá FH, Daníel Hjaltason frá Víkingi, Dennis Bo Mortensen frá Køge, Gunnar Einarsson frá KR, Hafþór Ægír Vilhjálmsson frá ÍA, Helgi Sigurðsson

frá Fram, Jóhann Helgason frá Grindavík, René Carlsen frá Randers.

*Fóru:* Jóhann Helgason í Grindavík lán, Andri Ívar Valsson í Fjarðarbyggð lán, Garðar Jóhannsson í Fredrikstad, Valur Fannar Gíslason í Fylki, Torfi Geir Hilmarrsson í Aftureldingu lán, Mattíhas Guðmundsson í FH.

### Þjálfarateymi

Þjálfari liðsins var sem fyrr Willum Þór Þórsson en þetta var þriðja árið hans með liðið og ljóst er að hann hefur skipað sér á bekk með bestu þjálfurum sem þjálfað hafa hjá félaginu og hefur hann sett mark sitt á félagið til framtíðar. Stjórn knattspyrnudeildar og Willum skrifuðu undir framlengingu á samstarfi sem nú gildir til loka tímabils 2009. Aðstoðarþjálfari meistaraflokks í sumar var Þór Hinriks- son, Bjarni Sigurðsson var markmanns- þjálfari liðsins. Friðrik Ellert Jónsson var sjúkrapjálfari, Björn Zoëga læknir og Halldór Eypórsson liðsstjóri.

### Umgjörð

Leikir liðsins fóru fram á Laugardalsvelli í sumar og eru starfsmönnum KSÍ og Laugardalsvallar færðar sérstaka þakkir fyrir ánægjulegt og gott samsarf.

Ljóst var að mikið mæddi á því fólk sem kom nærri undirbúningi leikja og sérstakt álag var á allri umgjörð vegna þeirrar staðreyndar að ekki var leikið á heimavelli vegna framkvæmda. Helga og Edda sáu sem fyrr um veitingar og frábært er að hafa slíkar kraftaverkakonur í félaginu, Orri kom að öllu sem sneri

að skipulagi og uppsetningu heimaleikja sem hann gerði með stakri þryði og honum til aðstoðar var Gulli og Alli sá um vallarkynningu.

### Árangur í mótum

Meistaraflokkur karla tók þátt í kynningarmóti Futsal sem haldið var í desember 2006 og í janúar 2007, var þetta fyrsta Íslandsmótið í Futsal. Okkur mönnum gekk mjög vel og unnu alla sína sex leiki og eru því Íslandsmeistarar í Futsal.

Æfinga- og undirbúningsferð var farið til Tyrklands og þar var æft og leikið við góðar aðstæður í 10 daga. Spilaðir voru leikir við rússensk, tyrknensk og íslensk lið, allir þessir leikir unnust.

Reykjavíkurmótið hófst sem fyrr í janúar og lentum við í öðru sæti í okkar riðli sem þýddi að við náðum ekki í úrslitaleikinn en liðið sýndi fína takta í þessu móti og vann m.a. lið Fram 6-1 og lið Þróttar 5-0. Ljóst var að spennandi tímabil var framundan og liðið feikisterkt.

Lengjubikarinn hófst í mars með leik gegn FH og strax í þeim leik gátu menn getið sér til um að þarna færu tvö af sterkustu liðum landsins. Við enduðum í öðru sæti í okkar riðli og liðið komst í úrslit, þar unnum við Keflavík og síðan lið Víkings. Úrslitaleikurinn var spilaður á Stjörnuvelli þann 1. maí við FH. Um hörkuleik var að ræða sem við töpuðum reyndar 3-2.

Landsbankadeildin hófst hjá okkar mönnum 13. maí og lékum við þá við lið Fram sem hafði verið spáð ágætu gengi. Leiknum lauk 1-1, næst var leikið við





**Íslandsmeistarar – meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu 2007.** Efsta röð frá vinstri: Theódór Sveinjónsson aðstoðarþjálfari, Málfríður Erna Sigurðardóttir, Anna Garðarsdóttir, Pála Marie Einarsdóttir, Dagný Brynjarsdóttir, Linda Rós Þorláksdóttir, Freyr Alexandersson aðstoðarþjálfari. Miðröð frá vinstri: Þórður Jensson formaður kvennaráðs, Ragnheiður Jónsdóttir liðsstjóri, Hallbera Gísladóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir, Raket Logadóttir, Vanja Stefanovic, Telma Einarsdóttir, Ólafur Pétursson markmannsþjálfari, Elísabet Gunnarsdóttir þjálfari, Óttthar Rögnvaldur Edvardsson yfirmaður afrekssviðs. Neðsta röð frá vinstri: Guðný Björk Óðinsdóttir, Sif Atladóttir, Ása Aðalsteinsdóttir, Katrín Jónsdóttir fyrirliði, Guðbjörg Gunnarsdóttir, Andrea Ýr Gúttavsdóttir, Ásta Árnadóttir. Ljós. Guðni Karl.

Fylkismenn og óhætt að segja að danskir dagar hafi verið þann daginn hjá okkar mönnum þar sem René Carlsen og Dennis Bo Mortensen settu sitthvort markað í góðum sigri okkar 1–2. Síðustu tveir leikirnir í mótinu liða seint úr minni okkar Valsmanna en í þeim leikjum réðust úrslit mótsins á eftirminnilegan hátt, lið okkar sigraði ríkjandi Íslandsmeistara FH 2–0 og síðan var leikið við HK þar sem góður sigur vannst 1–0 og titillinn í höfn. Mikil gleði var á Hlíðarenda en efnit var til mikilla hátíðarhalda í tilefni þessa stórkostlega árangurs.

Visa bikarinn hófst í júlí og léku okkar menn við lið KR í Frostaskjólí, óhætt er að segja að sá leikur hafi boðið upp á flest það sem einkennir góða knattspyrnuleiki, en okkar menn sigruðu eftir framlengingu og vítaspyrnukeppni þar sem Kjartan Sturluson sannaði að þar fer einn fremsti markmaður okkar Íslendinga. Næst dróst liðið gegn FH og þar var ekki um minni spennu að ræða en í leiknum við KR. Dramatískar lokamínútur en við fengum á okkur mark á 90.

mínútu sem reyndist vera sigurmarkið og við úr leik í keppinni.

Intertoto keppni félagsliða hófst í júní og drógumst við gegn sterku liði Cork frá Írlandi, lékum við fyrri leikinn heima en sá leikur tapaðist 0–2 og ljóst að við rammann reip var að draga í síðari leiknum sem var á Írlandi viku síðar. Þann leik unnu strákarnir okkar 0–1 og sýndu einn sinn besta leik í sumar og Hafþór Ægir fór mikinn og lagði upp markið sem enginn annar en Helgi Sigurðsson setti.

Árangur liðsins í sumar var góður og þess má geta að liðið hefur sigrað í öllum þeim mótum sem það hefur tekið þátt í á þeim þremur árum sem Willum hefur verið við stjórnvölinn nema Lengjubikarinn (Deilarbikarinn), frábær árangur það.

Á lokahófi KSÍ uppskar Valsliðið vel og besti leikmaður Íslandsmótsins í Landsbankadeild karla 2007 var kosinn Helgi Sigurðsson. Einnig áttum við leikmenn í liði ársins þá Atla Svein Þórarinsson, Barry Smith, Baldur Inga Aðalsteinsson og Helga Sigurðsson. Þjálfari

ársins var okkar maður Willum Þór Þósson. Glæsilegur árangur. Þess má einnig geta að Helgi Sigurðsson og René Carlsen voru kosnir bestu leikmenn ársins af Fréttablaðinu.

Þá voru veitt háttvísisverðlaun KSÍ og Mastercard og voru Valsmenn allsráðandi á þeim bænum. Karlalið Vals fékk háttvísisverðlaunin og Guðmundur Benediktsson fékk háttvísisverðlaun einstaklinga.

Helgi Sigurðsson fékk silfurskóinn en hann varð næst markahæsti leimaðurinn í Landsbankadeildinni 2007.

## Meistaraflokkur kvenna sumarið 2007

### Leikmannamál

Að loknu glæsilegu tímabili 2006 ákváðu Guðrún María Þorbjörnsdóttir og Laufey Jóhannsdóttir að taka sér frí frá knattspyrnuíðkun vegna þráláttra meiðsla. Rut Bjarnadóttir og Sara Sigurlásdóttir reyndu fyrir sér á öðrum vígstöðvum og þess ber einnig að geta að besta knatt-





*Sigursælir fyrirliðar Vals í fótbolta. Sigurbjörn Hreiðarsson, Guðmundur Þorbjörnsson, Þorgrímur Þráinsson og Grímur Sæmundsen.*

spyrnukona landsins og Íþróttamaður Vals árið 2006, Margrét Lára Viðarsdóttir ákvað að halda á vit ævintýra og atvinnu-mennsku og samdi við þýska stórliðið FCR Duisburg. Var því ljóst að Valsliðið hafði orðið fyrir mikilli blóðtöku þar sem helsti markaskorari liðsins var horf-inn á brott.

Ekki var setið auðum höndum því mik- ilvægt var að hópurinn yrði góður, þar sem markíð var sett á Evrópukeppnina. Stelpurnar endurheimtu markaskoraran Nínu Ósk Kristinsdóttur frá Keflavík; Vanja Stefanovic gekk til liðs við okkur frá Breiðablik og Sif Atladóttir kom frá Þrótti. Á miðjum vetri sneri Margrét Lára til baka og var hópurinn þá orðinn sterk- ur með tvær af markahæstu leikmönnum 2006 í framlínunni Að auki bættust við hópinn þær Anna Gardarsdóttir frá HK/ Víkingi, Linda Rós Þorlákssdóttir og Björg Magna Ólafs frá Haukum. Björg Magn- ea ákvað svo á miðju sumri að skipta yfir í Keflavík. Á vormánuðum bættist enn við hópinn þegar Dagný Brynjarsdóttir gekk til liðs við Val frá KFR.

### Þjálfarateymi

Þjálfari liðsins var sem fyrr Elísabet Gunnarsdóttir en þetta var fjórða árið hennar með liðið. Aðstoðarþjálfari meist- araflokks í sumar var Theodór Svein- jónsson sem jafnframt sá um þjálfun 2. flokks félagsins. Ólafur Pétursson var markmannsþjálfari liðsins og sá einnig um markmannsþjálfun hjá yngri flokkum félagsins. Þeim til handar var svo Freyr Alexandersson, þjálfari 4. flokks kvenna.

### Umgjörð

Kvennaráð skipuðu í sumar þau Erla Sigur- bjartsdóttir, Eva Halldórsdóttir, Kjartan Orri Sigurðsson, Kristbjörg Ingibjörnsdóttir, Ragnar Vignir, Rósa Júlía Steinþórsdótt- ir og Þórður Jensson. Heimaleikir liðsins fóru fram á Valbjarnarvelli vegna fram- kvæmda, eins og fyrra ár og mæddi tölu- vert á kvennaráði í sumar. Setja þurfti upp

hljóðkerfi og fleira fyrir hvern leik og á Orri miklar þakkir skilið fyrir að sjá vel um þau mál. Valbjarnarvöllur var í slæmu ástandi í sumar vegna mikils álags og verð- ur því ánægjulegt að geta spilað á glæsileg- um Vodafonevelli á Hlíðarenda í hans stað.

### Árangur í mótum

Tímabilið hófst með þátttöku í Lengju- bikar KSÍ. Liðið spilaði gegn Breiða- blik, KR, Stjörnunni, Keflavík og Fylki og vann alla leikina og fékk aðeins á sig 3 mörk. Stelpurnar léku því til úrslita og var sá leikur gegn KR. Liðið vann leik- inn 2–1 og þar með Lengjubikarinn.

Á vormánuðum tóku stelpurnar einn- ig þátt í Reykjavíkurmóti KRR. Valur lék þar gegn hinum Reykjavíkurlíðunum og unnust sigrar gegn liðum Fjölnis, Fylkis, HK/Víkings, ÍR og Þróttar en liðað tap- adi gegn KR og þurfti því enn á ný að gera sér 2. sætið í Reykjavíkurmótinu að góðu. Í byrjun maí hefndi Valur ófaranna frá fyrra ári í Meistarakeppni KSÍ er lið- ið gjörsigraði Breiðablik, 8–1.

Íslandsmótið hófst síðan með glæsi- brag um miðjan maí og gekk flest allt upp hjá liðinu í byrjun móts. Mótið var að þessu sinni mjög spennandi vegna mikillar samkeppni úr Vesturbænum. Stelpurnar spiluðu 16 leiki í Landsbanka- deildinni, þar sem fjölgað var í deildinni frá fyrra ári og einu stigin sem töpuðust voru í jafnteflisleik gegn KR. Í næst síð- ustu umferðinni mættust liðin í hrein- um úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn. Valur lagði þar KR að velli á útivelli og var því nánast formsatriði að klára loka- leikinn. Liðið lauk mótinu með 46 stig og skoraði í þessum leikjum 88 mörk og fékk einungis á sig 7. Valsstelpurnar voru því krýndar Íslandsmeistarar að nýju og titillinn því áfram á Hlíðarenda.

Bikarkeppnin hófst með leik í Kópa- vogi í átta liða úrslitum gegn Breiðablik og litu vonbrigði sumarsins þar ljós en sá leikur tapaðist 2–1.

Í byrjun ágústsmánaðar lögðu Vals-

stúlkur svo land undir fót og hófu keppni meðal þeirra bestu í Evrópu. Að þessu sinni var farið til Færeyja og leikið við finnsku, hollensku og færeysku meist- arana. Eftir áfall vegna gistiástöðu, eða aðstöðuleysis, þjöppuðu stelpurnar sér vel saman, unnu alla leikina og komust áfram í keppninni, eftir mikla baráttu við finnsku meistarana Honka Espoo. Um miðjan október, mánuði eftir lok Íslands- móts, var svo haldið í 2. umferð Evrópu- keppinnar þar sem leikið var í Belgíu. Mótherjarnir að þessu sinni voru enska liðið Everton, Wezemaal frá Belgíu og þýsku meistararnir Frankfurt. Þess má geta að Frankfurt er eitt allra sterkasta lið í heimi og hefur hampað Evróputitlinum oft en einu sinni og hefur m.a. 7 leik- menn úr heimsmeistaraliði Þýskalands innan sinna herbúða. Stelpurnar hófu mót- ið með leik gegn Frankfurt og má segja að íslensku meistararnir hafi sýnt öll- um hve langt við getum náð, þar sem lið- ið hafði yfirhöndina í leiknum fram á 80. mínútu og stóðu vel í þeim þýsku. Frank- furt náði svo að jafna og komast yfir und- ir lokin, grátlegt en jafnframt glæsilegur leikur Valsstúlkna. Næsti leikur var svo gegn Wezemaal, sem var greinilega lakasta liðið í riðlinum og unnu Valsstúlkur leik- inn örugglega 4–0, þótt markalaust hafi verið í hálfleik. Lokaleikur Vals var svo á móti Everton, þar sem Valur stóð betur að vígi fyrir leikinn. Þar sem vallaðstæður í Belgíu voru mjög slæmar og var afráð- ið að spila lokaumferðina ekki á sama tíma þar sem annar leikurinn færi fram á ófullnægjandi velli. Leikur Vals og Ever- ton var leikinn á undan og fór leikurinn illa fyrir okkar stelpum, þar sem Everton komst í 3–0 áður en Valur minnkaði mun- inn í 3–1. Þetta þýddi að belgíska liðinu nægði jafntefli gegn Frankfurt, þar sem þær unnu Everton. Valur þurfti að reiða sig á sigur hjá Frankfurt, sem öllu jafna hefði verið öruggt. En þær þýsku mættu áhugalausar til leiks og sættu sig við jafntefli, því var ljóst að þátttöku Vals í Evrópukeppninni þetta árið var lokið.

Á lokahófi KSÍ uppskar Valsliðið vel en í lið ársins voru valdar þær Guðbjörg





Gunnarsdóttir, Guðný Björk Óðinsdóttir, Ásta Árnadóttir, Katrín Jónsdóttir fyrirlíði og Margrét Lára Viðarsdóttir. Elísabet Gunnarsdóttir var valin þjálfari ársins annað árið í röð. Gullskórin var aftur Margrétar Láru Viðarsdóttur, en hún sló markamet sitt frá fyrra ári. Margrét Lára skoraði 38 mörk í 16 leikjum í Landsbankadeildinni sem er met. Katrín Jónsdóttir var valin þrúðasti leikmaður deildarinnar og fékk liðið einnig viðurkenningu fyrir þrúðmennsku í sumar. Stuðningsmenn Vals, Stuðarar, fengu svo stuðningsmannaverðlaunin í kvennaflokki, annað árið í röð og er ljóst að Valur á allra bestu stuðningsmenn sem um getur. Það má með sanni segja að sumarið hafi verið gott og uppskeran fín.

### Styrktaraðilar og bakhjarlar

Ljóst er að erfitt og nánast illmögulegt er að reka afrekslið og sinna uppeldisstarfi nema að fyrirtæki og einstaklingar leggi félaginu lið með ýmsum hætti. Knattspyrnudeild Vals langar sérstaklega að þakka eftirfarandi fyrirtækjum, félögum og einstaklingum fyrir frábært samstarf 2007; Frjálsa fjárfestingarbankanum, Vodafone, Puma, JB byggingarfélagi, Landsbankanum, VÍS, Danól, Ölgerðinni, Valsmönnum hf og meðlimum í Valspottinum.

Eins langar okkur að þakka sérstaklega því fólki sem skipaði heimaleikjaneindir knattspyrnudeildar Vals vel fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf og samskipti.

Stjórn knattspyrnudeildar langar einnig að þakka meðlimum unglíngaráðs, kvennaráðs, aðalstjórn og starfsmönnum félagsins og þá sérstaklega þeim Ótthari Edvardssyni og Braga B. Bragasyni fyrir frábært samstarf.

*Virðingarfyllst  
E. Börkur Edvardsson  
formaður knattspyrnudeildar Vals*

## Verðlaun og viðurkenningar á uppskeruhátíð knattspyrnudeildar Vals 2007

### 8. flokkur

*Mestu framfarir:* Aron Freyr  
*Besta ástundun:* Tómas Helgi Bergs  
*Liðsmaður flokksins:* Erlendur Guðmundsson

### 7. flokkur stúlkna

*Mestu framfarir:* Halldóra Líney Finnsdóttir  
*Besta ástundun:* Ingibjörg og Diljá Björnsdætur  
*Liðsmaður flokksins:* Harpa Karen Antonsdóttir

### 6. flokkur stúlkna

*Mestu framfarir:* Hildur Karitas Gunnarsdóttir  
*Besta ástundun:* Snædís Logadóttir  
*Liðsmaður flokksins:* Málfríður Anna Eiríksdóttir

### 5. flokkur stúlkna

*Mestu framfarir:* Katla Rún Arnórsdóttir  
*Besta ástundun:* Elín Metta Jensen  
*Liðsmaður flokksins:* Elín Metta Jensen, Hildur Antonsdóttir, Berglind Rós Ágústsdóttir

### 4. flokkur stúlkna

*Mestu framfarir:* Birna Kolbrún Birgisdóttir  
*Besta ástundun:* Katrín Gylfadóttir  
*Liðsmaður flokksins:* Katrín Gylfadóttir

### 3. flokkur stúlkna

*Mestu framfarir:* Guðrún Elín Jóhannsdóttir  
*Besta ástundun:* Jenný Harðardóttir  
*Leikmaður flokksins:* Heiða Dröfn Antonsdóttir  
*Friðriksbikarinn:* Guðlaug Þórsdóttir

### 2. flokkur stúlkna

*Mestu framfarir:* Aníta Lía Svansdóttir  
*Besta ástundun:* Anna María Guðmundsdóttir  
*Leikmaður flokksins:* Thelma Björk Einarsdóttir

### 7. flokkur drengja

*Mestu framfarir:* Tjörvi Týr Gíslason  
*Besta ástundun:* Daníel Styrmir og Anton Orri Guðnasynir  
*Liðsmaður flokksins:* Sveinn Þorkell Jónsson

### 6. flokkur drengja

*Mestu framfarir:* Ýmir Örn Gíslason  
*Besta ástundun:* Andri Steinar Viktorsson  
*Liðsmaður flokksins:* Garðar Sigurðsson

### 5. flokkur drengja

*Mestu framfarir:* Dagur Sindrason  
*Besta ástundun:* Haukur Ásberg Hilmarsson  
*Liðsmaður flokksins:* Jón Hilmar Karlsson

### 4. flokkur drengja

*Mestu framfarir:* Reynir Snær Valdimarsson  
*Besta ástundun:* Breki Bjarnason  
*Liðsmaður flokksins:* Bjartur Guðmundsson

### 3. flokkur drengja

*Bestu framfarir:* Atli Dagur Sigurðsson og Hjörtur Snær Richardsson  
*Besta ástundun:* Fitim Morina  
*Efnilegasti leikmaður:* Ingólfur Sigurðsson  
*Leikmaður flokksins* Magnús Örn Þórsson og Arnar Sveinn Geirsson  
*Friðriksbikarinn:* Magnús Örn Þórsson

### 2. flokkur drengja

*Mestu framfarir:* Brynjar Jensson  
*Besta ástundun:* Ellert Finnbogi Eiríksson  
*Leikmaður flokksins:* Einar Marteinsson  
*Lollabikar:* Katrín Gylfadóttir, 4. fl. kv.  
*Dómari ársins.* Rúnar Sigurðsson

### Meistaraflokkur karla

*Efnilegastur:* Hafþór Ægír Vilhjálmsson  
*Besti leikmaður:* Helgi Sigurðsson

### Meistaraflokkur kvenna

*Efnilegust:* Guðný Björk Óðinsdóttir  
*Besti leikmaður:* Margrét Lára Viðarsdóttir

# Uppskeruhátíð knattspyrnudeildar 2007



Dómari ársins. Rúnar Sigurðsson.



8. flokkur. Rakel Logadóttir þjálfari.



7. fl. kvenna. Harpa Karen Antonsdóttir, Rakel Logadóttir þjálfari.



7. fl. karla. Daníel Styrmir og Anton Orri Guðnasynir, Sveinn Þorkell Jónsson, Tjörvi Týr Gíslason. Þórhallur Siggeirsson þjálfari.



6. fl. kvenna. Snædís Logadóttir, Málfríður Anna Eiríksdóttir, Hildur Karítas Gunnarsdóttir. Lea Sif Valsdóttir og Kristín Jónsdóttir þjálfarar.



6. fl. karla. Andri Steinar Viktorsson, Garðar Sigurðsson, Ýmir Örn Gíslason. Agnar Kristinsson þjálfarar.



5. fl. kvenna. Elín Metta Jensen, Hildur Antonsdóttir, Berglind Rós Ágústsdóttir, Katla Rún Arnórsdóttir. Margrét Magnúsdóttir þjálfari.



5. fl. karla. Haukur Ásberg Hilmarsson, Jón Hilmar Karlsson, Dagur Sindrason. Agnar Kristinsson þjálfari.





4. fl. kvenna. Katrín Gylfadóttir, Birna Kolbrún Birgisdóttir, Lea Sif Valsdóttir og Freyr Alexandersson hjálfarar.



4. fl. karla. Reynir Snær Valdimarsson, Þórhallur Siggeirsson hjálfari.



3. fl. kvenna. Jenný Harðardóttir, Ragnheiður Víkingsdóttir móðir Heidi Drafnar Antonsdóttur, Guðrún Elín Jóhannsdóttir.



3. fl. karla. Magnús Örn Þórsson, Fitim Morina, Arnar Sveinn Geirsson, Hjörtur Snær Richardsson, Atli Dagur Sigurðsson, Jóhannes Guðbjörnsson og Magni Fannberg hjálfarar.



2. fl. kvenna. Anna María Guðmundsdóttir, Thelma Björk Einarsdóttir, Aníta Lísa Svansdóttir. Theódór Sveinjónsson hjálfari og Ragnheiður Jónsdóttir.



2. fl. karla. Ellert Finnbogi Eiríksson.



Lollabikar. Katrín Gylfadóttir, 4. fl. kvenna.



Friðriksbikarinn. Guðlaug Þórsdóttir, Magnús Örn Þórsson.



# Valur – Íslandsmeistari í





# knattspyrnu karla 2007



Myndir: Finnur Kári Guðnason og Guðni Karl.



# Valur – Íslandsmeistari í knattspyrnu kvenna 2007



Myndir: Guðni Karl



**Gleðileg jól og farsælt komandi ár.**  
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Valsvörumar fást hjá okkur.

**PUMA**  
**BÚÐIN**

Laugavegur 42 - [www.pumabudin.is](http://www.pumabudin.is)

Sími 551 5599

# Ég er sennilega einn fárra uppalinna Valsmanna í handbolta sem hafa aldrei orðið Íslandsmeistarar

**Snorri Steinn Guðjónsson er einn allra þekktasti og besti handknattleiksmaður þjóðarinnar en hann leikur nú með GOG/Svendborg í Danmörku**

Líkt og óteljandi aðrir landsliðsmenn í handknattleik lærði Snorri Steinn fag sitt í Val. Hann hóf að æfa með Val 7 ára gamall, fyrst undir stjórn Sigurðar Sigþórssonar og síðan undir handleiðslu Borisar Bjarna Akbashev og Óskars Bjarna Óskarssonar. Fyrstu spor sín í meistaraflokki steig Snorri Steinn veturinn 1998–1999 undir stjórn Geirs Sveinssonar og þremur árum síðar leiddi hann Val í úrslit Íslandsmótsins þar sem liðið bar raunar lægri hlut fyrir KA. Sumarið 2003 söðlaði Snorri Steinn um og hélt í atvinnumennsku til Grosswall-

stadt í þýsku Bundesligunni þar sem hann var meðal annars valinn í úrvalslið deildarinnar tímabilið 2004–2005. Snorri Steinn hefur vakið mikla athygli fyrir vaska framgöngu með landsliði Íslands og skoraði hann meðal annars 15 mörk í leik gegn Danmörku á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi í janúar sem leið. Nú á dögumum var hann svo valinn í heimsliðið í fyrsta sinn. Við slógum á þráðinn til Snorra Steins en hann býr í Óðinsvéum ásamt unnustu sinni, Marín Sörens Madsen, og eiga þau von á sínu fyrsta barni í vor.

**Hvernig var lífið í yngri flokkunum í Val?**

„Það var frábært að vera í Val. Ég hafði frábæra þjálfara og frábæran félagskap. Það var ótrúlega mikilvægt að hafa þjálfara sem nentu að halda utan um þetta og félagslega hliðin var sterk. Ég æfði alla yngri flokkana með strákum eins og Fannari Þorbjörnssyni, Markúsi Mána Michaelssyni og Ólafi Gíslasyni sem eru allir ennþá vinir mínir í dag. Ég átti líka heima hinum megin við götuna þannig að Baldur og Ella Beta (húsvörðir í Valsheimilinu) voru eins konar afi og amma manns og ráku mig ósjaldan heim á kvöldin til að borða. Þau sáu miklu meira af mér en mamma og pabbi. Af Hlíðarenda á ég mínar bestu minningar frá því ég var lífill.“

**Hver hafði mest áhrif á þig á uppvaxtarárunum í Val?**

„Ég hef sennilega lært mest af Boris. Hans skóli hefur komið mér þangað sem ég er í dag. Svo má ekki gleyma þabba. Hann byrjaði snemma að naggast í mér og er enn að því, er enn að þótt ég sé orðinn 26 ára. Óskar Bjarni var líka frábær á sínum tíma, tók við mér í 4. flokki og fylgdi mér upp í meistaraflokk ásamt Boris. Það er erfitt að draga einn út og það má alls ekki gleyma Geir Sveinssyni. Hjá honum fékk ég mikið traust og lærði að vera leiðtogi á vellinum. Öðrum eins karakter hef ég ekki kynnst, hvorki fyrr né síðar. Það voru frábær ár með Geira þótt ekki hafi það skilað titlum.“

**Margar sögur eru til af uppátækjum Snorra Steins og félaga í yngri flokkunum og þykja ekki allar þrenvæn-**



6. flokkur Vals, 1991 ásamt knattspyrnugöðinu Péle. Snorri er annar frá vinstri í aftari röð.



ar. Snorri vill þó ekki gera mikið úr þakkarastrikunum.

„Það sem er mikilvægt í svona hópi er að eyða miklum tíma saman. Hafa pizzukvöld og hittast utan boltans og bardúsa eitthvað saman. Hvernig menn vilja svo útfæra það er mönnum í sjálfsvald sett. Það skilar sér á vellinum ef menn eru líka vinir utan vallar.“

**21 árs gamall tók Snorri Steinn stökk- ið og hélt utan í atvinnumennsku. Hann gerði samning við þýska liðið Grosswallstadt til tveggja ára sumarið 2003 og fór svo þaðan til Minden árið 2005. Hann segir að þetta hafi verið réttur tími til að halda utan, jafn- vel þótt hann hafi ekki verið einhver yfirburðamaður hér heima í mörg ár á undan.**

„Auðvitað var það hár veggur að klífa að fara í þýsku deildina og ég hljóp harkalega á hann. Það skipti þó miklu máli að fara til réttis félags og Grosswallstadt var rétt lið fyrir mig. Þetta er góður klúbbur og vel staðið að málunum. Svo reyndist Peter Meisinger, þjálfari liðsins, mér vel. Hann sýndi mér mikið traust jafnvel þótt ég væri ekki alltaf að spila eins og engill. Ég vildi auka ábyrgð mína í landsliðinu og ég taldi að möguleikar mínir væru betri ef ég væri að spila í Þýskalandi.“

**Snorri Steinn bætir við að hann hafi líka verið vel undirbúinn undir atvinnumennskuna úr Val því hann hafi stefnt að þessu frá því í 6. flokki og hlotið góða skólun að Hlíðarenda. Auk þess hafði hann þegar tekið þátt í einu stórmóti með landsliðinu, HM í Portúgal 2003, þótt hann hafi ekki spilað neitt.**

„Það hjálpaði mér mikið að koma ungur inn í landsliðið. Guðmundur Guðmundsson hafði þessa stefnu að velja alltaf nokkra framtíðarmenn í hópinn, aðallega til að vera batar á æfingum. Þar fékk maður þó að æfa með leikmönnum á borð við Dag Sigurðsson, Patrek Jóhannesson, Ólaf Stefánsson og Guðmund Hrafnkelsson. Maður þarf að vera úr steini til læra ekkert af slíkri reynslu og það hjálpaði mér tvímælaust að fá að vera fluga á vegg á þessum tíma. Ég sá aðallega um að bera boltana og tölvugræjurnar en þetta fór allt í reynslubankann.“

**Margt vatn hefur runnið til sjávar síðan og Snorri Steinn er núna einn af burðarásnum landsliðsins. Mörgum er**



Snorri Steinn í landsleik við Spánverja, 2007.

**í fersku minni mörkin 15 sem hann skoraði í háspennuleiknum við Dani á HM í janúar síðastliðnum. Ljóst er að forráðamönnum dönsku meistaranna, GOG/Svendborg, fannst mikið til frammistöðu hans koma því hann samdi við liðið til þriggja ára skömmu eftir HM.**

„Eftir fyrra árið í Minden setti ég mér það markmið að komast í lið sem væri í toppbaráttunni í sinni deild, því botnbaráttan sem ég stóð í í Minden er afar lýjandi. Það skipti ekki öllu máli í hvaða landi það væri því ég vildi einfaldlega takast á við það að vera í titilbaráttu og pressuna sem því fylgir. Mér leist vel á tilboðið frá GOG og sló til þótt það hafi verið ákveðin áhætta að fara úr sterkustu deild heims. Svo þróaðist það þannig að ég er að spila í Meistaradeildinni og við erum komnir áfram í milliriðlana þar. Ég sé alls ekki eftir því að hafa farið frá Þýskalandi.“

**Snorri Steinn stefnir þó enn að því að komast að hjá toppliði á Spáni eða í Þýskalandi.**

„Það hefur ekkert breyst varðandi mín framtíðarplön. Ég stefni alltaf hærra en eins og staðan er í dag líður mér mjög vel í Danmörku og er ekki á leið héðan næstu 3 árin en hvað gerist eftir það er óljóst núna. Svo langar mig að vinna medalíu með landsliðinu. Við erum með sterkan hóp ef allir eru heilir og við erum nógu sterkir núna til að ná árangri ef allt gengur upp hjá okkur.“

**Aðspurður um hvaða ráð hann hafi**

**fyrir unga Valsmenn sem stefna á toppinn stendur ekki á svári hjá Snorra.**

„Æfa meira en hinir. Þetta er ráð sem pabbi gaf mér fyrir langa löngu og ég hef farið eftir því og veit að aðrir leikmenn sem hafa náð langt fylgja þessari einföldu reglu. Hafa hausinn vandlega skrúfaðan á axlirnar og missa ekki sjónar á takmarkinu.“

**Að lokum spurðum við Snorra hvort einhver öfund hafi gert vart við sig í garð Markúsar Mána Michaelssonar sem lyfti Íslandsbikarnum í vor sem fyrirliði Vals en þeir félagar léku saman upp alla yngri flokkana hjá Val og með meistaraflokki í mörg ár?**

„Nei, ekki öfund. Það sviður samt sárt að hafa misst af titlinum á sínum tíma og ég er sennilega einn fárra uppalinna Valsmanna sem hafa aldrei orðið Íslandsmeistarar. Það sveið samt jafn mikið hjá Markúsi á sínum tíma að verða ekki meistari og ég gleðst innilega með honum og öðrum leikmönnum að hafa náð titlinum í vor. Ég var í beinu sambandi við Ásvelli á meðan á leiknum stóð í vor og náði svo bikarafhengingunni á netinu. Ég er þó ekkert að brenna inni á tíma og draumurinn er að koma heim og landa þeim stóra, helst sem spilandi þjálfari. Það verður þó að bíða um sinn en umsókn minni um þjálfarastarfið er samt hér komið formlega á framfæri.“

**Við þökkum Snorra Steini kærlega fyrir spjallið og óskum honum og hans stækkandi fjölskyldu alls hins besta í framtíðinni.**

# Árið 2011 verði Valur best rekna íþróttafélag landsins

## Stefnumótunarvinna Vals með Capacent um framtíðarsýn fyrir félagið

Knattspyrnufélagið Valur réðst nýlega í viðtæka stefnumótunarvinnu með Capacent til að þróa framtíðarsýn fyrir félagið. Í stefnumótunarplagginu er tekið fram að Valur sé íþróttafélag þar sem lögð er stund á handknattleik, knattspyrnu og körfuknattleik.

Stefnan er að á 100 ára afmæli Vals árið 2011 verði Valur best rekna íþróttafélag landsins hvort sem litið er til rekstrar eða faglegs starfs. Hlíðarendi muni laða til sín fólk á öllum aldri og þar verði iðandi líf frá morgni til kvöld. Öll starfsemi verði vel skilgreind og upplýsingaflæði skýrt og gott. Valur verði fremsta afreksfélag landsins og muni ár hvert skila afreksfólki til erlendra liða með ávinningi fyrir félagið og iðkendur sjálfa. Atvinnulífið muni sækjast eftir samstarfi við Val. Þetta eru svo sannarlega háleit markmið og Valsblaðið spurði Dag Sigurðsson framkvæmdastjóra nokkurra spurninga sem tengjast þessari vinnu og var hann fús til þess. Dagur segir að í stefnumótunarvinnunni hafi verið reynt að taka þverskurð úr félaginu í vinnuna, t.d. iðkendur, þjálfara, stjórnarmenn, foreldra og fyrrverandi stjórnarmenn. Það hafi verið nauðsynlegt að fá ólík sjónarmið en það hafi fljótt hafi verið ljóst í þessari vinnu að Valsmenn hafa háleit markmið og bjarta framtíðarsýn.

### Hverjar voru meginástæður þess að Valur réðst í stefnumótunarvinnu fyrir félagið með Capacent?

„Ástæðan var sú að okkur fannst við þurfa taka stjórnkerfi og innra starfið í gegn samhliða nýjum mannvirkjum. Hvort tveggja var nokkuð úr sér gengið. Það var ljóst að umsvif félagsins myndu aukast gríðarlega þegar ný mannvirki yrðu tekin í notkun og ráða þyrfti inn nýtt starfsfólk. Því var var einnig nausynlegt að skoða skipurit félagsins og hvernig best mætti nýta þennan mannaud.“

### Hver er meginframtíðarsýn félagsins á 100 ára afmælinu samkvæmt stefnunni?

„Hún felst í því að við ætlum okkur að eiga afrekslið í fremstu röð, reka hágæðabjónustu fyrir börn og ungmenni sem vilja leggja rækt við sál og líkama. Við ætlum að fjórfalda veltuna frá árinu 2006 með auknu þjónustuframboði, fjölgun félagsmanna og aukinni samvinnu við atvinnulífið. Við ætlum að sýna fram á heilbrigðan rekstur á félaginu og veita Valsmönnum gæðabjónustu.“

### Gildi félagsins eru samkvæmt stefnunni: Ábyrgð – Metnaður – Lífsgleði – Heilbrigði. Fyrir hvað standa þessi gildi standa hjá Val?

„Ábyrgð stendur fyrir að við viljum stýra


fjárhag okkar af ábyrgð og festu, sýna ábyrgð við uppeldi ungmenna og heiðarleika gagnvart umhverfinu. *Metnaður* stendur fyrir að við viljum vera mesta afreksfélag landsins, með aðstöðu til fyrirmyndar, gæði þjónustu sé fyrsta flokks, að Valsmenn séu öðrum til fyrirmyndar og að við sýnum fagmennsku innan vallar sem utan. *Heilbrigði* stendur fyrir það að Hlíðarendi er reyklaust svæði, fyrir reglusemi og heilbrigðum lífsviðhorfum. Að þjálfarar okkar séu fyrirmynd iðkenda og að við sýnum náungunum og mótherjum virðingu. *Lífsgleði* eru ánægðir starfsmenn, iðkendur og foreldrar. Að Valsmenn á öllum aldri vilji taka þátt í starfinu og svo auðvitað „lát-ið aldrei kappið bera fegurðina ofurliði“ sem eru einkunnarorð frá sr. Friðrik.“

### Hvernig er hægt að ná því markmiði að Valur verði afreksfélag nr. 1 á Íslandi?


„Með því að ráða hæfa og metnaðarfulla þjálfara og veita bestu mögulegu aðstöðu. Einnig með því að bæta einstaklingsbundnar æfingar og markvissa skráningu á framvindu hvers og eins. Við skulum ekki gleyma því að hefðin hefur gríðarlega mikið að segja, í félaginu er áralöng hefð er fyrir því að búa til afreksfólk í íþróttum. Við komum til með að vera í frábærri stöðu hvað varðar aðstöðu hér að Hlíðarenda, með knattþús, gervigrasvelli, battavelli og grassvæði. Stórkostlegan keppnisvöll, glæsilegt íþróttahús og frábæra félagsaðstöðu. Í bakgarðinum verðum við svo m.a. með Nauthólsvík, Öskjuhlíð, Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur.“

Valur á að verða besti valkostur fyrir foreldra sem vilja bjóða börnum sínum upp á gæðaíþróttauppleidi. Í starfi sínu á Valur að leggja áherslu á að þroska það besta besta í hverjum einstaklingi. Hvernig sérðu þetta markmið nást?

### Fjöldi yngri iðkenda



### Seldir ársmiðar





„Það er alveg ljóst að öll þau börn sem hefja æfingar hjá Val verða ekki afreksfólk, það breytir ekki því að þau geta fengið fyrsta flokks íþrótt- og félagslegt uppeldi hjá okkur. Við leggjum áherslu á okkar greinar og kennum okkar fólki að sigra og tapa. Það eru geysimörg dæmi um það að fólk hafi haldið starfi áfram innan félagsins þótt það hafi ekki verið í afrekshópum þess. Það er börnum mjög holt að taka þátt í hópíþróttum, þar sem liðheildin skiptir máli til þess að ná settum markmiðum.“

**Í kringum Val á að verða besta stemning íslenskra liða. Hvað þarf til?**

„Við eigum nú þegar frábæra stuðningsmenn sem eru þeir bestu á landinu á góðum degi, þessi hópur kallar sig STUÐ-ARA og bera svo sannarlega nafn með rentu. Við viljum styðja við bakið á þeim og hjálpa þeim að stækka hópinn. Það er klárlega hluti af þeirri upplifun sem við sækjumst eftir á Hlíðarenda að það sé góð stemning á leikjum, ég tala nú ekki um hversu mikilvægt það er fyrir liðin okkar.“

**Samkvæmt stefnunni er hlutverk félagsins er að hámarka lífsgæði, veliðan og árangur Valsmanna. Hvernig sérð þú fyrir þér að þetta verði útfært?**

„Við viljum bjóða fólk velkomni á Hlíðarenda, þar verður fyrsta flokks heilbrigð starfsemi. Einnig viljum við bjóða upp á sterk lið í karla- og kvennaflokkum og skemmtilega umgjörð. Síðast en ekki síst öflugt félagsstarf þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Það er til að mynda að aukast stemning um helgar þar sem boltaskóli Vals hefst á laugardögum kl. 09:40, þar eru stubbarnir í essinu sínu



*Brynjar Harðarson formaður Valsmanna hf, Ingólfur Friðjónsson stjórnarmaður og Dagur Sigurðsson framkvæmdastjóri fyrir framan glæsilegu Lollastúkuna.*

og foreldrarnir hafa gaman af, sprikla með eða fá sér kaffisopa og kíkja í blöðin. Um 10:30 fara menn svo að mæta og tippa á enska boltann, fá sér kaffi og kleinur, horft er á boltann – kíkt á æfingar o.s.frv. Síðan mæta vaskir menn að setja upp heimaleiki, setja upp skiltin, raða upp stólum, borðum og keyra út áhorfendapalla. Síðan koma sjálfboðaliðar í miðasöluna, sjoppuna og dyravörsluna. Þetta er bara dæmi um það hvernig fólk getur tekið þátt í starfinu og nauðsynlegt að hver og einn finni sér þann farveg innan félagsins sem hann er sáttur við.“

**Hvaða vinna er í gangi hjá félaginu við að vinna að stefnunni?**

„Við förum með Capacent og nýju starfsfólki Vals í það að vinna áfram vinnuferla

og er það starf unnið í smærri hópum, sem eru í raun stýrihópar á ákveðnum verkefnum. Þörfin fyrir þetta hefur verið mest í barna- og unglingsstarfinu, þar teljum við okkur geta gert mikið mun betur og boðið betri þjónustu, sérstaklega þegar ný mannvirki verða fullklárud. Við erum að teygja okkur betur út í hverfið, út í skólana, höfum tekið frumkvæði með rútuferðum og heimsóknum til krakkanna. Þetta viljum við auka og bæta um betur, m.a. með meiri fræðslu varðandi mataræði og almennt um heilbriggt lífferni.“

**Valsmenn – bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár**

- Ari Reynir Halldórsson
- Ásgeir Þór Árnason
- Baldur I. Aðalsteinsson
- Björgvin Hermannsson
- Brynjar Harðarson
- Einar E. Guðlaugsson

- Gerður Beta Jóhannsdóttir
- Gríma Huld Blængsdóttir
- Grímur Sæmundsen
- Guðjón Guðmundsson
- Guðjón Ólafur Jónsson
- Guðjón Karlsson



# Frábær hópur, góð þjálfun og sætir strákar

## Hildigunnur Einarsdóttir er 19 ára og leikur handbolta með meistaraflokki

**Fæðingardagur og ár:** 11. febrúar 1988.

**Nám:** Er að klára Menntaskólann við Sund.

**Kærasti:** Kannski.

**Hvað ætlar þú að verða:** Ég ætla verða eitthvað skemmtilegt og vera rík.

**Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í handboltanum:** Ég hef alltaf haft 100% stuðning þeirra.

**Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni:** Ætli það sé ekki ég og systir mín.

**Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða:** Strippari og sturtuvörður.

**Stjörnuþá þín fyrir næsta ár:** Klára menntó, skemmta mér og æfa endaláusan bolta.

**Af hverju handbolta:** Langskemmtilegasta íþróttin.

**Af hverju Valur:** Frábær hópur, góð þjálfun og sætir strákar.

**Eftirminnilegast úr boltanum:** Þegar Marthe í Fram skaut í hausinn á mér og ég fékk mar á heila og þurfti að vera yfir nótt á spítala.

**Hvernig gengur ykkur:** Byrjuðum vel í fyrra en eftir áramót spiludum við rosa-lega illa. Gengur betur í ár, erum með sterkara lið en við vorum með í fyrra, þurfum samt aðeins að rífa okkur upp.

**Mestu vonbrigði síðasta tímabils:** Tapa og gera jafntefli á móti Fram og HK.

**Ein setning eftir tímabilið:** Lærum af fyrri mistökum og reynum að endurtaka þau ekki.

**Koma titlar í hús í vetur:** Það ætla ég nú að vona, eigum allavega að geta það.

**Möguleikar kvennalandsliðsins í handbolta að komast í lokakeppni stórmóts:** Allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi.

**Skemmtilegustu mistök:** Bara svona það týpíska, dottið um sjálfa mig, skotið í stangarbolta mjög fast í stöngina og fengið boltann aftur í andlitið.

**Fyndnasta atvik:** Þegar afi sagði einu sinni þegar við vorum á hestbaki, hlustum á þögnina og þá sagði ég: „ég heyrir ekki neitt“.

**Stærsta stundin:** Kemur þegar ég verð Íslandsmeistari í meistaraflokki.

**Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki kvenna:** Nora.

**Hvað lýsir þínum húmor best:** Hann er einfaldur.

**Mottó:** Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður það skulið þér og þeim gjöra.

**Leyndasti draumur:** Verða 15 barna móðir.

**Við hvaða aðstæður líður þér best:** Í einhvers konar hreyfingu eða útiveru í góðra vina hópi.

**Hvaða setningu notarðu oftast:** Má ég fara í eyrun á þér?

**Skemmtulegustu gallarnir:** Heyri mjög illa, kemur sér oft illa þegar verið er að kalla kerfi inn á vellinum.

**Hvað er það fallegasta sem hefur verið sagt við þig:** Vá hvað þú ert með skakkt nef.

**Fullkomið laugardagskvöld:** Þar koma nokkur til greina, úti með vinunum, heima í rólegheitum með nammi og víðeó.

**Hvaða flik þykir þér vænst um:** Rauðköflóttu náttbuxurnar mínar.

**Besti fótboltamaður sögunnar á Íslandi:** Albert Guðmundsson.

**Besti fótboltamaður heims:** Maradonna.

**Fyrirmynd þín í handbolta:** Petterson og Óli Stefáns.

**Draumur um atvinnumennsku í handbolta:** Já vonandi fær maður að prófa það einhvern daginn.

**Besta hljómsveit:** The Beatles.

**Besta bíómynd:** Indiana Jones.

**Uppáhaldsvefsíðan:** valspjuri.bloggar.is og valur.is.

**Uppáhaldsfélag í enska boltanum:** Rauðu djöflanir í Man Utd.

**Ef þú yrðir að vera einhver annar:** Sunneva systir mín.

**Nokkur orð um núverandi þjálfara:** Skapstór, ákveðinn, stríðinn.

**Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera:** Hafa stjórn á hitastiginu í húsinu það er alltaf -15 gráður þarna inni, laga klukkuna, hún er alltaf að bila, setja fleiri lyftingartæki og láta laga gólfið, maður er stundum á svelli þarna. Síðan myndi ég láta þjálfarana í meistaraflokki kvenna fara á reiðistjórnunarnámskeið og láta strákana æfa bera að ofan og láta meistaraflokkana vinna alla titla.

**Nokkur orð um nýju aðstöðuna á Hlíðarenda:** Mjög góð.

**Bloggsíðan þín:** mspace.com/diddan\_.





*Íslandsmeistarar í meistaraflokki karla í handbolta 2007: Efsti röð frá vinstri: Gunnar Möller varaformaður handknattleiksdeild, Guðni Jónsson, Jóhannes Lange aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna, Sólveig Steinþórsdóttir, Heimir Ríkarðsson aðstoðarþjálfari, Óskar Bjarni Óskarsson hjálfari, Ernir Hrafn Arnarson, Gunnar Harðarsson, Hjalti Þór Pálmason, Ægir Jónsson, Ingvar Árnason, Orri Freyr Gíslason, Elvar Friðriksson, Baldvin Þorsteinsson, Kristinn Bjarnason framkvæmdastjóri Frjálsa fjárfestingabankans, Stefán Ingibergur Karlsson formaður handknattleiksdeildar, Ingólfur Friðjónsson Frjálsa fjárfestingabankanum og stjórn Valsmanna hf., Hörður Gunnarsson varaformaður Vals, Grímur Sæmundsen formaður Vals. Nedri röð frá vinstri: Atli Rúnar Steinþórsson, Arnór Þór Gunnarsson Malmquist, Sigurður Eggertsson, Pálmar Pétursson, Markús Máni Michaelsson, Ólafur Haukur Gíslason, Davíð Höskuldsson, Ingvar Guðmundsson, Fannar Þór Friðgeirsson, Kristján Karlsson og Anton Fjaljar Rúnarsson. Ljós. Guðni Karl.*

# Íslandsmeistaratitli

## Í meistaraflokki fagnað eftir langa bið og ný og glæsileg aðstaða tekin í notkun

### Skýrsla handknattleiksdeildar 2007

#### Stjórn handknattleiksdeildar starfsárið 2006–2007 var þannig skipuð:

Stefán Karlsson, *formaður*  
Gunnar Þór Möller, *varaformaður*  
Sigríður Jóna Gunnarsdóttir, *meðstjórnandi*  
Guðlaugur Ottesen, *meðstjórnandi*  
Sigurjón Práinsson, *meðstjórnandi*  
Jóhann Birgisson, *meðstjórnandi*

Tímabilið 2006–2007 var eins og tímabilið þar á undan afar krefjandi fyrir alla sem að starfinu komu, sökum aðstöðuleysis. Yngri flokkar deildarinnar æfðu í íþróttahúsum í ýmsum skólum, en elstu flokkarnir æfðu og spiluðu heimaleiki sína í Laugardalshöll. „Höllin“ var þó orðin enn meiri heimavöllur fyrir okk-

ur en tímabilið þar á undan, við þekktum betur til aðstæðna og áttum gott samstarf við stjórnendur og starfsmenn. Góður grunnur var lagður tímabilið 2005–2006, en fyrir það tímabil var útbúið tjald sem lokaði af efri stúkuna í Laugardalshöll og myndaði þó nokkra „gryfjustemningu“. Á síðasta tímabili var byggt ofan á þenn-



Heimir Ríkharðsson aðstoðarþjálfari, Markús Máni Michaelsson og Óskar Bjarni Óskarsson þjálfari stoltir með Íslandsmeistarabikarinn í handbolta 2007.



teljast viðunandi miðað við aðstöðuleys-ið. Foreldrar og aðstandendur iðkenda héldu áfram að sýna þolinmæði og skilning, auk þess sem þjálfarar yngri flokka stóðu sig mjög vel. Uppskeruhátíð yngri flokka var haldin í Laugardalshöll í maí 2007, þar sem meistaraflokksleikmenn komu og heilsuðu upp á yngri iðkendur. Viðurkenningar voru að sjálfsögðu veittar, eins og sjá má síðar í skýrslunni.

## Góður árangur yngri flokka

Yngri flokkar félagsins stóðu sig vel síðastliðið tímabil, en t.d. náði 4. flokkur karla í undanúrslit Íslandsmótsins. Árangur 2. flokks karla stendur þó upp úr. Þeir orðu bikarmeistarar með því að leggja Hauka í úrslitaleik, 32–27, í leik sem var jafn framan af en Valsmenn sigu fram úr á lokasprettinum. Þá varð liðið Íslandsmeistari eftir 30–22 sigur á Aftureldingu, en þess ber að geta að þetta er þriðja árið í röð sem 2. flokkur karla landar Íslandsmeistaratitil, sem er einstakt afrek og ber vott um bjarta framtíð handboltans á Hlíðarenda. Kvennamegin ber að minnast sérstaklega á frammi-stöðu 5. flokks kvenna, sem náði góðum árangri undir stjórn Bjarneyjar Bjarnadóttur og voru í möguleika á Íslandsmeistaratitlinum á tímabili. Eldra ár þess flokks gekk síðan upp í 4. flokk og standa sig mjög vel þar undir stjórn Davíðs Ólafssonar, en þær spila í efstu deild og eru næsta kynslóð handboltakvenna í Val.

## Gott þjálfarateymi

Það er ekki ofsögum sagt þegar haldið er fram að Valur hafi fremstu handknattleiksþjálfara landsins á sínum snærum. Fyrir yfirstandandi tímabil voru endurnýjaðir samningar við Ágúst Jóhannsson, meistaraflokksþjálfara kvenna, og Óskar Bjarna Óskarsson, meistaraflokksþjálfara karla. Heimir Ríkharðsson endurnýjaði samning sinn til tveggja ára, en þessi ótrúlega sigursæli þjálfari heldur utan um 2. flokk félagsins auk þess að aðstoða Óskar Bjarna. Karl Guðni Erlingsson fór í nýtt hlutverk, en hann sinnir séræfingum fyrir meistaraflokka

an grunn og umgjörðin enn glæsilegri með tilkomu nýrra veltiskilta. Lokaleikur okkar í Laugardalshöll var eftirminnilegur, fullt hús í mikilvægum leik gegn Stjórnunni, ógleymanleg stemning og mikilvægur liður í meistaratitli síðasta tímabils.

## Meistaraflokkur karla Íslandsmeistarar

Það er einmitt Íslandsmeistaratitill meistaraflokks karla sem stendur upp úr þegar síðasta tímabil er rifjað upp. Strákarnir voru í toppbaráttunni allan tímann og síðustu leikirnir eru eftirminnilegir. Áður var minnst á heimaleik við Stjórnuma, sem vannst á glæsilegan hátt fyrir fullu húsi áhorfenda. Eftir þann leik kom hins vegar tapleikur á móti HK, sem þýddi að baráttan um titilinn yrði milli þessara tveggja liða. Þar sem Laugardalshöllin var upptekin í aprílmánuði, þurfti að færa tvo síðustu heimaleiki liðsins út á Seltjarnarnes. Sá fyrri var gegn Fram, eftirminnilegur leikur sem vannst með 10 marka mun, 29–19, en sá seinni var gegn ÍR og vannst öruggur sigur á Breiðhlytingum. Fyrir lokaumferðina voru Valur og HK jöfn að stigum, en við fyrir ofan á innbyrðis viðureignum. Þetta var hins vegar engan veginn búið, lokaleikurinn var við Hauka í Hafnarfirði, en HK menn fóru norður á Akureyri. Strákarnir sýndu mikinn vilja og lönduðu glæsilegum sigri í Hafnarfirði, 31–33, á meðan Kópavogsbúar náðu aðeins í eitt stig fyrir norðan. Titillinn var í hús eftir allt of langa bið og honum var vel fagnað.

## Meistaraflokkur kvenna

Stelpurnar náðu því miður ekki að fylgja því eftir að vera á toppnum í janúar eftir glæsilegan sigur á Stjórnunni í Garðabæ. Í febrúar fataðist liðinu flugið, datt út úr bikarkeppni fyrir Haukum á Ásvöllum og byrjaði að tapa stigum í deildarkeppninni. Niðurstaðan í deildinni varð 3. sætið, sem voru nokkur vonbrigði miðað við hversu vel liðið lék á tímabili. Hins vegar var það liðinu nokkuð áfall að missa Ágústu Eddu Björnsdóttur í febrúarmánuði, en þá kom í ljós að hún bar barn undir belti. Það átti reyndar eftir að setja öðrum leikmönnum liðsins ótrúlegt forðæmi, eins og síðar verður vikið að. Þess má geta að Ágústa Edda var valin handboltakona ársins 2006, glæsileg íþrótta-kona sem er félaginu til sóma.

Í deildarbikarkeppni fjögurra efstu liða féllu stelpurnar út gegn Gróttu, þar sem heimaleikur liðsins var spilaður í Seljaskóla. Strákarnir féllu út fyrir Stjórnunni, en þeir leikir komu beint í kjölfarið á sigri liðsins í Íslandsmóttinu.

Á lokahófi HSÍ bar það hæst að Óskar Bjarni Óskarsson var valinn þjálfari ársins, auk þess sem Markús Máni var valinn besti leikmaður DHL deildarinnar.

## Yngri flokkarnir

Kristinn Guðmundsson var yfirþjálfari deildarinnar tímabilið 2006–2007 og stóð sig með þryði við erfiðar aðstæður. Í samráði við íþróttafulltrúa tókst að halda utan um flokkana sem voru eins og áður segir dreifðir á ýmsa skóla. Iðkendafjöldi stóð í stað milli tímabila, sem verður að





Stefán Karlsson formaður hkd. Vals, Grímur Sæmundsen formaður Vals og Brynjar Harðarson með rautt Valsbindi í tilefni af Íslandsmeistaratitli í handbolta 2007.

félagsins, auk þess sem hann aðstoðar við þjálfun 4. flokks karla.

Jóhannes Lange var ráðinn aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna, en hann þjálfaði áður 5. flokk karla. Auk þjálfarastarfsins hefur Jóhannes sinnt ómetanlegu starfi fyrir handknattleiksdeild, þá sérstaklega í kringum þátttöku okkar í Meistaradeild Evrópu, en umgjörð Vals var með því móti að eftir var tekið og hvergi stigið feilspor.

Óskar Bjarni Óskarsson var síðan einnig ráðinn til að sinna yfirþjálfara- og uppbyggingarstarfi fyrir handknattleiksdeild. Kristinn Guðmundsson gerði nýjan tveggja ára samning um þjálfun 3. og 6. flokks karla, auk þess sem hann sér um B-lið meistaraflokks ásamt Heimi Ríkharðssyni.

Davíð Ólafsson, sem flestum Valsmönnum er að góðu kunnur fyrir lipra takta inn á vellinum, var ráðinn þjálfari 4. flokks kvenna. Ólafur Rafnsson var ráðinn þjálfari 4. flokks karla, en þess má geta að hann er bróðir Baldurs Rafnssonar, eða Baldurs „bongó“. Arnór Gunnarsson, hinn eldsnöggi hægri hornamaður þjálfar 5. flokk karla. Bjarney Bjarnadóttir, sem er komin með töluverða

reynslu í þjálfun sér um 5. flokk kvenna. Arnar Ragnarsson sér um þjálfun 6. og 7. flokks kvenna, en Dórothe Guðjónsdóttir um 7. flokk karla. Að lokum hefur Óskar Bjarni yfirumsjón með þjálfun yngstu krakkanna í 8. flokki.

Af þessari upptalningu má sjá að þetta er einvalið, reynslumiklir þjálfarar í bland við unga og ferska þjálfara.

### Breytingar á leikmannahópi í meistaraflokki

Nokkrar breytingar urðu á leikmannahópum meistaraflokka fyrir yfirstandandi tímabil, þó sérstaklega á kvennaliðinu.

Hjá körlunum hefur Markús Máni tekið sér hlé frá handboltaíðkun vegna anna í vinnu. Sigurður Eggertsson hélt til Danmerkur, en sneri heim nú í byrjun nóvembermánaðar og mun leika með liðinu eftir áramót. Davíð Höskuldsson hætti handboltaíðkun og Atli Rúnar Steinþórsson gekk til liðs við Gróttu. Sigfús Páll Sigfússon gekk til liðs við Val frá Fram þegar tímabilið var farið af stað. Félagaskiptin tóku sinn tíma af ástæðum sem ekki verða tífundaðar hér, en Sigfús er mikill fengur fyrir félagið. Auk

hans sneri gamla kempan Finnur Jóhannsson aftur á Hlíðarenda, en hann hefur mikla reynslu og þekkingu sem hann miðlar óspart til yngri leikmanna liðsins.

Breytingar voru þó nokkuð fleiri kvennamegin. Eins og áður er nefnt varð Ágústa Edda Björnsdóttir, handboltakona ársins 2006, að hætta á miðju tímabili í fyrra þar sem hún átti von á barni. Það sem gerðist í kjölfarið óraði þó engan fyrir. Arna Grímsdóttir, Sigurlaug Rúna Rúnarsdóttir, Drífa Skúladóttir, Alla Gokorian og Lilja Björk Hauksdóttir tilkynntu allar að þær ættu von á barni þegar líða tók á vorið. Lilja var að vísu gengin í Hauka en hefur tilheyrt þessum hópi í langan tíma og er að sjálfsögðu talin með.


Auk þessara leikmanna leysti stjórn handknattleiksdeildar Pövlunni Skavronkovi, tékkneskan markmann, undan samningi við félagið.

Til þess að mæta þessari miklu blóðtöku lykilleikmanna liðsins voru fengnir til félagsins fimm nýir leikmenn. Berglind Íris Hansdóttir, íþróttamaður Vals árið 2004 og ein besta handboltakona Íslands, kom heim úr atvinnumennsku frá Danmörku. Kristín Guðmundsdóttir, landsliðskona úr Stjörnunni fylgdi í kjölfarið og önnur landsliðskona, Dagný Skúladóttir. Síðast en ekki síst voru fengnir til félagsins tveir ungverskir leikmenn, þær Eva Barna og Nora Valovics,



2.fl. karla í handbolta 2007, Reykjavíkur-, deildar-, bikar- og Íslandsmeistarar. Íslandsmeistarar 3 ár í röð sem er einstakur árangur. Efri röð frá vinstri: Gauti Árnason, Arnar Árnason, Ágúst Bjarni Guðmundsson, Anton Rúnarsson, Ernir Hrafn Arnarson, Gunnar Harðarson, Kristleifur Guðjónsson, Orri Freyr Gíslason, Elvar Friðriksson, Heimir Ríkardsson þjálfari, Arnór Snær Óskarsson, Ýmir Gíslason, Óskar Bjarni Óskarsson þjálfari, Sólveig Steinþórsson og Jóhannes Lange. Fremri röð frá vinstri: Agnar Páll Pálsson, Arnór Gunnarsson, Birkir Marínósson, Ingvar Guðmundsson, Ingvar Árnason, Einar Gunnarsson, Sveinn Skorri Höskuldsson, Arnar Ragnarsson, Fannar Þór Friðgeirsson, Jóhann Friðgeirsson og Benedikt Gunnar Óskarsson.





Myndasýrpa úr leik Vals og Gummerbach í Meistaradeild Evrópu að Hlíð-arenda haustið 2007 en leiknum lauk með sigri Gummersbach. Ljósfr. Finnur Kári Guðnason.

frá Kiskunhalas í Ungverjalandi. Allir þessir leikmenn hafa styrkt liðið mikið enda um sterka leikmenn að ræða í öllum tilfellum.

### Skin og skúrir í upphafi nýs tímabils haustið 2007

Þegar þetta er skrifað er kvennaliðið í þriðja sæti N1 deildar kvenna, einu stigi á eftir toppliðum Stjörnunnar og Fram. Baráttan verður mjög hörð allt tímabilið, liðin eru öll að hirða stig hvert af öðru en Valsliðið hefur sýnt að það gerir tilkall til Íslandsmeistaratitils í ár. Þar að auki eru stelpurnar komnar í undanúrslit Eimskipsbikarsins, en þær unnu góðan sigur á Fram í 8 liða úrslitum keppinnar. Stelpurnar taka einnig þátt í Áskor-endaþekkingu Evrópu og eru komnar í 16 liða úrslit eftir tvo örugga sigra á serbneska liðinu ZORK Naprodek Krusevac í Vodafonehöllinni.

Strákarnir byrjuðu ekki sem skyldi í N1-deild karla en hafa náð sér á strik í undanförunum leikjum og munu án vafa blanda sér í toppbaráttu deildarinnar. Meistaradeildin hefur tekið sinn toll, en

þátttakan í henni mun án vafa skila sér þegar liður á tímabilið, jafnt fyrir leikmenn sem og aðstandendur liðsins. Sigurinn gegn Celje Pivovarna Lasko, einu sterkasta handboltaliði Evrópu, var glæsilegur og fer klárlega í sögubækurnar sem einn besti handboltaleikur íslensks félagsliðs. Leikur liðsins fór vaxandi þegar leið á riðlakeppnina og greinilegt að menn hafa lagt vel inn á reynslubankann, eða „experience bank“ eins og Óskar Bjarni myndi þýða þetta.

Strákarnir eru þegar þetta er skrifað einnig komnir í 8 liða úrslit Eimskipsbikarsins, þar sem andstæðingarnir eru Haukar.

### Stórt ár í sögu félagsins-sóknarfæri

Það hefur mikið gengið á í félaginu á einu stærsta ári í sögu þess, ef ekki því stærsta. Loksins er aðstaðan komin í gagnið en það tekur alltaf tíma að koma hlutunum í ákveðinn farveg þegar allt er nýtt og mikið að gerast í einu. Haustið hefur verið annasamt en afar skemmti-

legt hjá okkur sem störfum í kringum handknattleiksdeild. Staðreyndin er sú að við stöndum ótrúlega vel, félagið er gríðarlega sterkt og við erum í toppbaráttu á öllum stöðum auk þess að vera með hæfustu þjálfara sem nokkuð félagslið getur státað af. Iðkendur hefur þar að auki fjölgað um 30% í haust frá síðasta tímabili og sóknarfærin eru til staðar til að gera enn betur.

Það er ekki hægt að gera upp árið fyrir handknattleiksdeild án þess að minnast á þá ótrúlega ötulu sjálfbodaliða sem deildinni hefur borið gæfa til að hafa í kringum sig. Margar hefur vinna létt verk og ljóst að það er verkefni framtíðar er að fjölga enn meira í þessum hópi til að gera starfið enn skemmtilegra.

Fyrir hönd handknattleiksdeildar þakka ég starfsfólki Vals, þjálfurum, styrktaraðilum, sjálfbodaliðum og öðrum velunnurum fyrir samstarfið á árinu sem er að líða og óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi árum.

Stefán Karlsson, formaður handknattleiksdeildar



# Valur – Íslandsmeistari í handknattleik karla 2007



Myndir: Guðni Karl



# Uppskeruhátíð handknattleiksdeildar 2007



8. flokkur, þjálfari Ármann Sigurðsson



8. flokkur, þjálfari Ármann Sigurðsson



7. flokkur kvenna, þjálfari Kolbrún Franklín



7. flokkur karla, þjálfari Bjarney Bjarnadóttir



6. flokkur karla. Þjálfari, Arnór Gunnarsson. Leikmaður flokksins: Andri Geir Guðmundsson. Mestar framfarir: Sturla Magnússon. Besta ástundun: Eysteinn Eyjólfsson



6. flokkur kvenna. Þjálfari: Gréta Björnsson. Leikmaður flokksins: Harpa Brynjarsdóttir. Mestar framfarir: Freyja Inga-dóttir. Besta ástundun: Lea Jerman Plesec



5. flokkur karla. Þjálfari: Jóhannes Lange. Leikmaður flokksins: Sveinn Aron Sveinsson. Mestar framfarir: Bjartur Guðmundsson. Besta ástundun: Guðmundur Marteinsson



5. flokkur kvenna. Þjálfari: Bjarney Bjarnadóttir. Leikmaður flokksins: Ásdís Vídalín Kristjánsdóttir. Mestar framfarir: Sara Sigurðardóttir. Besta ástundun: Sara Lind Kristbjörnsdóttir





4. flokkur kvenna. Þjálfari: Þjálfi Bjarney Bjarnadóttir. Leikmaður flokksins: Birna Guðmundsdóttir. Mestar framfarir: Blædís Kara Baldursdóttir. Besta ástundun: Adama Ndure



4. flokkur karla. Þjálfari: Kristinn Guðmundsson. Maggabikarinn, besti félaginn, gefinn í minningu Magnúsar Blöndal: Magnús Örn Þórsson. Besti leikmaður: Atli Már Bárúson. Mestar framfarir: Ólafur Einar Ómarsson. Besta ástundun: Árni Alexander Baldvinsson



**Meistaraflokkur kvenna í handbolta 2007–2008.** Aftari röð frá vinstri: Karl Guðni Erlingsson, Þorvaldur Skúli Pálsson, Konni, Soffía Rut Gísladóttir, Íris Ásta Pétursdóttir, Kristín Guðmundsdóttir, Hildigunnur Einarsdóttir, Nora Valovics, Anna María Guðmundsdóttir, Ágúst Jóhannsson, Jóhannes Lange, Kristófer Stefánsson og Stefán Karlsson. Fremri röð frá vinstri: Ágústa Edda Björnsdóttir, Katrín Andrésdóttir, Rebekka Skúladóttir, Berglind Íris Hansdóttir, Hafrún Kristjánsdóttir, Jolanta Slapekiene, Dagný Skúladóttir, Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir, Eva Barna.



# Finnst alltaf gaman þegar fólk tjáir mér hversu ótrúlega fallegur ég er

**Guðmundur Steinn Hafsteinsson er 18 ára og leikur  
fótbolta með 2. flokki og meistaraflokki**

einhverjar stelpur og rauk til og úr varð að allar skvísur bæjarins mættu í partý til okkar um kvöldið, reyndar bara svona 10 en samt 100% mæting. Annan eins player hef ég ekki séð.

**Hvernig gekk á síðasta tímabili:** Mjög vel, hefði reyndar mátt ganga betur í 2. flokki en við bætum úr því næsta sumar.

**Bestu vonbrigði síðasta tímabils:** Slæmt gengi í 2. flokki.

**Ein setning eftir tímabilið:** Valsmenn eru Íslandsmeistarar.

**Besti stuðningsmaðurinn:** Bjöggi er stuðningsmaður númer 1.

**Koma titlar í hús næsta sumar:** Ekki spurning.

**Skemmtilegustu mistök:** Fór einu sinni í afmæli þegar ég var lítil og ruglaðist á afmælisbarninu og saklausum gesti sem varð til þess að reyndi að þröngva afmælisgjöf upp á rangan mann.

**Mesta prakkarastrik:** Gekk einu sinni um hverfið með fjarstýrðan bíl sem sprautaði vatni og lagði hann á tröppurnar hjá fólk, dinglaði bjöllunni og sprautaði svo á það þegar það kom til dyra.

**Fyndnasta atvik:** Þegar gamla fólkíð sem á heima í næstu götu stal bolta sem félagi minn átti og fór að kasta á milli.

**Stærsta stundin:** Fyrsta fótboltaæfingin. **Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki karla:** Bjóssi Hreiðars er kexruglaður.

**Besta íslenski knattspyrnumaður allra tíma:** Væntanlega Eiður Smári.

**Hver á ljótasta bílinn:** Ég hef reyndar ekki séð hann, en það er altalað að bílinn hans Baldvins í handbolthanum sé ekki mikið fyrir augað.

**Hvað lýsir þínum húmor best:** Ali G Indahouse.

**Flegustu orð:** „It ain't the size of the boat it's the motion in the ocean.“

**Móttó:** „Winners train, losers complain.“

**Leyndasti draumur:** Að búa í Andabæ.

**Við hvaða aðstæður líður þér best:** Það toppar ekkert að flexa í Nauthólsvík á góðum sumardegum með glænýja Levi's klippingu.

**Skemmtilegustu gallarnir:** Hvað ég er mikil pulsa þegar kemur að tölum, menn misstu t.d. vitið yfir því um daginn að ég vissi ekki hvað Alt Gr var.

**Hvað er það fallegasta sem hefur verið sagt við þig:** Finnst alltaf gaman þegar fólk tjáir mér hversu ótrúlega fallegur ég er.

**Fullkomið laugardagskvöld:** Já, heyrðu það var nú bara eitt þannig um daginn, allir Valsmenn samankomnir í nýja fallega húsinu okkar að fagna titli.

**Hvaða flík þykir þér vænst um:** Vals-treyjuna mína.

**Besti fótboltamaður heims:** Kaká.

**Fyrirmynd þín í fótbolta:** Michael Ballack og Zlatan.

**Draumur um atvinnumennsku í fótbolta:** Að sjálfsgöðu.

**Besti söngvari:** Michael Jackson.

**Besta hljómsveit:** N.W.A.

**Besta bíómynd:** Top Gun.

**Besta bók:** Biblía fallega fólksins.

**Besta lag:** It was a good day – Ice Cube.

**Uppáhaldsvefsíðan:** Menshealth.co.uk.

**Uppáhaldsfélag í enska boltanum:** Liverpool.

**Eftir hverju sérðu mest:** Að hafa verið með skálaklippingu allt þar til ég varð 12 ára, það er 12 árum of mikið.

**Ef þú yrðir að vera einhver annar:** Bósi ljósár.

**4 orð um núverandi þjálfara:** Reynslubolti með ótrúlegt keppnissskap.

**Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera:** Byggja Valur Spa sem yrði pimpaðasta spa í Evrópu.

**Nokkur orð um nýju aðstöðuna á Hlíðarenda:** Fáránlega glæsileg.

**Fæðingardagur og ár:** 14. júní 1989.

**Nám:** Eðliðsfærðibraut í Verzló.

**Kærasta:** Nei.

**Einhver í sigtínu:** Já, allar sætu stelpurnar í Verzló.

**Hvað ætlar þú að verða:** Nautnaseggur, matgæðingur og líffsþekkingur.

**Frægur Valsari í fjölskyldunni:** Gunna Sæm. frænka mín var víst þjóðsagnaper-sóna hjá Val.

**Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í fótboltanum:** Mjög vel.

**Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni:** Bróðir minn er svakalegur skákmaður og hirðir þar með þennan titil.

**Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða:** Meðlimur í Luxor.

**Stjörnuþá þín fyrir næsta ár:** Titlar, gellur og peningar.

**Af hverju fótbolti:** Einfaldlega langskemmtilegast.

**Af hverju Valur:** Flottasta liðið.

**Eftirminnilegast úr boltanum:** Það var þegar við vorum í æfingaferð í 3. flokki í Danmörku. Við vorum í einhverjum smábæ og einu sinni þegar við sátum að snæðingi kom Kjartan fararstjóri auga á





**TAGHeuer**  
SWISS AVANT-GARDE SINCE 1860



WHAT ARE YOU MADE OF?

BRAD PITT AND HIS AQUARACER AUTOMATIC  
[www.tagheuer.com](http://www.tagheuer.com)

*Leonard*

KRINGLAN / LEIFSTÖÐ  
[WWW.LEONARD.IS](http://WWW.LEONARD.IS)

## Hver er Valsmaðurinn?

Eftir Jón Guðmundsson

# Halldór, þú ert ekki bara á undan þinni samtíð ... þú ert á undan þinni framtíð

Mynd: Guðni Karl

Halldór Einarsson, Dóri eða Henson stendur á sextugu. Á nýlegri sjálfsmynd sem Halldór málaði í tilefni afmælis síns, lét prenta á geisladisk og sendi sem boðskort í afmælið er annar helmingur hans í jakkafötum en hinn í Valsbúningnum. Vinir Halldórs segja að þar villi hann heldur betur á sér heimildir því í raun sé Halldór 100% Valsmaður. Hvað sem um það má segja hefur Halldór verið einn öflugasti liðsmaður Vals um áratuga skeið og nánast holdgervingur félagsins. Um Halldór verður ekki annað sagt en hann setji lit á lífið, gleðigjafi sem hann hefur ásamt eiginkonu sinni Esther Magnúsdóttur rekið fyrirtækið Henson, af mikill þrautseigju, brátt í fjóra áratugi.

*Ég hef í lífinu átt mér þrjú prinsipp. Það fyrsta er að vera alltaf giftur sömu konunni, annað er að vera ætíð Valsmaður það þriðja er að láta alltaf Steina rakara á Vesturgötunni klippa mig. Ég hef staðið við þetta allt ... nema einu sinni þurfti ég að láta klippa mig á Englandi. Þá hringdi ég í Steina og fékk leyfi.*

Faðir minn Einar Halldórsson var Vestmannaeyingur, fyrsti landsliðsmaður Eyjammanna í fótbolta. Hann kom til Reykjavíkur til að ganga í Verslunarskólann og kynntist þar móður minni Sigrúnu Bjarnadóttur sem ættuð er úr Skaftafellsýslu. Ég á fjórar systur en sjálfur kom ég í heiminn þann 23. desember 1947.

## Esther

Ég sá nú Esther fyrst að spila handbolta með Breiðablikk upp í Valsheimili. Mér leist náttúrulega svakalega vel á þessa stelpu. Svo hitti ég hana í Glaumbæ og allt small saman. Þetta gerðist nú á því herrans ári 1966. Esther á stóran þátt í Henson og hefur stutt mig í gegnum þykkt og þunnt. Þetta er svona teamwork hjá okkur. Ég hef náttúrulega flotið á því að fjölskyldan hefur alltaf stutt mig. Krakkarnir Einar Bjarni, tölvunarfræðingur og Bergþóra hafa alla tíð komið að fyrirtækinu.

## Að verða Valsmaður

Ég er alinn upp í KR-hverfinu á horn-





*Siggi Dags í kunnuglegri stellingu í Benfíca leiknum.*



*Band United, Dýri, Elmar, Halldór, Rúnar, Guðjón Hilmars, Kalli Hermanns og Þorsteinn Ólafsson.*



*Alvöru old boys-lið.*

inu á Ljósvallagötu og Hringbraut þaðan sem Melavöllurinn blasti við. Ég var í raun alltaf með KR-ingum. En það kom aldrei annað til mála en að ganga í Val. Pabbi hafði spilað með Val og m.a. orðið Íslandsmeistari með þeim 1956. Ég kynntist vel köllunum sem spiluðu með pabba. Seinna meir festist í mér umhyggjan fyrir félaginu þannig að ég held að Valsmaðurinn í mér hafi bara verið í genunum. Annars var þátttaka mín í Val frekar lítil framan af því ég fór alltaf til Vestmannaeyja á sumrin til afa og ömmu. Ég spilaði mikið fótbolta í Vestmannaeyjum.

Þá æfðu krakkar ekkert á veturna. Svo fækkaði ferðunum til Vestmannaeyja og ferðum á Hlíðarenda fór að fjölga.

Minningar frá þeim tíma eru frábærar. Þar voru áberandi þessir menn sem byggðu félagið upp og héldu tryggð við það alla tíð. Sigurður Marelsson var mjög áberandi. Hann sá um og hélt uppi unglíngastarfinu meira og minna einn og sér. Svo voru það menn eins og Sigurður Ólafsson, Úlfar Þórðarson, Andreas Bergmann, Frímann Helgason og fleiri sem unnu þarna öllum stundum. Svo sást séra Friðrik endrum og eins. Það voru sjálfboðaliðar sem þjálfuðu og þáðu örugglega litlar eða engar greiðslu fyrir. Annars var öll umgjörðin afskapleg einföld. Það var lítið um ferðalög eða eitt-hvert brambolt í kringum starfið en það voru leikir og mót og þau voru öll tekin alvarlega og hart barist. Fjöldi krakka á æfingum á þessum árum var gríðarlegur. Á æfingu í fimmta flokki gátu verið um eða yfir hundrað krakkar.

Maður leit mjög upp til meistara-flokksins og ég man vel eftir því að við fylgdumst af áhuga með því hvort Valur væri ekki að koma upp með einhverja stjörnu. Þá komu stjörnurnar upp úr röðum Valsmanna. Það voru alveg undur og stórmerki ef það kom leikmað-

ur úr öðru félagi. Árið 1965 var Vallur með mjög sterkan annan flokk, ég var á vinstri kanti og framlínan var Hermann, Gunnstein Skúla, Svenni Alfons. Á hægri kanti voru til skiptis Lalli Loft og Bragi Bergsveinsson. Við skorudum helling af mörkum og unnum öll mót. Ég skoraði eitthvað sem vinstri útherji. Það var mikið gaman þetta sumar. Þrjú þjálfarar skiptu því á milli sín að þjálfva liðið. Það voru þeir Gunnar Vagnsson, Snorri Jónsson og Gunnar Gunnarsson. Alveg ótrúleg aðferð miðað við þjálfun í dag en liðið var gríðarlega sterkt.

### Bankað uppá hjá meistaraflokki

Ég er svo að berjast við að reyna að komast í meistaraflokkinn upp úr þessu og banka á dyrnar með því að komast að sem varamaður í bikarúrslitaleik þá um haustið á Melavellinum. Sumarið 1966 spilaði ég svo nokkra leiki með meistaraflokki þar á meðal fjóra Evrópuleiki. Við vorum fyrstir íslenskra liða til að komast í aðra umferð keppinnar með því að sigra Jeunesse frá Luxemborg. Síðan lentum við á móti belgíska liðinu Standard Liege í annarri umferð. Þetta voru því mjög merkilegir leikir í sögu íslenskrar knattspyrnu.

Frá 1965 eru mér minnisstæðir þeir Sigurður Dagsson markvörður, bakverðirnir Árni Njálsson, Þorsteinn Friðbjólfsson, Samúel Örn Erlingsson arkitekt, og Sigurður Ólafsson yngri. Þeir sem deildu með sér öðrum varnarhlutverkum og miðjúsveðinu voru þá m.a. Björn Júlíusson, Sigurður Jónsson, Páll



*Tveir örvfættir, Henson og Bobby Charlton*



*Halldór Einarsson framkvæmir hina „fullkomnu taklingu“.*



*Fyrsta auglýsing Henson. Tvennt sem Íslendingar þurfa ekki að flytja inn, þorskur og íþróttafatnaður.*



Sjálfsmyndin sem fór á afmælisdiskinn.

Ragnarsson, Bergsveinn Alfonsson, Sigurjón Gíslason og Bergsteinn Magnússon. Í framlíunni voru Hermann, Ingvar Elfsson, Reynir Jónsson, Gunnsteinn Skúlason og Smári Jónsson bróðir Reynis. Þetta lið hélt svo áfram. Þá voru menn ekkert að fara í önnur félög. Sá eini sem var líklegur til að fara var Hemmi en hann hefði þá bara farið í atvinnumennsku til útlanda. Það var enginn annar á leið í atvinnumennsku og menn hugsuðu ekkert út í svoleiðis. Alls ekki. Þetta var bara gaman og verðlaunin voru Evrópufेरðirnar.

Ég veit ekki hvað ég hefði tekið til bragðs ef ég hefði ekki komist í meistaraflakksliðið. Það hefði verið mjög erfitt fyrir mig að fara í annað félag. Maður vildi vera í meistaraflakki Vals. Það sem dreif mig áfram var nú bara það að mér fannst mjög gaman að spila fótbolta og félagsskapurinn var frábær. Ég var svo sem ekkert ósáttur löngu síðar þegar ég komst ekki lengur í meistaraflakki. Þá spilaði ég bara með fyrsta flokki og hafði gaman af því. Það var miklu afslappadra og við náðum okkur vel á strík þar, unnum mót sem Valur hafði ekki unnið í fjölda ára. Við Lárus Ögmundsson spiluðum gjarnan á miðjunni og Hemmi kallaði okkur síamstíburana. Svo fór maður fram í hornin og potaði inn einu og einu marki. Ferillinn í meistaraflakki er því tólf ár frá 1966 til 1978.

## Glaumbær og forréttindi

Við fengum okkar forréttindi út úr þessu þótt þau séu nú ekki mikil miðað við það



Kollegar í tónlist og fótbolta. Henson og Rod Stewart.

sem gerist í dag. Einar Björnsson sem var mikill og harður Valsmaður starfaði við það að hafa eftirlit með vínveitingahúsum í Reykjavík á þessum árum. Þá var Glaumbær aðal skemmtistaðurinn. Einar þurfti því vegna starfa sinna að hafa eftirlit með Glaumbæ.

Þar mynduðust alltaf miklar raðir og gat verið erfitt að komast inn. Þá var gott að eiga að Valsmanninn Einar Björnsson í eftirlitinu því hann tók okkur strákana, stundum aftast úr röðinni og fór með okkur fram fyrir alla og beint inn ... og þá erum við að tala um hundrað metra langa biðröð. Þetta voru nú laun knattspyrnumanna, Evrópufेरðirnar, félagsskapurinn og svona hlutir eins og að komast auðveldlega inn í Glaumbæ.

## „Say sorry“- Benfica-leikirnir

Það er engin spurning að það sem stendur uppúr er þetta ótrúlega ævintýri þegar Benfica kom 1968. Það skapaðist því lík stemning á Íslandi fyrir þessum leik. Það var nú sennilega þessi magnaði leikmaður Eusébio sem olli þessu fjadrafoki. Þá kom til Íslands í fyrsta skipti súperstjarna í fótbolta. Það hefði verið hægt að selja miklu fleiri miða. Þótt völlurinn hefði tekið tuttu og fimmþúsund manns hefði völlurinn fyllst. Það voru átjánþúsund þrjúhundrað og nú sem keyptu sig inn, það var alls staðar fólk. Þetta var ótrúlegt, jafnvel haustblíðan átti sinn þátt í að það myndaðist mögnuð stemning. Leikmennirnir og þeir sem stóðu liðinu næst voru mjög duglegir að auglýsa upp leikinn. Við settum plaköt á alla ljósastaura, þá voru ljósastaurarnir tréstarur svo auðvelt var að negla í þá. Liðið undirbjó sig ekkert sérstaklega fyrir þennan leik umfram aðra leiki. Þetta var afar einfalt, ekkert vesen. Við vorum heldur ekk-

ert stressaðir. Þetta var fyrst og fremst feikilega gaman. Stemningin í búningsklefanum var mikil og alveg magnað að hlaupa út á alveg kjaftfullan völlinn.

Leikurinn sjálfur var í raun frekar rólegur, engin keyrsla. Þeir tóku þessu frekar létt. Palli Ragnars var settur á Eusébio og elti hann hvert sem hann fór. Það breytti ekki því að ég lenti auðvitað í kappanum, hann var gríðarleg flinkur og fljótur. Einhvern tímann þegar ég tæklaði hann sagði hann við mig „say sorry“ það var vandalaust af minni hálfu. Þá fannst honum tæklingin eitthvað ósanngjörn.

Síðan fengum við til tevatnsins í leiknum úti í Portúgal. Það var gríðarlegt ævintýri að koma þarna. Þá var allt gefið í botn og þessi atvinnumannatrix notuð óspart. Gott dæmi um það var að Simoes kantmaður þeirra var að undirbúa fyrirgjöf, ég dekkadi hins vegar Torres, sem var nú hálfgerður gíraffi, svo hávaxinn var hann. Rétt áður en Simoes gefur fyrir þá fæ ég þetta líka olnbogaskot í magann, þannig að þegar Torres skallar boltann í netið þá er ég að einbeita mér að ná andanum. Svo stigu þeir á ristina á manni og notuðu ýmis brögð sem við áhugamenn frá Íslandi kunnum engin svör við. Eiginlega var þessi leikur nokkrum tölum of stór fyrir okkur.

Félagið hagnaðist um stórfé á þessu. Það fékk enginn krónu fyrir störf sín og það sem ef til vill er miklu merkilegra, það ætlaðist enginn til þess.

## Íslandsmeistarar 1966 í rugby-búningum

Fyrir utan leikina við Benfica var Íslandsmeistaratítilinn 1966 eftirminnilegur. Valsmenn urðu þá Íslandsmeistarar í knattspyrnu eftir æsispennandi úrslitaleiki við Keflavík. Um átta þúsund





Með alvöru vinstrifótarmanni Ferenc Puskas.



Parf nokkuð að kynna þennan til vinstri? Pele

manns komu á hvorn leik. Gaman er að geta þess að innkoman af leikjum sumarsins fór öll í sameiginlegan pott. Þróttarar sem féllu í aðra deild fengu sömu upphæð og Valur. Valsmenn léku þetta sumar í rugby-búningum. Sá sem pantaði búningana fór línuvillt í bæklingi og pantaði óvart rugby-búninga. Þeir voru með kraga og úr ofnu efni, það blés andskotans ekkert í gegnum þá svo menn voru eins og með segl aftan úr sér þegar þeir voru á keyrslu. Þetta var bara svona. Það ver ekkert verið að afskrifa þessa búninga eða panta nýja. Við urðum svo Íslandsmeistarar tvö ár í röð í þessum búningum.

### Henson

Þegar ég var polli hafði ég mestan áhuga á því að fara að framleiða skó. Framleiðsla er eitthvað sem á vel við mig. Ég hef auga fyrir þessu. Það er alveg frábær tilfinning að teikna eitthvað á blað klukkan átta að morgni sem er svo tilbúið hérna samdægurs. Það eru svona hlutir sem eiga vel við mig, að sjá hluti verða að veruleika. Henson er í dag mjög tæknilega fullkomið fyrirtæki. Ekkert fyrirtæki á Íslandi býr yfir sams konar tækni og mitt. Við getum gert hlutina eins og viðskiptavinurinn vill. Það er gaman að segja frá því að þrjú félög sem orðið hafa Evrópumeistarar hafa leikið í Henson-búningum.

Það hafa komið lægðir hjá okkur í Henson sem hafa tekið rosaleg á. En ég hef aldrei brotnað niður og orðið að viðurkenna að ég væri gjörsamlega búinn að klúðra öllu. Ég hef alltaf séð týru. Þegar ég var fullur af orku og stefndi hátt gerði ég þessi heiftarlegu mistök að fara að reisa þriðja fyrirtækið hérna heima. Fyrirtækið gekk á þessum tíma afbragðs vel, hörku rekstur og kraftur. Ég var

með verksmiðjuna hérna í Reykjavík og svo á Sel-fossi. Ég var líka búinn að undirbúa stofnun verksmiðju í Skotlandi. Þar var allt klárt nema að skrifa undir. Ég hefði betur gert það og sleppt þessu ævintýri á Akranesi. Algjör mistök. Maður var bara svo trúður á eigin ágæti, fannst að mér gæti ekki fatast.

### Félagsstörf

Það var svo svona sjálfgert að fara að vinna fyrir félagið eftir að ferlinum lauk. Við Villi Kjartans og Hemmi gengum t.d. í það árið 1975 að skipta um stjórn í knattspyrnu deildinni. Fórum bara heim til stjórnarmanna, ræddum við þá og spurðum þá hvort þeir væru ekki til í að hleypa að nýjum mönnum. Þetta gekk allt vel fyrir sig og án allra leiðinda. Þá tók við stjórn Péturs Sveinbjarnasonar. Við sáum að upp í meistaraflokk væri að koma því líkur afburða hópur að ástæða væri til að skipta um stjórn, fá nýtt blóð og skapa nýja umgjörð. Það gekk eftir. Þetta var í upphafi Youra-tímabilsins. Þarna voru að koma upp strákar sem mynduðu síðan eitt besta knattspyrnu-lið sem leikið hefur á Íslandi.

Godsögnin Jimmy Greaves á milli Halldórs og Peter Spall.



Alan Shearer er godsögn á Tyneside.



Varnarmaðurinn með með sönnum sóknarmönnum þeim Cyrille Regis og David Platt. Frábærir leikmenn báðir tveir.





Með Vigdís Finnbogadóttur þáverandi forseta í Japan.



Halldór og Grímur formaður Vals á góðri stundu.

## Neyðarkall frá formanni, körfubolti og kjötskrokkar

Svo kom neyðarkall. Það vantaði formann körfuknattleiksdeildar Vals. Körfuboltinn var í einhverri kreppu. Bergur Guðnason var formaður Vals og bað mig um að taka þetta að mér. Ég var líka á fullu í meistaraflokksráði knattspyrnu deildar og með mikinn rekstur í mínu fyrirtæki. Reynsla mín er sú að þeir sem hafa mikið að gera koma mestu í framkvæmd. Ég fékk stráka úr fótboltanum með mér í þetta, Bjarna Bjarna., Grím, Helga Magg., Baldvin Jóns., Lalla Ögmunds. og fleiri. Þetta gekk alveg óhemju vel. Ég var formaður þrjú tímabil. Annað tímabilið var afburða ár, við unnum öll fjögur mótin sem keppt var í.

Ég hef alltaf reynt í störfum mínum að koma með nýjungar, mér finnst gaman að svoléiðis brölti, brydda upp á einhverju. Þetta fylgir mér svolítið að reyna gera hlutina öðruvísi en aðrir. Ég er til dæmis sá fyrsti hér á landi sem notaði spjöld með númerum leikmanna þegar leikmönnum er skipt útaf í leikjum. Ég var liðsstjóri meistaraflokks eftir að ég hætti að spila og fannst ekkert sniðugt að vera að öskra inn á völlinn hver ætti að koma útaf. Ég fékk mér bara spjöld og skrifaði á þau númer leikmanna. Auðvitað hafði ég séð þetta einhvers staðar en var sá fyrsti hér á landi.

Þegar ég var formaður körfuknattleiksdeildarinnar vildi ég auðvitað fá fólk á körfuboltaleikina. Við vildum hafa eitt-hvað sniðugt í gangi í hálfleik. Úr varð að við vorum með hittnikeppni. Áhorfendur áttu að reyna að hitta í körfuna frá miðju. Sá sem hitti fékk kjötskrokk. Kjötskrokkurinn var á statífi merktu Kjötmíðstöðinni hans Hrafns Bachmanns og var dreginn fram á gólfíð í hálfleik. Reyndar ekki alltaf sami kjötskrokkurinn. Svo var það að Valur átti að spila bikarúrslitaleik við KR í Laugardalshöll-

inni. Við Baldvin Jónsson fórum til fundar við Helga Ágústsson núverandi sendiherra og Einar Bollason. Ég stakk upp á því við þá að hafa kjötskrokkakeppnina í hálfleik og fannst þeim það hið besta mál. Sem og ég segi þetta, mundi ég eftir því að skrokkurinn frá síðasta leik, sem ekki hafði gengið út, hafði gleymst úti í bíl. Einhverjir dagar höfðu liðið. Það var auðvitað hávetur svo kannski ekki stórhætta á ferðum en ég keyrði í ofboði með skrokkinn inn í Kjötmíðstöð til Krumma og hljóp með hann niður á skrifstofu. Krummi tók þessum tíðindum með hægð og sagði; blessaður Dóri minn, ekkert mál, ég nota hann bara í hakkið.

Ég hafði samt ekki körfuboltann í mér. Fyrir mér vakti auðvitað að gera félaginu gagn.

Maður verður að alast upp í íþróttinni. Einu sinni ætlaði ég í fullri alvöru að reyna að koma Jóni Páli, sterkasta manni heims í ameríska fótboltann, Jón hafði sjálfur á því áhuga. Jón Páll var nefnilega mikill íþróttamaður, ekki bara sterkur. Ég talaði um þetta við John Elway úr Denver Broncos, einn frægasta ruðning-skappa allra tíma, sem ég kynntist vegna starfa minna fyrir Henson sport USA. John sagði bara þvert nei því þú dettur ekkert inni svona íþrótt þótt þú sért sterkur og fljótur að hlaupa. Þú þarft að skilja íþróttina frá öllum hliðum.

## Herrakvöld, KSÍ-klúbburinn og heiðurskross KSÍ

Það er engin spurning að ég er upphafsmaður að þessum herrakvöldum eins og þau eru í dag. Ég var að hugsa um fjáröflunarleið fyrir körfuna þegar ég fékk þessa hugmynd. Kalla saman gamla félagi til að skemmta sér eitt kvöld og aflu um leið peninga. Þetta gekk svo vel að ég hvatti önnur félög til að fara út í þetta því ég hef alla tíð verið í miklum tengslum við fjölmörg félög. Þetta

var árið 1982 þá var fyrsta herrakvöldið haldið í sal í Síðumúla og var það nú kannski ekki til eftirbreytni en skilaði samt góðum tekjum.

Ég er upphafsmaður að KSÍ-klúbbnum sennilega 1983 eða 1984. Upphaflega sá ég þetta sem fjárhagslegan stuðning við KSÍ. Þetta gekk í nokkur ár og lagðist svo útaf. Þórir Jónsson og Hörður Hilmarsson endurreistu síðan klúbbinn. Þessi hópur kemur svo saman í tengslum við landsleiki. Ég hef verið formaður býsna lengi en aðrir formenn hafa verið Sveinn Jónsson KR og Ríkhartur Jónsson frá Akranesi. Í sumar hlaut ég æðsta heiðursmerki KSÍ, heiðurskrossinn fyrir störf að knattspyrnumálum. Það fannst mér gríðarlegur heiður.

## Landsliðið og íslensk knattspyrna

Ég hef mikinn áhuga á landsliðinu og skoðanir á því hvernig íþróttin á að þróast. Nú er til dæmis nýbúið að ráða Óla Jó og Pétur sem landsliðsþjálfara. Við styðjum að sjálfsögðu við bakið á þeim. Vonandi gengur þeim vel. Mín skoðun er hins vegar sú að þegar næst verði hugað að ráðningu landsliðsþjálfara sleppi stjórn KSÍ ekki því tækifæri, að hlusta að minnsta kosti eftir hverjir úti í hinum stóra heimi væru tilbúnir að taka að sér starfið. Mér finnst skrytið hvernig við förum úr einum öfgunum í aðra ef lítið er til þjálfaramála. Stundum hafa allir þjálfarar í efstu deild verið útlendingar og stundum allir Íslendingar. Þessi heimur hefur gjörbreytst. Það er eins og við getum ekki farið einhvern meðalveg í þessu. Við verðum að hafa víðsýnið til að líta í kringum okkur. Hér fara sömu þjálfararnir nokkuð skipulega á milli sömu liðanna.

Á þessum árum ljúka margir alþjóða stjórnuleikmenn ferlinum, moldríkir menn. Margir þeirra vilja halda áfram að starfa í íþróttinni þótt þeir þurfi svo sem





Mín stærsta stund í fótbolttanum. Sæmdur heiðurskrossi KSÍ 2007. Með Michel Platini forseta UEFA og Geir Þorsteinssyni formanni KSÍ.

ekkert að vinna peninganna vegna. Fót-boltinn er þeirra líf. Það yrði lyftistöng fyrir knattspyrnuna hér að fá stórt nafn til að þjálfa landsliðið. Mann með sambönd sem gerði það líka eftirsóknarverð-ara fyrir fyrirtæki að leggja nafn sitt við starfið. Þessu fylgdi veruleg könnunar- vinna en gæti verið vel þess virði.

### Sextugur og mikið verk óunnið

Margir þeirra sem verða sextugir fara svona að vinda ofanaf, fara að slaka á sem er hið besta mál. Í raun heillar þetta mig ekki neitt en sem komið er. Ég á hins vegar mikið verk óunnið, t.d. í mál- aralistinni. Ég er búinn að mála alla mína tíð. Það getur meir að segja vel verið að ég geti orðið sæmilegur listamaður. Ég hef til dæmis teiknigetuna nokkuð góða. Það er að mínu mati góður grunnur. Ég gæti vel hugsað mér og er alveg ákveð- inn í því ef mér heilsast vel að sækja mér síðar meir meiri menntun í málara- list.

### Ég vil styrkja innviði Vals og endurreisn fjóssins

Ég er búinn að koma að ýmsu fyrir Val. Allt frá því að selja pylsur fyrir leiki, stofna fyrsta hlutafélagið, Hlíðarenda, sem ætlað var að fá erlenda leikmenn til Vals og óteljandi önnur verkefni. En það sem mér þykir vænst um er einmitt það sem er að hefjast núna á næstunni. Ekkert eitt verkefni innan félagsins hefur heillað mig eins og þetta. Þetta verkefni er að endurreisa fjósið á Hlíðarenda og auka veg fulltrúaráðsins.

Ég er búinn að fá stuðning við það að fjósið verði tekið upp og gert að „flott- asta“ klúbbhúsi á Íslandi. Fjósið verði í framtíðinni athvarf allra Valsmanna. Þetta er ótrúlega heillandi verkefni. Þarna er líka okkar tækifæri að varðveita söguna. Þá getur unga kynslóðin séð hana svart á hvítu og kynnst því merka fólki sem skóp hana. Leiðtogar félagsins geta sýnt innlendum og erlendum gestum klúbb-

hús sem stend- ur undir nafni. Með þessu vil ég styrkja innviði félagsins. Það er stórmál. Val- ur er svo miklu meira en félag sem sendir lið til keppni í ýms- um mótum. Ég

er ekki endilega viss um að mestu hetjur Vals hafi verið þeir sem mest hefur bor- ið á inn á vellinum. Mér eru minnisstæð- ir þessir kallar sem endalast gátu ver- ið að gefa af sér í starfinu. Maður eins og Siggi Mar. sem var þarna í fjósinu að sýna kvikmyndir, syngjandi um Pálínu og saumamaskínuna. Ég er að hugsa um að láta gera vaxmynd af honum. Láta Sigga vera þarna við dyrnar og taka á móti gestum með sýningarvélina undir annarri hendinni og brúna töskuna und- ir hinni. Væri það ekki smart? Hlíðarendi er vagga Vals. Þessar gömlu byggingar verða að standa. Uppbygg- ingin breytir þar engu um. Þær minna okkur á upp- runann. Það að endurvekja fulltrúaráðið er mér líka mikið hjartans mál.

### Eighteen yellow roses

Ég held að ég hafi sungið þetta lag „Eighteen yellow roses“ fyrst á leiðinni upp á Akranes, með meistara- flokki Vals hér í dentíð. Það er svo sem ekkert dularfullt við þetta. Ég heyrði þetta í útvarpinu með Bobby Dar- in og fannst lagið fallegt. Síðan hefur það fylgt mér. Ég held bara að það verði ekki annað hægt en að flytja þetta við útförina mína og helst af eigin disk. Það væri fínt að spila upptökuna sem ég gerði um daginn og setti á disk- inn sem fylgdi með boðskortinu í 700



Halldór og frú Esther.



Gordon Banks færði Halldóri áritaða mynd frá heimsmeisturum Englendinga 1966.



Evrópumeistarar Aston Villa, Czka Moskva og Spartak Kiev léku í búningum frá Henson.

manna afmælið mitt. Ég syng þá yfir sjálfum mér. Það væri vel við hæfi, við blöndum ekki öðrum í það.

# Vil sjá Val til fyrirmyndar að bjóða upp á tvær leiðir til íþróttaiðkunar

Ragnhildur Skúladóttir er nýráðinn yfirmaður barna- og unglingsviðs hjá Val er með Valshjartað á réttum stað

Ragnhildur Skúladóttir er með meistraráðu í lýðheilsufræði við Háskólann í Reykjavík, Cand. mag. próf í íþróttfræði við Íþróttaháskólann í Ósló með áherslu á þjálfun, þjálfraði og heilsu- og íþróttalíffræði og íþróttakennara- próf frá Íþróttakennarskóla Íslands. Hún hefur kennt við Háteigsskóla og á námskeiðum KSÍ og ÍSÍ. Hún á einnig glæstan feril að baki í knattspyrnu sem leikmaður með Val og við þjálfun. Ragnhildur tók vel í beiðni Valsblaðsins að svara nokkrum spurningum.



Ragnhildur segir að það sé yfirlýst markmið félagsins að fjölga iðkendum um helming á næstu árum en til þess að það megi takast þurfi félagið að bjóða upp á betri þjón-

ustu en önnur félög og það eigi að vera eftirsóknarvert að æfa í Val. Aðstaðan verði innan tíðar ein sú besta á landinu en félagið þurfi líka að geta boðið börnunum upp á hæfustu þjálfarana og besta félagsstarfið. „Við þurfum að vera tilbúin til að taka á móti öllum bæði þeim sem ætla sér frama í íþróttum og þeim sem vilja vera í íþróttum til að hreyfa sig og njóta félagsstarfsins. Ég tel að í félaginu starfi núna mjög hæfir þjálfarar í öllum flokkum karla og kvenna og þannig á það að vera í félagi eins og Val,“ segir Ragnhildur greinilega stolt af félaginu sínu. „Á hundrað ára afmæli Vals árið 2011 verðum við enn betri en í dag, með mun fleiri iðkendur, og litíð verður til okkar sem fyrirmyndarfélags á öllum sviðum,“ segir Ragnhildur.

**Í hverju er starf þitt í Val fólgið?**

„Ég er í ákveðnu þjónustuhlutverki gagnvart iðkendum, þjálfurum og foreldrum. Sé um stefnumótun í barna- og unglingsstarfi félagsins og er tengiliður félagsins við ÍBR, ÍTR, skólana í hverfinu og hverfamistöðina. Svo heyra íþróttaskólarnir undir mig, en þeir eru starfræktir í skólunum þremur, Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla fyrir öll sex ára börn.“

**Hvernig líst þér á Val í dag?**

„Knattspyrnufélagið Valur stendur á vissum tímamótum í dag, aðstaðan hefur gjörbreytst með tilkomu nýja hússins og keppnisvallarins og svo hefur félagið breytt sínu innra skipulagi sem má segja að sé enn í mótun. Þrátt fyrir þessar breytingar þá finnst mér félaginu hafa tekist að viðhalda því sem mér hefur alltaf fundist svo jákvætt, en það er viðmótíð þegar maður kemur hingað á Hlíðarenda. Allir velkomnir ungir sem aldnir, þessu þarf félagið að halda við.“

**Hvernig viltu sjá Val þróast?**

„Ég vil sjá félagið verða fyrirmynd annarra félaga í því að bjóða iðkendum upp á tvær leiðir til íþróttaiðkunar sérstaklega þegar komið er á unglingsaldur. Annars vegar afreksleiðina fyrir þá sem ætla að ná langt í íþróttageinininni og hins vegar aðra leið fyrir þá sem vilja æfa tvisvar til þrisvar í viku. Þannig höldum við fleiri einstaklingum lengur í íþróttum sem er jákvætt þegar horft er til forvarnargildis íþróttar þegar kemur að vímuefnatöku. Þessir einstaklingar væru hugsanlega til í að einbeita sér að dómara-, þjálfara- eða félagsstörfum fyrir félagið. Við þurfum að bjóða alla velkomna, því að störfín eru mörg og eins og við vitum þá vinna margar hendur létt verk.“

**Æfði skíði, spilaði handbolta og fótbolta með strákunum**

„Ég bjó í Drápuhlíðinni fram á fjórða ár þegar ég flutti upp í Árbæ sem þá var að byggjast upp. Í Árbænum var mikið af börnum og í minningunni léku heilu hóparnir sér saman úti í leikjum, var aldursbilið breitt og allir máttu vera með. Leikirnir voru af ýmsu tagi eins og Ein króna, Brennó, Kíló og Löggur og bófar. Svo spiluðum við mikinn fótbolta. Í þá daga spiluðu ekki margar stelpur fótbolta og vorum við alltaf litnar hornauga, en þegar við vorum búnar að sanna fyrir strákunum að við gátum eitthvað þá var okkur tekið sem jafningjum. Í þá daga voru íþróttafélögin ekki með fótbolta fyrir stelpur, en ég fékk einstöku sinnum að vera með á æfingum hjá strákunum. Ég spilaði líka handbolta fram á unglingsár og svo æfði ég skíði sem var á tímabili aðal íþróttageinin mín.“

**Skemmtileg æskuminning**

„Þegar ég keppti á fyrsta skíðamótinu mínu þá hafði ég aldrei mætt á skíðaæfingu og aldrei farið í braut. Ég var stödd upp í Hamragili sem þá var félagssvæði skíðadeildar ÍR og það var að hefjast skíðamót. Ég var búin að vera talsvert á skíðum og langaði að prófa að keppa. Eins og flestir vita þá gengur svigkeppni út á að fara á milli rauðra og blárra hliða á víxl, en um miðja braut var ég búin að detta nokkrum sinnum og þá kom til mín hugusamur portavörður og sagði mjög blíðlega: „Heyrðu elskan viltu ekki bara hætta keppni núna, þú ert búin að sleppa úr svo mörgum hliðum“. Ég hafði reynt að gera mitt besta en vissi ekki betur út á hvað svona skíðakeppni gekk. Eftir þessa reynslu fór ég að æfa skíði og skammaðist mín hrikalega fyrir þessa fyrstu skíðakeppni, en hef seinna oft hlegið að þessari minningu.“



### Hvernig lágu leiðir þínar til Vals?

„Þegar ég var 12 ára þá flutti ég í Hvassaleitið og fór í Fram í handbolta. Fram var einnig með fótbolta en bara meistaraflokk kvenna. Í þá daga reim- uðu handboltakonur á sig fótboltaskóna á sumrin til þess að viðhalda forminu, en engin stelpa í Fram æfði eingöngu fót- bolta. Ég spilaði 12 ára fyrsta meistaraflokksleik minn með Fram og skoraði í honum mark og var ekkert smá mont- in með það. Ég hélt svo áfram að spila fótbolta úti með strákunum og kynntist Ragnheiði Víkingsdóttur sem einnig bjó í Hvassaleitinu. Hún reyndi svo í nokk- ur ár að fá mig í Val og ég lét á endanum til leiðast, enda voru Framarar búnir að leggja kvennaboltann niður. Ég var ótrú- lega heppin með hópinn í Val og tilheyri ég stórum hópi sem heldur mikið sam- an, enda alltaf mjög gaman hjá okkur. Það er erfitt að tína einhverjar út úr hóp- num, en ef ég þarf að nefna einhverjar þá voru þessar hvað mest áberandi í gegn- um minn feril, captain Ragga Víkings-, Bryndís Vals., Gunna Sæm. og Kristín Arnþórs.“

### Hvað er eftirminnilegasta atvik úr íþróttuferlinum?

„Það er erfitt að nefna eitthvað eitt atvik úr íþróttuferlinum, en ég held að sætasti sigurinn hafi verið bikarúrslitaleikur við ÍA 1985 sem við unnum í vítaspyrnu- keppni. Segja má að við höfum komið beint í leikinn frá Ítalíu, en þangað fórum við í keppnisferð. Okkur hafði ekki gengið neitt sérstaklega hérna heima þetta sumarið og var ÍA talið mun sigurstrang- legra fyrir þennan leik. Mórallinn innan okkar liðs var hins vegar stórkostlegur eftir góða ferð til Ítalíu og tel ég að sig- urinn hafi fyrst og fremst unnist á góðum liðsanda. Þessi sigur var svo upphafið að nokkrum frábærum árum með mörgum bikar- og Íslandsmeistaratitlum.“

### Þjálfaraferill

„Ef ég man rétt þá hófst þjálfaraferill- inn árið 1982, en þá tókum við að okk- ur yngri flokk kvenna ég, Ragnheiður Víkings. og Bryndís Vals. og voru launin tveir Henson gallar á mann og þótti gott. Þá voru bara tveir flokkar í kvennabolt- anum, meistaraflokkur og yngri flokkur. Svo má segja að ég hafi verið með ein- hvern flokk eða flokka til 1992 en þá fór ég í framhaldsnám í íþróttfræðum til Noregs. Eftir að ég kom heim 1994 tók ég 2. fl. kvenna og ég þjálfaði meistaraflokk tímabilið 1996–1997. Árið 1999 tók ég svo við U17 ára stúlknaði Íslands og var með það út árið 2004.“



Íslandsmeistarar Vals í kvennaknattspyrnu 1984. Efri röð frá vinstri: Hafsteinn Tómas- asson þjálfari, Sigrún Cora Barker, Kristín Briem, Bryndís Valsdóttir, Erna Lúðvíks- dóttir, Guðrún Sæmundsdóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir og Sólrún Ástvaldsdóttir. Nedri röð frá vinstri: Eva Þórðardóttir, Védís Ármannsdóttir, Ragnheiður Víkings- dóttir, Sigrún Birna Norðfjörð, Ragnhildur Skúladóttir, Kristín Anna Arnþórsdóttir og Margrét Óskarsdóttir.

flokk tímabilið 1996–1997. Árið 1999 tók ég svo við U17 ára stúlknaði Íslands og var með það út árið 2004.“

### Hvað einkennir góðan þjálfara?

„Góður þjálfari í yngri flokkum þarf að hafa marga eiginleika. Hann þarf að kunna fagið þ.e.a.s. íþróttgreininna, en hann þarf ekki síður að kunna að miðla þekkingu sinni. Svo þarf góður þjálfari að hafa aga á sama tíma og hann getur verið félagi barnanna. Þá er mikilvægt að þjálfarinn geri reglulega eitthvað félags- legt með flokknum fyrir utan æfingarnar, því að góður félagsandi í hópum er lyk- illinn að árangri.“

### Hvernig finnst þér yngri flokka þjálf- un vera hér á landi?

„Ég held að við stöndum mjög vel að vígi í sambandi við yngri flokka þjálf- un hér á landi. Við erum almennt með mjög vel menntaða þjálfara, börn hér á landi æfa almennt meira en í löndunum í kringum okkur og svo hefur öll aðstaða stórbatnað með höllum og gervigrasvöll- um. Þegar unglingsaldri er náð missum við hins vegar of marga út úr íþróttum og er það vandamál sem við þurfum að huga betur að.“

### Eiga Íslendingar raunhæfa möguleika að komast í úrslitakeppni stórmóts í knattspyrnu?

„Það er að mínu mati mun styttra í að kvennalandsliðið komist í úrslitakeppni stórmóts en karlaliðið. Í dag er það yfir- lýst markmið kvennalandsliðsins að komast í úrslitakeppni EM í Finnlandi sumarið 2009 og þó að leikurinn við Sló- vena hafi tapast óvænt úti, þá unnum við Frakka hér heima sem fáir gerðu ráð fyr- ir. Í dag er liðið í öðru sæti í riðlinum og því enn í bullandi sjens með að ná mark- miðinu. Karlalandsliðið er mun neðar á FIFA listanum og hefur ekki náð góð- um úrslitum upp á síðkastið því tel ég að mun meira þurfi til hjá þeim.“

### Skilaboð til ungra iðkenda og foreldra.

„Það liggur mikil vinna í því að verða góður í íþróttum og árangur kemur ekki af sjálfu sér. Til þess að skara fram úr þá þarf einstaklingur að æfa meira en næsti maður og eru mýmörg dæmi um íþrótt- menn sem hafa lagt á sig mikla aukavinnu utan æfingátíma til þess að bæta sig. Gott og nærtækt dæmi um þetta er Margrét Lára sem alltaf hefur æft aukalega. Svo má nefna að áhugi og stuðningur foreldra skiptir mjög miklu máli þegar kemur að íþróttapátttöku barna og unglinga.“

Valsblaðið þakkar Ragnhildi fyrir spjallið og óskar henni góðs gengis í mikilvæg- um störfum sínum fyrir Val.

# Stuðarar – stuðningsmannafélag

Sælir kærur vinir. Þegar ég var inntur eftir pistli þá hugsaði ég með sjálfum mér: það er ekkert mál að redda því og sagði Jamm. Síðan reyndi ég að muna alla leikina, spenninginn angistina og síðast en ekki síst GLEÐINA sem sumarið gaf af sér.

## Við erum meistarar

Þetta byrjaði allt 13. maí. Þá var leikið gegn Fram á LaugarVALS vellinum, 1–1. Maður hugsaði með sér, DJÖ... #&%\$%(\$/&#&# EKKI AFTUR. Síðan skrapp ég til Aþenu og horfði á Liverpool tapa gegn AC Milan. Þetta varð til þess að ég missti af leikjunum við Fylki og KR (16. og 24. maí), en kom svo endurnærður heim í einn slappasta leik okkar í sumar á móti Blikum (0–0). Síðan fengum við vini okkar úr Keflavík í heim sókn (1 stig), skruppum í Víkina (3 stig), á Skagann (0 stig) og þá hófst fjörið fyrir alvöru. Þrjú leikir steinlágu á kantinum, (FH 4–1, HK 4–1, Fram 2–1) og við héldum að þetta væri að klárast. EN ÞÁ KOM STÓRI SKELLURINN, 2–4 tap á heimavelli fyrir Fylki. Þetta setti okkur rækilega út af sporinu margumtalaða, en strákarnir fóru vestur í bæ og sölluðu lánlitla KR-inga 3–0, Sjúkkiitt. Skrambans Blikarnir voru samt harðir á að gefa okkur ekki neitt, og náðum við/þeir öðru jafntefli þessara liða á leiktíðinni. Þá er komið að „litla mótinu“ sem við unnum glæsilega (unnum Keflavík, Víking, gerðum jafntefli við ÍA og unnum svo í lokin FH OG HK).

**Allt í einu rann upp fyrir okkur STUÐURUM ljós.**

**Við erum MEISTARAR!!!!!!!!!!!!**

## Margir koma að starfi Stuðara

En þessi pistill átti að sjáfsögðu að vera um STUÐARA og skal ég nú fara eftir því.

Við Baldur Bongo eyddum löngum tíma fyrir hvern leik í að reyna að samhæfa aðgerðir, oftast tókst þetta með ágætum en nokkrum sinnum var þessu „reddað“ á síðustu stundu. Ég er sérstaklega hamingjusamur með hvað allir voru tilbúnir að aðstoða okkur í þessum mál-



*Siggi Már fer fyrir Stuðurum í stúkunn.*

um öllum, því að stemningu og stuði eins og var hjá okkur í sumar, NÆR ENGINN UPP EINN.

Baldur, Ási, Gulli, Borko, Valli, Gunni, Gestur og FULLT af öðru fólki sem ég gleymi að nefna hér, hjálpaði mikið til og lagði sitt lóð á vogarskálarnar til að sumarið yrði jafn gott og það varð. Einnig má ekki gleyma að félagið sjálf var ötult að hjálpa okkur með alls konar hætti, og þakka ég hér með fyrir það. Ég kem svo til með að boða til fundar snemma árs, þar sem við leggjum línurnar fyrir næsta ár, ég er með slatta af hugmyndum sem mig langar að leggja fyrir ykkur og félagið kærur Stuðarar og sjá hvað ykkur finnst.

*Með þökk fyrir SUMARIÐ.*

*ÁFRAM VALUR*

*Siggi Már*





# Knattspyrnufélagið **Valur** og **Hlíðarendi 2007**

Fyrstu skref í uppbyggingu nýrra mannvirkja að Hlíðarenda voru stigin árið 2001 þegar þeir Reynir Vignir, Grímur Sæmundsen og Hörður Gunnarsson fóru fyrir samninganefnd Vals gagnvart Reykjavíkurborg, varðandi sölu á hluta á erfðafestulandi félagsins, vegna fyrirhugaðrar stofnbrautagerðar við svæði félagsins. Samningur var undirritaður þann 11. maí 2002. Þarfagreiningarnefnd um framtíðar uppbyggingu félagsins var sett á laggirnar undir forsæti Lárusar Hólms, en auk hans sátu þar, Guðmundur Þorbjörnsson, Torfi Magnússon, Nikulás Úlfar Másson og Kristján Ásgeirsson. Þarfagreiningarskýrsla var afhent í febrúar 2003.

Fyrsta skóflustunga að nýjum mannvirkjum Knattspyrnufélagsins Vals var tekin þann 11. maí 2005 af formönnum félagsins. Byggingarnefnd var skipuð fulltrúum Vals og Reykjavíkurborgar: Lárus Hólm, Hrólfur Jónsson og síðar Guðmundur Þorbjörnsson f.h. Vals, Ómar Einarsson og Þorkell Jónsson f.h. Reykjavíkurborgar og formaður var Pétur Stefánsson, verkfræðingur.

## Hlíðarendi, lýsing mannvirkja

Markmið með uppbyggingu nýrra mannvirkja á svæði Knattspyrnufélagsins Vals að Hlíðarenda voru fyrst og fremst þau að uppfylla grunnþarfir Vals fyrir góða framtíðaraðstöðu jafnt til félagsstarfs og íþróttaiðkunar. Þess var einnig gætt að samhliða þörfum Vals væri reynt að haga skipulagi mannvirkja þannig að dagleg starfsemi og rekstur verði sem þægilegust.

### Framkvæmdir í stuttu máli:

- yngra íþróttahús var rífið.
- aðalleikvangur félagsins var færður yfir á fyrrverandi malarvöll.
- nýtt og stærra íþróttahús byggt á stað fyrrverandi íþróttahúss.
- áhorfendastúka/búningsklefaálma sambyggð nýju íþróttahúsi.
- byggð viðbygging við núverandi 2ja hæða tengibyggingu sem tengir saman nýtt íþróttahús og eldri byggingar.



- gengið frá æfingarsvæðum, bílastæðum, girðingum o.fl.

### Meginatriði uppbyggingar koma fram í eftirfarandi liðum.

*Viðbygging tengibyggingar* er tvær hæðir að grunnfleti um 450 m<sup>2</sup>. Þar er fyrst og fremst leitast við að skapa gott og þægilegt rými á aðalorgi sem rúmar allt að 2000 manns og beinir gestum greiðlega í allar áttir, bæði í búningsklefa, íþróttahúsin, í skrifstofur og fundarsali á 2. hæð, upp í stúku, inni og úti og út á knattspyrnuvelli. Aðkoma í stækkaða veislusali á 2. hæð er aðgreind frá aðalinnangi. Alls er viðbygging tengibyggingar um 900 m<sup>2</sup>.

*Nýtt íþróttahús*; stærð þess ræðst fyrst og fremst af þeirri þörf að koma fyrir handknattleiksvelli í fullri lengd og öðrum í fullri breidd. Keppnisvellir í handknattleik og körfuknattleik eru miðjusetir í húsið. Unnt er að þrískipta salnum með 2 fellitjöldum og fá þannig fram þrjá velli fyrir handknattleik og/eða körfuknattleik. Handknattleiksvellirnir eru þá í fullri breidd en ekki fullri lengd. Áhorfendaaðstaða í stólum og bekkjum fyrir um 1300 manns er allan hringinn í húsinu auk þess sem hægt er að standa allan hringinn á svalagangi, þ.a. unnt er að koma fyrir allt að 1800–2000 manns

í salinn. Gólfhlötur íþróttasalarins er um 2100 m<sup>2</sup> auk geymslurýmis og svalagangs hringinn í kringum salinn. Aðgengi áhorfenda í íþróttahúsið verður af 2. hæð hússins inn á svalaganginn og niður á áhorfendapallana. Með þessu móti er komið í veg fyrir skörun leikmanna og áhorfenda. Íþróttahúsið er einnig hannað fyrir samkomur og tónleikahald.

*Áhorfendastúka knattspyrnuvallar* er undir þaki íþróttahússins. Grunnhlötur hennar er 800–900 m<sup>2</sup> og rúmar um 1200 manns í sæti auk stæða. Aðgengi áhorfenda er ýmist um tengibyggingu af svalagangi íþróttahúss eða utan frá, um hlið við vesturhlið tengibyggingar og þaðan upp í stúku. Efst í stúku er rými fyrir heiðursgesti auk fréttamannarýmis. Efst í stúku er aðstaða fyrir hjólastóla og þar er einnig möguleiki á stæðum. Alls getur stúkan rúmað um 1400 manns.

*Búningsklefaálma* nýs íþróttahúss er undir stúku knattspyrnuvallar. Þar eru 8 búningsklefar með læstum munaskápum. Stærð klefanna er 22 m<sup>2</sup> og einn klefi er 35 m<sup>2</sup>. Þeir þjónusta jafnt innisali sem útisvæði. Alls verða 15 – 17 búningsklefar á Hlíðarenda.

*Líkamsræktaraðstaða* er á 1. hæð tengibyggingar um 170 m<sup>2</sup> auk 60m<sup>2</sup> slökunar rýmis í kjallara.

*Stærsta geymslurýmið* er við suðurenda







# Ný íþróttamannvirki Vals bera nafn Vodafone

Ný íþróttamannvirki Knattspyrnufélagsins Vals að Hlíðarenda í Reykjavík munu bera nafn Vodafone samkvæmt samningi. Vodafone verður einn af aðalstyrktaraðilum Vals næstu fimm árin og Valur mun beina öllum sínum viðskiptum á sviði Vodafone til fyrirtækisins.

Ný íþróttamannvirki Vals eru ein þau glæsilegustu á landinu. Framkvæmdir hafa staðið yfir frá árinu 2004 en þá var gamla íþróttahúsið rífið til að rýma fyrir Vodafonehöllinni. Höllin er 2.200 fermetrar að gólfleti og uppfyllir allar kröfur um aðbúnað íþróttafólks og áhorfenda. Þá er Vodafonehöllin sérstaklega útbúin til ráðstefnu-, sýninga- og veisluhalds. Vodafonevöllurinn liggur samhliða Vodafonehöllinni og raunar er ein hlið hennar nýtt undir stúku fyrir knattspyrnuvöllinn. Völlurinn er upphitaður og með vökvunarkerfi.

Valur er sigursælasta íþróttafélag landsins þegar tekið er tillit til Íslands- og bikarmeistararitla í meistaraflokki karla og kvenna í þremur vinsælustu íþróttagreinunum, handknattleik, körfuknattleik og knattspyrnu. Valur er félag með ríka hefð fyrir ábyrgð, metnaði, lífsgleði og heilbrigði. Valur býður upp á framúrskarandi íþróttaupplendi sem styrkir sjálfsmynd og heilbriggt líf barna og ungmenna. Félagið gefur afreksfólki bestu mögulegu forsendur til að þroska og þróa hæfileika

sína og með uppbyggingu nýrra mannvirka á Hlíðarenda gefst Valsfólki á öllum aldri tækifæri til að rækta enn frekar tengsl sín við félagið og aðra Valsmenn.

Vodafone á Íslandi er fjarskiptafyrirtæki í eigu Teymis hf. sem skráð er í Kauphöll Íslands. Starfsmenn Vodafone eru um 350 talsins og þjónusta viðskiptavini á heimilum og hjá fyrirtækjum um land allt með farsíma, síma, nettengingar og sjónvarp. GSM dreifikerfi Vodafone nær til 98% landsmanna og með samstarfi við Vodafone Group, eitt öflugasta

*Ýmsir forystumenn Vals og heiðursfélagar á vígsludegi nýrra mannvirka 25. ágúst 2007. Frá vinstri:*

*Lárus Hólm, Bergur Guðnason, Pétur Sveinbjarnarsson, Sigurður Ólafsson, Jóhannes Bergsteinsson, Þórður Þorkelsson, Grímur Sæmundsen, Reynir Vignir, Jón Gunnar Zoëga, Halldór Einarsson, Hörður Gunnarsson og Brynjar Harðarsson.*

fjarskiptafyrirtæki í heimi, er viðskiptavinum Vodafone tryggð örugg farsímaþjónusta um allan heim.







# Vígsluathöfn nýrra mannv







# Virkið að Hlíðarenda



Laugardagurinn 25. ágúst 2007 var stór dagur fyrir alla Valsara og óhætt að segja að hann hafi farið vel fram. Fjölmargir komu að skipulagningu og framkvæmd vígsludagsins. Fyrirverandi formenn og heiðursfélagar tóku sig einkar vel út við vígslu glerskífunnar um sögu Hlíðarenda. Það var virkilega gaman að sjá alla flokka félagsins ásamt þjálfurum heimsækja skólana í hverfinu og koma svo í skruðgöngu inn í Vodafonehöllina. Valsmönnum hlýnaði um hjartarætur að sjá gamlar myndir birtast á skjákerfinu og sjá VAL-URtv fara í loftið í fyrsta skipti. Það voru margir sem töluðu um að gaman hafi verið að sjá yngri flokkana á æfingum og húsið iða af lífi. Vígslan sjálf var félaginu til mikils sóma, einnig var hún tæknilega vel framkvæmd. Fjölmargir sjálfboðaliðar lögðu sitt af mörkum, en ljóst er að félag eins og Valur verður ekki rekið án stuðnings félagsmanna og foreldra.

Að lokinni fjölskylduhátíð fór fram formleg hátíðardagskrá í nýja íþróttasalnum í tengslum við vígslu nýrra mannvirkja og var hún ákaflega fjölsótt og eftirminnleg. Við það tækifæri voru flutt ýmis ávörp.



Myndir: Guðni Karl og Jónatan





## Ávarp Gríms Sæmundsen formanns Vals

*Ágæti borgarstjóri, Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, Björn Ingi Hrafnsson, formaður íþrótt- og tómsundaráðs Reykjavíkurborgar, heiðursfélagar Vals, Jóhannes Bergsteinsson, Sigurður Ólafsson og Þórður Þorkelsson, ágæt Valsmenn, aðrir góðir gestir*

Ég býð ykkur öll velkomin til þessarar hátíðarstundar að Hlíðarenda.

Við erum hér saman komin til að taka í notkun glæsilegustu mannvirki til iðkunar knattspyrnu, handknattleiks og körfuknattleiks á Íslandi. Þessum mannvirkjum er ætlað að skapa Valsmönnum bestu mögulegu aðstöðu til margra sigra og Íslandsmeistaratitla í þessum íþróttagreinum á komandi árum.

Sú uppbygging, sem við erum hér vitni að, er ávöxtur farsæls samstarfs Knattspyrnufélagsins Vals og Reykjavíkurborgar, sem hófst formlega með undirritun samnings þessara aðila þann 11. maí 2002 um makaskipti á landi vegna færslu Hringbrautar, breytta landnotkun á Hlíðarendareit og framtíðaruppbyggingu á félagssvæði Vals að Hlíðarenda.

Fyrsta skóflustunga að þeim mannvirkjum sem við vígjum hér í dag var tekin þann 15. júní 2005 og þótt við höfum þegar hafið nýtingu þeirra lýkur framkvæmdum ekki fyrr en á haustdögum.

Kostnaður við gerð þessara mannvirkja er um 1,4 milljarðar króna. Framlag Vals til uppbyggingarinnar er nú um 800 milljónir króna en Reykjavíkurborg-

ar um 600 milljónir króna. Ég tel einstakt í íþróttasögu Íslands að íþróttafélag hafi lagt fram slíkar fjárhæðir til uppbyggingar eigin aðstöðu. Þetta hefur verið kleift vegna einstaks samstarfs Reykjavíkurborgar, Knattspyrnufélagsins Vals og hlutafélagsins Valsmanna hf, sem við rúmlega 400 Valsmenn stofnuðum þann 1. desember 1999. Sköpuð hafa verið mikil verðmæti úr byggingarétti fyrir atvinnu- og íbúðarhúsnæði á Hlíðarendareit, sem hafa verið nýtt til uppbyggingar þeirra íþróttamannvirkja, sem við nú njótum.

En við Valsmenn erum ekki hættir. Næst á dagskrá er bygging knattþúss og annarrar stúku fyrir keppnisleikvanginn, sem mun taka 1800 manns í sæti en hún verður tengd knattþúsinu með sama hætti og nýja stúkan okkar hér er tengd íþróttahúsinu. Þegar þessu verður lokið verðum við með leikvang með sæti fyrir rúmlega 3000 manns. Sannkallaða Valsgröfju. Þá verður byggt viðbótaræfingarsvæði fyrir knattspyrnu sem nemur tæplega tveimur fullburða knattspyrnuvöllum. Áætlað er að taka þessi mannvirki í notkun árið 2009. Að því loknu munu hafa verið fjárfestir yfir 2 milljarðar króna í frábærri íþróttaaðstöðu Vals að Hlíðarenda.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka Ómari Einarssyni, framkvæmdastjóra Íþrótt- og tómsundaráðs Reykjavíkurborgar fyrir frábært samstarf við Knattspyrnufélagið Val, en hann hefur fyrir hönd borgarinnar verið lykilmáður í þróun hinnar góðu samvinnu okkar allt frá árinu 2000 þegar viðræður hófust fyrst um framtíð Vals að Hlíðarenda.

Ágætu Valsmenn.

Enn skal minnt á, hver er hinn raunverulegi aðdragandi þess, að við stöndum hér í dag. Það er ótrúleg framsýni og frumkvæði forystumanna Vals á 4. áratug síðustu aldar, sem tóku ákvörðun um að kaupa Hlíðarenda, en gengið var frá þeim kaupum þann 10. maí 1939. „Hugsjónir okkar um fullkomnun staðarins í framtíðinni verða að vera háleitar og miklar. Við verðum að gera til hans meiri kröfur en nokkurn tíma hafa verið gerðar hér á landi í þessum efnun, svo miklar að þær standist kröfur tímans um næstu 100 ár a.m.k. Með það fyrir augum verður hvert handtak að vinnast og hver hugsun að miðast.“ Þetta skrifaði Ólafur Sigurðsson þáverandi formaður Vals í Valsblaðið árið 1941 um framtíðarheimkynni Vals að Hlíðarenda. Kynngimögnuð orð sem

hefur nú verið valinn heiðursmess við innangang að áhorfendasvæðum hér í húsinu.

Það hefur verið gæfa Knattspyrnufélagsins Vals allt frá stofnun þess að til liðs við félagið hafa gengið menn, sem hafa haft ríkt frumkvöðulseðli, keppnis- og kraft til framkvæmda þegar svo hefur borið undir, eins og Ólafur Sigurðsson, sem hafði forgöngu um kaup á Hlíðarenda árið 1939. Einnig skulu nefndir heiðursfélagamir Jóhannes Bergsteinsson og Sigurður Ólafsson sem ásamt Úlfari Þórðarsyni, Frímanni Helgasyni og fleiri kempum byggðu fyrsta keppnisvöllinn og íþróttahúsið að Hlíðarenda, þar sem mörg okkar tóku sín fyrstu spor í Val. Það er gaman að geta þess að Frímann Helgason hefði orðið 100 ára þann 21. ágúst sl. hefði hann lifað. Ég vil biðja viðstadda að rísa úr sætum og votta Frímanni og öðrum fyrrum forystumönnum Vals virðinguna og þakklæti fyrir þeirra ómetanlegu störf fyrir Knattspyrnufélagið Val um leið og við hyllum heiðursfélagana, þá Jóhannes, Sigurð og Þórð með lófataki. Án þessara kapp allra værum við ekki hér í dag.

En við Valsmenn skrifum sögu félagsins á hverjum degi. Þegar þessar byggingaframkvæmdir verða skráðar í sögu Vals, er ljóst í mínum huga, að nafn eins manns verður tengt þeim, líkt og nafn Ólafs Sigurðssonar er tengt kaupum á Hlíðarenda á sínum tíma. Ég tel á engan hallað, þó að af öllum þeim fjölda, sem komið hefur að verki við byggingu þessara glæsilegu mannvirkja í launum og ólaunum störfum, að nafn Sigurðar Lárúsar Hólm sé sérstaklega nefnt. Lárús hefur verið vakinn og sofinn yfir þessu verkefni og sýnt í störfum sínum einstaka ósérhlífni og dugnað. Framganga Lárúsar kemur engum á óvart sem þekkir hann, en Lárús hefur verið í forystusveit Vals í mörg ár. Sú ræktarsemi, sem Lárús hefur með verkum sínum fyrir og nú sýnt Knattspyrnufélaginu Val, og metnaður hans fyrir hönd félagsins skipa honum að mínu mati á bekk með bestu sonum Vals frá stofnun þess. Ég vil biðja Lárús að ganga hér fram og taka við viðurkenningu frá Knattspyrnufélaginu Val, sem þakklætisvotti fyrir ómetanlegt framlag hans við það að gera nýja sýn að Hlíðarenda að veruleika. Þessi gripur er listhönnun Áslaugar Höskuldsdóttur með skildi sem á stendur: Sigurður Lárús Hólm – Uppbygging að Hlíðarenda 2002 – 2007 – Þakki fyrir ómetanleg störf – Knattspyrnufélagið Valur.



Ágætu Valsmenn.

Það er mál allra, sem skoðað hafa þessi nýju mannvirki að sérstaklega hafi vel tekist til um hönnun og framkvæmd. Einnig hefur verið lögð alúð við að skreyta mannvirkin með tilvitnunum í sögu félagsins og séra Friðrik Friðriksson aðalhvatamann að stofnun Vals. Það dylst engum, sem hér gengur um húsa-kynni, að Valshjartað slær að Hlíðarenda.

Ég flyt bygginganefnd Vals og Reykjavíkurborgar, hönnuðum, verktökum, starfsmönnum Vals, deildarstjórnnum Vals, aðalstjórn Vals, stjórn Valsmanna hf, kjörnum fulltrúum og embættismönnum Reykjavíkurborgar, og öllum þeim fjölda annarra, sem hafa lagt hönd á plóg í þessu viðamikla verkefni og gert okkur kleift að upplifa þessa stund þakkrir frá Knattspyrnufélaginu Val.

Í dag er gleðidagur að Hlíðarenda. Það er uppgangur og kraftur í öllu starfi félagsins. Það hefur sannast enn og aftur að hinar sterku rætur sem séra Friðrik Friðriksson og Valsungarnir hans sköpuðu á öndverðri síðustu öld hafa ætíð dugað til að blása eldmóði í forystumenn Vals. Þetta gerðist í aðdraganda kaupa á Hlíðarenda á sínum tíma og þetta hefur gerst í aðdraganda þeirrar uppbyggingar sem við nú njótum og mun áfram verða í fullum gangi.

Knattspyrnufélagið Valur stendur nú á þröskuldi nýrrar og bjartar framtíðar og er aldrei sterkara og þróttmeira en einmitt nú, þegar félagið nálgast 100 ára afmæli sitt þann 11. maí árið 2011.

Ég óska okkur Valsmönnum og öllum Reykvíkungum til hamingju með daginn.

Takk fyrir.

## Ávarp Vilhjálmssónar Þórs Vilhjálmssonar borgarstjóra Reykjavíkur

Það er mér mikill heiður að vera hér í dag á þessum merka degi í sögu Vals. Hér eru nú risin ótrúlega glæsileg íþróttamannvirki, sem í dag hafa skartað sínu fegursta þar sem svæðið allt og mannvirki þess hafa iðað af leik og starfi reykviskrar æsku. Já mannvirkin eru í alla staði glæsileg og bera með sér að vel hefur verið að verki staðið. Þau eru bæði fallega hönnuð og vel skipulögð og bera því öllum þeim sem komið hafa að máli um gott vitni um stórhug og djörfung. Í dag er því verið að vígja mannvirki sem ekki bara Valsmenn og forráðamenn borgarinnar, heldur Reykvíkingar all-



ir geta verið stoltir af. Hér er jafnt reykviskri æsku sem afreksíþróttamönnum boðið upp á íþrótt- og félagsaðstöðu í fremstu röð.

Saga Vals á Hlíðarenda teigir sig meira en hálfra öld aftur í tímann og því ljóst að mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan forsjálir forystumenn innan Vals festu kaup á Hlíðarenda. Sú ráðstöfun verður seint metin til fjár eða annarra verðmæta fyrir Knattspyrnufélagið Val og öll þau ungmenni sem síðan hafa notið þeirrar aðstöðu og starfsemi sem hér hefur verið rekin. Og í dag er brotið nýtt blað í sögu Vals. Búið er að skapa félaginu einstaka aðstöðu til að halda áfram því kraftmikla starfi sem það hefur rekið um áratugaskeið og mun nú í krafti þessara nýju mannvirkja geta starfað af enn meira afli fyrir félagsmenn sína og þann hluta reykviskrar æsku sem vafalítið mun flykkjast hingað á næstu misserum og árum.

Þær byggingar- og vallarframkvæmdir sem nú eru á lokastigi hafa verið unnar í mjög nánu og góðu samstarfi Vals og Reykjavíkurborgar ásamt mikilvægri aðkomu Valsmanna hf. Nýstárlegri aðferðarfræði hefur verið beitt við skipulag og uppbyggingu þessara framkvæmda. Með mjög ánægjulegu samstarfi forráðamanna Vals og Reykjavíkurborgar hefur tekist að breyta þeim verðmætum sem lágu í erfðafestulandi Vals hér á Hlíðarenda í fjármuni og tækifæri til að kosta þessa miklu uppbyggingu. Ekki er langt síðan rætt var um að hugsanlega væri best að flytja starfsemi félagsins í eitt af stærstu úthverfum borgarinnar. Sem betur fer varð ekki af þeim áformum og með samstilltu átaki Vals og Reykjavíkurborgar tókst að finna farsæla leið til að tryggja starfsemi Vals traustan sess hér í hjarta borgarinnar, því hér á Valur heima.

En uppbyggingunni hér á Hlíðarenda er þó ekki að fullu lokið. Nú þegar er hafinn undirbúningur að byggingu knattshús, sem rísa mun hér við suðurhlíð nýja keppnisvallarins og ramma endanlega inn þessi miklu og fallegu mannvirki. Auk þess mun grasæfingasvæðið hér að neðan stækka umtalsvert. Nú þegar og enn frekar þegar öllum þessum framkvæmdum er lokið mun Knattspyrnufélagið Valur státa af einhverri allra bestu aðstöðu sem nokkurt íslenskt íþróttafélag hefur upp á að bjóða og jafnvel þótt víðar væri leitað.

Ég er ekki í nokkrum vafa að hér að Hlíðarenda á Valur eftir að vinna marga og glæsta sigra og verða félagsmönnum sínum sem og Reykjavíkurborg til mikils sóma. Sem borgarstjóra er mér þó efst í huga það blómmikla æskulýðsstarf sem ég veit að Valur á hér eftir sem hingað til eftir að standa að um langa framtíð. Öllum er ljóst mikilvægi þess mikla uppeldis- og forvarnarstarfs sem fram fer innan íþróttahreyfingarinnar. Fátt ef nokkuð er betra fyrir æsku og unglinga þessa lands en að leggja stund á íþróttir og heilbriggt lífverni. Það er því fátt ánægjulegra í mínu starfi en að fylgja eftir jafn viðamiklu uppbyggingarstarfi og hér hefur átt sér stað.

Um leið og ég óska öllum Valsmönnum jafnt í nútíð sem framtíð innilega til hamingju með daginn, mannvirkin og svæðið allt, vill ég nota tækifærið til þakka öllu því dugmikla fólki bæði innan Vals og Reykjavíkurborgar sem komið hefur þessari miklu uppbyggingu, fyrir vel unnin störf og árangursríkt og ánægjulegt samstarf.

## Ávarp Vigfúsar Þórs Árnasonar sóknarprests Grafarvogskirkju

Borgarstjóri, ágætu Valsmenn og gestir

Til hamingju með merkan áfanga í einstakri sögu Knattspyrnufélagsins Vals á Hlíðarenda. Á tímamótum eins og þeim sem við fögnum hér í dag hugsum við Valsmenn ávallt til stofnanda félagsins, prestsins, æskulýðsleiðtogans, skáldsins og mannvinarins séra Friðriks Friðrikssonar. Okkur öllum er það hugleikið hverju séra Friðrik áorkaði í öllu sínu lífi og starfi. Ekki aðeins með því að stofna Knattspyrnufélagið Val sem eitt út af fyrir sig hefði haldið nafni hans á lofti um ókomna tíð, heldur og að hann ýtti úr vör og stofnaði KFUM er síðar varð KFUM



## Ávarp Péturs Stefánssonar formanns byggingarnefndar

*Utarríkisráðherra, borgarstjóri, formaður Vals, góðir gestir*

Síðastliðið vor fór ég á bókamarkað í Perlunni og keypti nokkur kíló af bókum til að hafa með í sumarbústaðinn eins og ég er vanur. Ein þessara bóka voru „Ævminningar Úlfars Þórðarsonar læknis og f.v. formanns Vals“. Aftarlega í bókinni rakst ég á mynd frá 1948 þar sem verið er að vígja malarvöllinn á Hlíðarenda. Sr. Friðrik Friðriksson er að taka víti, en Úlfar stendur hjá og horfir á. Sr. Friðrik er í sparifötunum, í vesti og á skóhlífum. Í baksýn er hitaveitustokkurinn og þyrping af hermannabröggum í Öskjuhlíðinni. Þetta var hátíðisdagur og mikið ævintýri.

Á þessum 60 árum sem um eru liðin hafa mörg ævintýri gerst á Hlíðarenda. Það ævintýri sem við nú upplifum hófst formlega með samningum Vals og Reykjavíkurborgar á árunum 2002 og 2003 eins og áður hefur verið nefnt. Skipa skyldi 5 manna bygginganefnd, tvo



og K. Karlakórinn Fóstbræður stofnaði hann einn af okkar bestu karlakórnum, sem og Knattspyrnufélagið Hauka og eitt fyrsta skátafélagið Skátafélagið Væringja. Kirkjunni og þjóðinni gaf hann síðan ljóðin sín, sálmana sína sem enn í dag eru sungnir í kirkjunni og KFUM og K. Við öll eru þakklát fyrir hann séra Friðrik. Hans göfuga starf sem mun lifa þótt ár og dagur líði.

Í ljóði sínu „Knattspyrna“ sem hann til-einkaði Val segir Séra Friðrik:

Helzt mun leiksins heiður styðja  
hófstillt lund, en framagjörn:  
Drengileg sé dáð og iðja  
drengileg í sókn og vörn.  
Enginn þeysing út í bláinn  
ekkert spark í fátí sett.  
Öll sé leikmanna æðsta þráin  
að allt sé fagurt, djarft og rétt.  
Fram, fram frækið lið.  
Fram, fram, sækið þið.  
Að því marki sem leikinn láti  
lærdóm verða á þroskabraut.  
tamning viljans með glóð í gáti  
glæðing dyggða í hverri þraut .

Þá að lokum er lífið þrýtur  
leik er slitið, marki náð,  
sigurlaun og hnossið hlýtur  
hann er sýndi trú í dáð.

*Sr. Friðrik Friðriksson*

Guð þessi þessi glæsilegu mannvirki sem eru hér vígð, og allt það íþróttalíf, sem hér verður iðkað undir orðunum hans séra Friðriks.

„Látið aldrei kappið bera fegurðina ofurlíði.“

Til hamingju ágætu Valsmenn.

Og svo: „Áfram Valur“.



frá hvorum og oddamann til að annast framkvæmd samningsins. Samkomulag í þessari nefnd reyndist með þeim ágætum að oddamaðurinn sá er hér stendur reyndist óþarfur. Var þá brugðið á það ráð að gera hann að formanni nefndarinnar og láta hann sjá um framkvæmdir. Hönnuðir voru ráðnir ALARK arkitektar í Kópavogi með Kristján Ásgeirsson sem aðalhönnuð, en VST og Rafhönnun til að annast tæknihliðina.

Aðalverkið var boðið út í maí 2005 og var samið við lægstbjóðanda Mark-hús

ehf. Samningur hljóðaði upp á 700 m.kr., en áætlun hönnuða var 770 m.kr. Byggingastjóri var Markús Árnason. Nú við verklok eru nýbyggingar enn vel undir áætlun hönnuða.

Nú stöndum við hér tveim árum síðar með þessi glæsilegu mannvirki fyrir framan okkur. Nýbyggingingarnar eru í stuttu máli:

- Viðbygging við gömlu tengibygginguna hér frammi, þar sem er aðal-torg hússins.
- Nýtt íþróttahús þar sem við nú erum með fullkomnum keppnisvöllum fyrir handbolta og körfubolta, þrem æfingavöllum þvert á húsið og sætum fyrir 1300 manns.
- Búningsklefaálm og áhorfendastúku knattspyrnuvallar ásamt sérstakri heiðursstúku á 3. hæð.
- Loks geymslur og tæknirými við suðurgafli hússins.

Síðast en ekki síst hefur verið byggður fullkominn grasvöllur fyrir fótbolta. Völlurinn er með vermilögnum og sjálfvirkum vökvunarbúnaði, tvímælaust best búni knattspyrnuvöllur á landinu.

Góðir gestir. Það er orðin mikil breyting á Hlíðarenda á þessum 60 árum, sem liðin eru frá því að myndin af Úlfari og sr. Friðrik var tekin. Braggarnir horfir, malarvöllurinn horfinn og Valsmenn hættir að taka víti á skóhlífum. Ég vil á þessum degi þakka meðnefndarmönnum mínum í byggingarnefnd, hönnuðum og verktökum ánægjulega samvinnu og vel unnin verk. Fyrir hönd okkar allra vil ég óska Knattspyrnufélaginu Val til hamingju með þessi glæsilegu mannvirki. Ég vil biðja formann Vals að koma og taka við lykli að húsinu, um leið og ég læt þá ósk í ljósi að Valur megi lengi njóta og að hér megi fegurðin ein ríkja.



Gleðileg jól



Óskum starfsmönnum og velunnurum  
vals gleðilegrar hátíðar og þökkum  
fyrir gott samstarf við bygginga-  
framkvæmdir á árinu.





*Menirnir í brúnni í körfunni, Robert Hodgson og Sævaldur Bjarnason þjálfarar.*

bolta. Í því sambandi er ákaflega ánægjulegt að búið sé að endurvekja meistaraflokk kvenna," segir Rob. Þótt árangur karlaliðsins hafi lengi verið undir væntingum og leiki nú 5. árið í röð í 1. deild eru Rob og Sævaldur báðir sammála því að nú séu kjöraðstæður hjá Val til að verða stórveldi í körfubolta á ný, bæði í meistaraflokki karla og kvenna. Þeir telja mikla möguleika á því að meistaraflokkur karla nái því markmiði að vinna sér sæti í úrvalsdeild á komandi tímabili. Í hópnum séu margir efnilegir ungir leikmenn, stemningin góð í hópnum, en það sem háir liðinu helst sé reynsluleysið.

Þeir segja að góður árangur náist með vel menntuðum og reynslumiklum þjálfurum, duglegum stjórnarmönnum og starfsmönnum félagsins sem eru tilbúnir að leggja mikið á sig til að gera veg körfunnar sem mestan hjá félaginu. Rob segir mikilvægt að þjálfarar í körfunni vinni markvisst saman að uppbyggunni og hann og Sæbi hafi þegar haldið nokkra fundi með þjálfurum og lofi það mjög góðu upp á framhaldið. Að hans mati er mikilvægt að þjálfarar beri í raun sam-eiginlega ábyrgð á öllum flokkum, þ.e. byggi þjálfun og kennslu markvisst upp frá fyrstu tíð. Þeir leggja mikla áherslu á góða félagslega umgjörð í kringum liðið og hópurinn er eins og ein stór Valsfjöl-skylda sem er tilbúinn að leggja mikið á sig til að ná árangri.

### Hver er Robert Hodgson?

Rob er fæddur og uppalinn í smábæ í Suður Dakóta en fluttist ungur til New York. Hann lék síðan körfubolta í nokkrum háskólum í Bandaríkjunum í nokkur ár. Síðan hefur hann leikið sem atvinnumaður í körfubolta í Evrópu í 8 ár. Árið 2004 fluttist hann til Íslands, nánar tiltekið til Þorlákshafnar þar sem honum gafst kostur á að leika körfubolta með Þór Þorlákshöfn og þjálfra. Rob lék með liðinu í 4 tímabil, bæði í úrvalsdeild og 1. deild.

„Mér líkar mjög vel að búa á Íslandi og kann vel að meta bæði land og þjóð, það var gott að búa í Þorlákshöfn en mér líkar einnig vel við að búa í Reykjavík og tel Ísland vera í alla staði gott land. Mér líkar sérstaklega vel við að hafa allt innan seilingar, stutt í alla þjónustu og síðast

# Nýtt upphaf í körfubolta hjá Val

## Robert Hodgson og Sævaldur Bjarnason körfuboltaþjálfarar vilja gera enn betur í körfunni og laða að nýja iðkendur

Sævaldur Bjarnason eða Sæbi eins og hann er jafnan kallaður hefur unnið ótullega að uppbyggingu körfuboltans hjá Val og hefur árum saman þjálfað ýmsa yngri flokka félagsins með góðum árangri og er nú m.a. aðstoðarþjálfari í meistaraflokki karla. Rob Hodgson er bæði þjálfari meistaraflokks karla og kvenna hjá Val og jafnframt leikmaður með meistaraflokki. Þeir gáfu sér góðan

tíma eitt síðkvöld í nóvember til að ræða um körfuboltann hjá Val og hafa þeir svo sannarlega trú á bjartri framtíð körfuboltans hjá félaginu.

### Valur verði stórveldi í körfubolta

„Ég tel að innan þriggja ára verði Valur með eitt þriggja bestu liða landsins í meistaraflokki karla og kvenna í körfu-





en ekki síst finnst mér mann-  
lífið á Íslandi vera gott,“ seg-  
ir Rob. Hann segist líka hrífast  
af ósnortinni íslenskri náttúru  
og afar gaman sé að ferðast um  
landið og skoða ótrúlega flotta  
staði um land allt. Hann lang-  
ar einnig að ferðast um ósnortið  
hálandið sem hann þekkir ein-  
ungis af afspurn og hann vonast  
til að fá tækifæri til þess fljót-  
lega. Hann býr hér með konu  
sinni og eiga þau von á sínu fyrsta barni  
nú um jólin.

Í haust bauðst Rob að leika með meist-  
araflokki Vals og vinna við þjálfun yngri  
flokka og var hann mjög ánægður með að  
fá tækifæri til að koma til Vals. Síðan var  
honum boðið að þjálfna bæði meistara-  
flokk karla og kvenna og sér hann ekki  
eftir því að hafa tekið það að sér. Hann  
er einnig mjög ánægður með Sæba sem  
aðstoðarþjálfara og telur að hann hafi  
unnið ómetanlegt starf undanfarin ár við  
að byggja upp körfuboltann hjá félaginu.

## Valur fyrirmyndarfélag

„Ég hef frá fyrstu tíð hrífist af Val, bæði  
stadsetningu mannvirkja að Hlíðarenda  
og umhverfinu þar, félaginu í heild og  
einnig þótti mér sérstaklega gaman að  
spila í gamla Valsheimilinu. Ég hef fylgst  
með uppbyggingu á Valssvæðinu og segi  
hiklaust að félagið búi nú við bestu stað-  
setningu nokkurs íþróttafélags á landinu  
og einnig bestu aðstöðu á landinu,“ seg-  
ir Rob.

„Það er mjög mikilvægt að leikmenn  
meistaraflokks karla og kvenna séu sýni-  
legir fyrir yngri iðkendur og séu þeim  
fyrirmyndir,“ segir Rob ákveðinn og er  
Sæbi því hjartanlega sammála. Rob seg-  
ir að það skipti ekki máli hvort leikmenn



meistaraflokka séu landsfrægir leikmenn,  
yngri iðkendur eigi eftir sem áður að  
geta sótt fyrirmyndir í leikmenn meist-  
araflokka. Félagið eigi að skipuleggja  
tengsl eldri og yngri iðkenda, t.d. með  
því að ungir iðkendur fylgist með leikj-  
um meistaraflokka og að þeir njóti leið-  
sagnar þeirra eldri. Hann segir að all-  
ir sem koma að körfuboltanum þurfi að  
mynda eina stóra fjölskyldu, bæði leik-  
menn á öllum aldri, þjálfarar, foreldrar,  
stjórnarmenn og stuðningsmenn. „Það er  
mikið verk að vinna að efla körfubolta-  
samfélagið hér að Hlíðarenda. Andrúms-  
loftið á Hlíðarenda er mjög jákvætt um  
þessar mundir, ný glæsileg mannvirki  
og félagið loksins komið heim á ný eft-  
ir nokkur ár í útlegð, ef svo má segja,“  
segir Sæbi.

## Góð staða yngri flokka

„Ég er nokkuð ánægður með stöðu yngri  
flokka hjá Val í körfunni, flestir flokkar  
leika í b riðli og sumir eiga ágætis mögu-  
leika á að ná í a riðil og eða eru komn-  
ir þangað nú þegar í ár,“ segir Rob. Hann  
telur ýmsa leikmenn þar munu ná langt  
í körfubolta ef þeir halda áfram að æfa  
af krafti með réttu hugarfari. Einnig sé  
ánægjulegt að flestir leikmenn meistar-  
aflokks karla eru aldir upp hjá félaginu  
en það verður alltaf aðalmarkmiðið með

yngriflokkaþjálfun í Val að ala  
upp eigin leikmenn.

„Ég er mjög ánægður með  
ýmsa leikmenn í yngri flokk-  
um Vals og sé þá fyrir mér sem  
framítíðarleikmenn félagsins.  
Ég tel líka að með betri árangri  
meistaraflokka þá laði það að  
góða og efnilega leikmenn frá  
öðrum liðum í yngri flokk-  
ana,“ segir Rob sannfærandi.  
Þeir telja báðir að með nýrri

og betri aðstöðu að Hlíðarenda,  
markvissu kynningarstarfi og góðri þjálf-  
un þá fjölgi smám saman virkum iðkend-  
um í körfubolta hjá Val, ekki síst í minni-  
bolta stráka og stelpna og framundan sé  
mikið verk að vinna í þeim efnunum að efla  
allt starfið.

## Mikilvægt að hafa öflugna kvennakröfu

Stúdínur (ÍS) gengu í einu lagi í Val og  
var það mjög ánægjulegt fyrir félagið, en  
liðið er ekki eins sterkt og það var í fyrra.  
Kvennaliðinu hefur gengið upp og ofan  
í haust og átt á brattann að sækja eftir  
að hafa byrjað tímabilið vel með því að  
 tryggja sér Reykjavíkarmeistaratitilinn.  
„Ég tel að liðið eigi eftir að smella sam-  
an á næstunni þegar nokkrir leikmenn  
verða orðnir góðir af meiðslum og þegar  
erlendur bandarískur leikmaður bætist  
við. Með sama áframhaldi verður liðið í  
fremstu röð á næsta tímabili,“ segir Rob  
og brosir.

## Vandasamt að velja erlenda leikmenn

„Það er bráðnaðsynlegt að hafa erlenda  
leikmenn í meistaraflokki karla og  
kvenna, en ég er í raun ekki hrifinn af því  
en góðir og reynslumiklir erlendir leik-



ur skilið fyrir góða og faglega umfjöllun úr heimi körfuboltans. Heimasíður félaganna hafa einnig verið duglegar að taka við sér og fjalla um körfubolta. En dagblöð og sjónvarpsmiðlar mættu gefa körfunni meiri gaum en gert hefur verið,“ segir Sæbi.

### Allir nýir iðkendur velkomnir

Rob og Sæbi segja að tekið sé vel á móti öllum nýjum iðkendum í körfubolta, lögð eru áhersla á að það sé skemmtilegt á æfingum, allir fái að njóta sín. Þeim finnst einstakt andrúmsloft í nýja Valsheimilinu, þar kynnst krakkarnir vel, bæði milli kynja og deilda og þar eignast margir sína bestu vini sem þeir tengist vináttuböndum alla æfi. „Ég viðurkenni að oft var erfitt að byggja upp liðsheild og félagsanda fjarri Hlíðarenda undanfarin ár,“ segir Sævaldur, en þeim finnst mikill munur eftir að nýja aðstaðan var tekin í notkun.

### Körfubolti hjá Val 2011 á hundrað ára afmælinu

Þeir sjá báðir fyrir sér að á hundrað ára afmæli Vals árið 2011 sé raunhæft markmið að meistaraflokkar félagsins, bæði karla og kvenna, muni leika í efstu deild og vera þar í efri hlutanum og komast í úrslitakeppni á hverju ári. Ef vel tekst að halda efnilegum leikmönnum yngri flokka hjá félaginu þá sé óhjákvæmilegt að góður árangur náist innan örfárra ára. Markvisst uppbyggingarstarf við nýjar aðstaður og aðbúnað á Hlíðarenda mun einnig stuðla að betri árangri. Þá mun stuðningsmönnum fjölga, iðkendum í yngri flokkum og þannig mun félagið vonandi komast á þann stall í körfunni og er til staðar í handbolta og fótbolta. Þeir eru einnig sannfærðir að með betri árangri meistaraflokka muni starfið í yngri flokkunum eflast og yngri iðkendur eignast fleiri fyrirmyndir hjá eigin félagi sem er mikilvægt að mati þeirra og einnig mikilvægt fyrir metnaðarfulla yngri leikmenn að sjá möguleika að leika með eigin liði í úrvalsdeild.

Valsblaðið þakkar þeim félögum fyrir skemmtilegt og fróðlegt spjall og óskar þeim góðs gengis í störfum sínum fyrir félagið.

menn geta á hinn bóginn hjálpað liðsfélögum sínum við að bæta sig og styrkt liðið um leið,“ segir Rob. Hann hefur leikið með meistaraflokki í vetur en er núna meiddur og því er sem stendur enginn erlendur leikmaður í körfunni. Rob og Sæbi eru báðir sammála því að ekki sé vænlegt að fá marga erlenda leikmenn í liðið, þar sem það dragi úr möguleikum ungra og efnilegra leikmanna að ná framförum, þeir hafi séð of mörg dæmi um lið þar sem erlendir miðlungs leikmenn hafi haldið heimamönnum á bekknum og þegar þeir síðan hverfi á braut liggi leiðin hjá félaginu niður á við. Slíkt sé ekki vænlegt til árangurs, miklu betra sé að gefa ungum og efnilegum leikmönnum tækifæri.

### Íslenskur körfubolti á uppleið

„Íslenskir leikmenn eru yfirleitt minni en leikmenn fjölmennari þjóða og ekki eins líkamlega sterkir og veldur það t.d. íslenska landsliðinu vandræðum. Leikmenn hér eru hins vegar margir hverjir mjög snöggir og fljótir í hraðauppþlaup. Mér finnst íslenski körfuboltinn fara batnandi og margir íslenskir leikmenn eru mjög efnilegir. Ég tel brýnt fyrir íslenska leikmenn að komast í háskólakörfuboltann, en það getur verið stökkpallur í atvinnumennsku. Ég tel möguleika fyrir Íslendinga að ná langt í körfubolta ef þeir eru tilbúnir að leggja sig alla fram, í þeim efnum gildir máltækið, *The sky is the limit*,“ segir Rob býsna sannfærandi.

„Yngri landslið Íslands í körfubolta hafa á undanförunum árum náð mjög góðum árangri og nokkur yngri landsliðiðin hafa keppt í A deild meðal jafnaldra í Evrópu og meðal annars náð þeim frábæra árangri að sigra núverandi Evrópu-meistara í þessum aldursflokk. Þeir náðu hagstæðum úrslitum í þessu móti og máttu vel við una er þeir spiluðu á móti

bestu liðum Evrópu. En það er afar mikilvægt fyrir unga og efnilega leikmenn að etja kappi við þá bestu erlendis. Körfuknattleikssambandið þarf að standa betur við bakið á yngri landsliðum Íslands,“ segir Sævaldur ákveðið, en hann viðurkennir að vissulega sé kostnaðarsamt að halda úti mörgum landsliðum, en það sé nauðsynlegt til að leikmenn verði enn betri. Undanfarin ár hafi yngri landsliðin síðan komið með titla heim af Norðurlandamótum en þar séu íslensku liðin sérlega dugleg og hafa unnið þessi mót reglulega undanfarin ár, bæði í drengja- og stúlknaflokkum.

### Lítill umfjöllun um körfubolta í fjölmiðlum

„Ég er nokkuð ánægður með umfjöllun íslenskra fjölmiðla um körfubolta, hún fer batnandi, en til þess að auka áhuga á körfubolta þarf að vera markviss umfjöllun í fjölmiðlum, bæði í sjónvarpi og í blöðum,“ segir Sæbi ákveðið. Þeir telja báðir að meginástæðan fyrir lítilli umfjöllun í fjölmiðlum um körfubolta stafi af því hversu fáir starfsmenn íslenskra fjölmiðla hafi áhuga á körfubolta. Þeir fylgist t.d. mun betur með íslenskum leikmönnum í handbolta og fótbolta sem eru í atvinnumennsku erlendis og segja takmarkað frá íslenskum atvinnumönnum í körfubolta erlendis, nema í undantekningartilvikum, en þó nokkur fjöldi íslenskra leikmanna eru í atvinnumennsku í körfubolta um þessar mundir og þeim fer fjölgandi. Flestir þekkja til Jóns Arnórs Stefánssonar sem leikur nú í sterkri deild á Ítalíu en ýmsir aðrir eru að gera góða hluti erlendis sem lítið er fjallað um hér á landi. „Þess ber þó að geta að Karfan.is er sérlega öflug vefsíða sem sinnir körfunni eingöngu og eiga þeir menn sem stjórna þar heid-



# Auglýsing SÝN



Í faðmi fjölskyldunnar. Brynjar Harðarsson, Bjarki Brynjarsson, Harpa Brynjarsdóttir og Guðrún Árnadóttir á góðri stund

## Valsfjölskyldan

# Það er

Brynjar Harðarson viðskiptafræðingur er eldheitur Valsari og hefur nánast frá fæðingu verið með annan fótinn á Hlíðarenda og börnin feta í fótspor hans. Hann lagði í æsku bæði stund á fótbolta og handbolta og var síðan einn af máttarstólpum í sigursælu liði Vals í handbolta á 9. áratugnum. Brynjar hefur unnið ötullega að félagsmálum hjá Val um langt skeið og hefur verið formaður Valsmanna hf frá stofnun félagsins 1999.

Brynjar lék handbolta með nokkrum kynslóðum sigursælla handboltamanna hjá Val og lék í nokkur ár sem atvinnumaður með námi í Svíþjóð. Hlíðarendi hefur nánast verið annað heimili hans frá barnæsku. Hann hefur komið að nánast öll-

# að vera í Val

um þáttum í starfsemi félagsins, starfaði lengi við þjálfun yngri flokka í handbolta, var í stjórn og síðan formaður handknattleiksdeildar og hefur unnið kröftuglega að félagsmálum í Val. Brynjar er einn af hvatamönnum stofnunar Valsmanna hf. árið 1999 og hefur verið stjórnarformaður hlutafélagsins frá upphafi. Tvö yngstu börnin hans eru í fótbolta og handbolta hjá Val og hefur hann stutt við bakið á íþróttaiðkun barna sinna. Það sama hefur eiginkona hans Guðrún Árnadóttir gert en hún er uppallinn Keflvíkingur og hefur ekki sömur taugar til Vals en þær hafa þó aukist með árunum. Brynjar gegnir nú stjórnarformennsku í Valsmönnum hf. í hlutastarfi. Hann fer í ítarlegu viðtali yfir eigin íþrótt- og þjálfunarferil, félags- tórf fyrir Val og greinir í fyrsta sinn opin-

berlega frá starfi Valsmanna hf. og framtíðarsýn en hann telur að Valur eigi eftir að eflast enn frekar á næstu árum sem afreksíþróttafélag sem bjóði jafnframt upp á gæðastarf í yngri flokkum við allra hæfi.

Guðrún Árnadóttir eiginkona Brynjars segist ekki vera mikil keppismanneskja eða eldheitur stuðningsmaður, hún er fyrst og fremst ánægð með að börnin hennar séu í einhverjum íþróttum og hefur að sjálfsögðu fylgt þeim á leiki og mót, en hún hefur ekki verið sérstakur stuðningsmaður Vals í gegnum tíðina. Finnst þó gaman að fara á leiki í handbolta og fótbolta og að sá áhugi sé að aukast. Þau hafa fylgt börnum sínum á fjölmörg mót úti á landi, t.d. Shellmót og Essómót og finnst mikilvægt að styðja við áhuga-



mál barna sinna. Þau sýna íþróttaiðkun þeirra áhuga en finnst að börnin eigi að hafa ákveðið frelsi í íþróttum og finna sig þar á eigin forsendum. Foreldrar megi ekki vera með óraunhæfar væntingar um árangur í íþróttum, aðalatriðið sé að börnin njóti þess að vera í íþróttum og því félagsstarfi sem fylgir. Foreldrar verði að gæta þess að hvetja fyrst og fremst liðið áfram, en ekki bara eigin börn sérstaklega. Þau segjast hins vegar ekki sérstaklega tekið að sér að vera í leiðtogahlutverki í foreldraráðum, en hafi frekar verið reiðubúin að hjálpa til þegar þess gerist þörf.

Brynjar og Guðrún eiga tvö börn saman sem búa í foreldrahúsum, en þau eiga eldri börn sem flutt eru að heiman. Davíð spilaði bæði handbolta og fótbolta með yngri flokkunum. Hjalti og Hjörtur bjuggu í Hafnarfirði og spiluðu með FH. Þeir eru nú allir við háskólanám erlendis, Davíð og Hjalti í Danmörku og Hjörtur í Bandaríkunum. Bjarki Brynjarsson spilar fótbolta með 2. flokki Vals og gengur vel og Harpa Brynjaradóttir er nú í 5. fl. í handbolta en spilaði einnig fótbolta og varð m.a. Íslandsmeistari fyrir nokkrum árum með 6. flokki. Aðalástæðan að hún hætti í fótbolta var að bekkjarfélagarnir hennar voru flestir í handbolta og henni gengur betur í handboltanum. Hún segist vera ánægð í handboltanum.

## En hver er þessi Brynjar Harðarson? Hver er Valsmaðurinn?

„Ég flutti í Hlíðarnar 1965, þá bara 4 ára. Í föðurfjölskyldu voru miklir Valsarar sem höfðu spilað með meistaraflokki, Sigurhans Hjartarson og Hreinn Hjartarson, bræður pabba. Fótboltinn átti hug minn allan og ég átti í raun bara eitt leikfang sem var bolti. Það má segja að ég hafi alist upp í orðsins fyllstu merkingu á Hlíðarenda. Ég var þar öllum stundum, meira held ég en nokkur annar af minni kynslóð. Ég veit ekki um marga á mínum aldri sem hafa haft eins sterkar rætur þarna. Ég sá nánast hverja einustu meistaraflokksæfingu, bæði í handbolta og fótbolta í mörg ár. Ég var hvergi annars staðar á sumrin og fór sjaldnast heim fyrr en meistaraflokkurinn var búinn að æfa. Ástríða mín á félaginu er því mjög rík. Ég tengdist mörgum af „gömlu“ mönnum eins og Sigurði Ólafs og fleiri sem þá störfuðu gjarnan sem húsverðir í



Brynjar Harðarson ungur leikmaður hjá Val sem hér hefur tekið í gegn hjá Geir Hallsteinessyni og Árna Arnarsoni FH skoraði sigurmark Vals í ærkerkvaldi rétt fyrir leiklok.

## Valur sigraði í leik mikilla mistaka

Dæmigerð mynd af Brynjari frá u.þ.b. 1980.

Valsheimilnu. Þeir þurftu oft að hringja í foreldra mína og láta sækja mig seint á kvöldin til að losna við mig af svæðinu. Ég var bara smá strákur þegar ég horfði á flest allar æfingar hjá Mulningsvélinni. Það var því sérkennilegt að vera allt í einu farinn að spila með þessum köppum.

Krakkarnir í Val komu alls staðar að, bæði úr Kópavogi, Breiðholtinu og víðar. Þetta var langt í frá eingöngu úr Hlíðunum. Það var bara æft í mesta lagi tvisvar til þrisvar í viku. Fyrstu þjálfaramir mínir í fótbolta voru Þórir heitinn Jónsson og Hörður Hilmarsson. Hörður segir alltaf „sonur sæll“ þegar við hittumst. Síðan þjálfaði Robbi Jóns. mig í mörg ár í fótboltanum. Ég held að ég hafi verið sá eini úr öllum árgangnum í Hlíðaskóla sem fór alla leið í íþróttum. Ég spilaði bæði fótbolta og handbolta alla yngri flokkana, en ég varð aldrei Íslandsmeistari með þeim. Kjarninn var aldrei nægilega sterkur í samnburði við þá geysilega sterku árganga sem voru rétt á undan og eftir mér. Ég var stundum með þremur flokkum á sama tíma í handboltanum. Ég

spilaði bara einn úrslitaleik í yngri flokk, en það var í 4. flokki í handbolta og mér er það alltaf minnststætt vegna þess að það vantaði þrjá mjög góða leikmenn í liðið því þeir voru að fermast þennan dag. Því var ekkert breytt í þá daga. Við spiluðum við Fram og þá var aðalleikmaður þeirra Sigurður Einarsson stjórnarformaður Kaupþings. Við töpuðum.

Ég sé enn eftir því að hafa hætt í fótbolta í 3. flokki og valið handbolta. Það var kannski bara að handboltinn var að mörgu leyti vinsælli og aðstaðan var þannig að það var stutt tímabil í fótboltanum og svo var handbolti allan veturinn. Valur var ekki með sterkt lið í mínum árgangi hvorki í handbolta né fótbolta og einhvern veginn þá heillaðist ég bara af handboltanum, en ég held að ég hefði alveg haft jafnmikla möguleika í fótboltanum,“ segir Brynjar.

## Handboltaástríða

„Ég hafði gífurlega gaman af handboltanum og á þessum tíma var vegur handboltans mjög mikill. Maður fór í alla



**Úrvalslíð Þorbjarnar Jenssonar í kveðjuleik hússins 15. júní 2005.** Efri röð f.v.: Brynjar Harðarson, Ólafur Stefánsson, Jón Kristjánsson, Dagur Sigurðsson, Eyþór Guðjónsson, Júlíus Jónasson, Sigfús Sigurðsson, Júlíus Gunnarsson, Finnur Jóhannsson, Þorbjörn Jensson og Stefán Carlsson. Neðri röð f.v.: Geir Sveinsson, Guðmundur Hrafnkelsson, Valdimar Grímsson (sonur Grímur Valdimarsson), Einar Örn Jónsson, Örvar Rúðólfsson, Jakob Sigurðsson, Ingi Rafn Jónsson og Kári Guðmundsson.

landsleiki í Laugardalshöllinni, en við vorum þá á heimsælikvarða, kepptum oft við fremstu handboltaþjóðirnar og vorum nærri toppnum, erum nú reyndar enn ekki langt frá honum. Þetta heillaði mann mjög mikið. Valur átti mjög sterkan meistaraflokk þarna á áttunda áratugnum í öllum boltagreinum, ekki síst í handbolta. Síðan á ég mín ár í Val með einhverjum sterkustu kjörnum sem um getur, annars vegar Mulningsvélinni þarna á undan og öllum þeim hópi, ég er fæddur 1961 og þeir sem eru á undan mér eins og Bjarni Guðmunds, Steindór og Tobbi Guðmunds, þeir eru allir fæddir í 55, 56 og 57. Síðan er næsti kjarni sem

kemur og ég spila með árgærd 1964, t.d. Geir Sveins., Valdi Gríms., Kobbí og Júlí Jónasar. og sú kynslóð. Ég er sem sagt eini Valsarinn sem kem upp í handboltanum í 7-8 ár og það var oft erfitt hlutskipti. Loks kemur þessi þriðja sterka kynslóð sem ég spilaði með allra síðast í lok ferilsins til 1992, t.d. Ólafur Stefánsson, Dagur Sigurðsson, Óskar Bjarni og Valgærd Thoroddsen. Ég náði þremur Íslandsmeistaratitlum sem leikmaður, tveimur áður en ég fór til Svíþjóðar og einum eftir að ég kom heim. Síðan varð ég formaður deildarinnar tveimur árum eftir að ég hætti að spila. Þá var fyrst Þorbjörn Jensson þjálfari og síð-

ar Jón Kristjánsson sem ég hafði spilað með undir lokin. Sem formaður varð ég einnig þrisvar Íslandsmeistari og þau ár voru mjög skemmtileg. Við vorum annars vegar að berjast við hrikalega fjárhagsstöðu og hins vegar að ná frábærum íþróttalegum árangri þrátt fyrir að missa reglulega stóran hluta liðsins í atvinnumennsku. Á þessum árum ríkti ótrúlegur sigurveg og sigurveginn var sterk í okkar hópi," segir Brynjar.

### Úrslitaleikur Vals og Grosswaldstadt í Evrópukeppninni stór stund

Brynjar segir að stærsti atburðurinn á handboltaferlinum hafi verið úrslitaleikur Evrópukeppinnar 1981 gegn Grosswaldstadt sem þá var langbesta lið Þýskalands. Leikurinn fór fram í Olympíuhöllinni í München fyrir framan 15.000 áhorfendur, sem ég held að enn í dag sé met hjá íslensku liði. Við vorum einfaldlega einu númeri of litlir að sögn Brynjars. Um þennan leik má lesa í bókinni *Valur vængjum þöndum*. „Við vorum komnir í þennan stóra úrslitaleik en við vorum bara ekki nægilega reynslumiklir og vorum eins og kettlingar í höndunum á þeim. Við keyrðum eiginlega á rútu inn í höllina, hún var svo stór – inn í kjallarann og þegar við gengum inn á völlinn, þá vorum við að spá í af hverju væri svona ógæðslega bjart inni í höllinni, en þá átti eftir að kveikja öll flóðljósinn. Við áttum í raun og veru aldrei möguleika. Þeir voru einu númeri of stórir.



Brynjar Harðarson, Val, veltur len í stöng Fram með miklum tilþrifum og skurur á gleðilegan hátt. DB mynd: Bjarnshöf.



Þetta var á þeim árum þegar Múlningsvélín var komin á síðustu metrana. Við höldum mjög frægan fund í gamla fjósinu, en þar var tekin sú ákvörðun að einbeita sér að Evrópukeppninni. Þetta var gífurlegt ævintýri að komast áfram bæði á móti Drott og Atletico Madrid með því að skora fleiri mörk á útivelli. Þetta endaði sem ótrúlegt ævintýri, við komumst alla leið í úrslitaleikinn og það hefur ekkert íslenskt félagslíð leikið eftir í karlaflokki,“ segir Brynjar.

## Svíþjóðarín í atvinnumennsku

„Ég átti örugglega mín allra bestu handboltaár í Svíþjóð. Ég spilaði fyrst með Lugi í Lundi sem margir frægir kappar höfðu leikið með. Ég var alveg ákveðinn í því eftir menntaskóla að sameina nám og handbolta, en á þessum tíma fóru margir af jafnöldrum mínum til Þýskalands. Ég skoðaði þann möguleika en sá að það væri mjög erfitt að spila handbolta í Þýskalandi með námi. Það var mjög sjaldgæft að geta verið í góðu liði samhliða háskólanámi. Þannig að ég einbeitti mér bara að Svíþjóð. Hilmar Björnsson þjálfari hjá Val hjálpaði mér að komast út. Ég byrjaði í hagfræði í Lundi og var þar í 5 ár. Fyrsta árið spilaði ég með



Hluti stjórnar Valsmanna hf. 2007. Frá vinstri: Karl Axelsson, Brynjar Harðarson, Ingólfur Friðjónsson, Theodór Halldórsson og Guðni Bergsson. Grímur Sæmundsen formaður Vals og fyrrverandi stjórnarmaður Valsmanna krýpur fyrir framan.

þjó ég vel að því uppheldi sem ég hafði fengið á Hlíðarenda með vilja og metnað að leiðarljósi. Mér gekk líka mjög vel í handboltanum þarna úti, eftir að hafa gengið í gegnum ótrúlegt meidslatímabil síðustu árin heima. Það var líka gaman að kynna sænska íþróttandaðnum og hann átti vel við mig. Við Íslendingar getum lært mikið af hugarfari Svía, sér í lagi því sem snýr að íþróttum og tiltrú á sjálfum sér. Árið 1989 ákvað ég að flytja heim, var reynar þá kominn í framhaldsnám. Þá var ég í raun og veru nánast sóttur heim þar sem margir leikmenn fóru um þetta leyti í atvinnumennsku eða hættu. Það var gaman að koma heim og okkur gekk mjög vel þrátt fyrir að sjö leikmenn hefðu hætt eða farið í atvinnumennsku. Við urðum bikarmeistarar það ár og spiluðum ótrúlega minnisstæðan leik við FH um titilinn í Kaplakrika sem var vígður það ár. Það munaði bara hársbreidd að við yrðum Íslandsmeistarar það ár en við urðum Íslandsmeistarar árið eftir, 1991. Síðan lagði ég skóna á hilluna árið 1992 m.a. vegna þráláttra meidsla en ég var að

flestu leyti sáttur við handboltaferilinn,“ segir Brynjar.

## Hugmyndin að stofnun Valsmanna hf hefur verið gæfuspor

Valsmenn hf. eru almenningshlutafélag, sem stofnað var af 424 hluthöfum árið 1999. Tilgangur félagsins var að vera fjárhagslegur stuðningsaðili Knattspyrnufélagsins Vals. Fyrstu stjórn félagsins skipuðu Brynjar Harðarson, stjórnarformaður, Helgi Magnússon, varaformaður, Elísar Hergeirsson ritari, Stefán Gunnarsson, Friðrik Sophusson, Kjartan Gunnarsson og Örn Gústafsson. Stofnfé félagsins var kr. 42.000.000. Félagið hefur sett upp heimasíðu með upplýsingum um starfssemina, valsmenn.is. Brynjar hefur verið stjórnarformaður Valsmanna hf. frá upphafi og sér fyrir sér að Valsmenn hf. verði til um ókomna framtíð sem fjárhagslegur stuðningsaðili Vals.

Brynjar telur það hafa verið eitt af gæfusporunum hjá Val að stofna Valsmenn hf. til að vera fjárhagslegur bakhjarl félagsins. Ýmsir í forystusveit Vals vildu árið 1999 stofna hlutafélag sem átti að vera styrktarfélag fyrir Val svipað því sem gert var hjá KR-sport. Grímur Sæmundsen var þar fremstur í flokki og hann kom til mín og bað mig að leiða þá vinnu sem þyrfti að fara fram til að stofna félagið og veita því síðan forystu. Aðferðafræðin var sú að það var myndaður hópur sem var tilbúinn til að



Brynjar í góðra vina hópi á leik Vals og Celje Lasko í Meistaradeildinni í handbolta 2007.

Lugi, síðan fór ég til Olympia í Helsingborg og lék þar í 4 ár og var meðal annars spilandi þjálfari í 2 ár. Þetta var skemmtilegur en jafnframt erfiður tími, það var töluvert erfitt að stunda samhliða krefjandi háskólanám og atvinnumennsku í handbolta auk þess sem ég eignaðist tvö fyrstu börnin mín þarna úti. Þetta krafðist því mikillar skipulagningar og aga og þar



*Bikarmeistarar Vals í handbolta 1990. Efri röð frá vinstri: Pétur Guðmundsson liðsstjóri, Brynjar Harðarson, Júlíus Gunnarsson, Finnur Jóhannsson, Einar Þorvarðarson, Jón Kristjánsson, Ingi Rafn Jónsson, Þorbjörn Jensson þjálfari og Stefán Carlsson. Neðri röð frá vinstri: Svanur Sigurðsson, Sigurjón Sigurðsson, Árni Þór Sigurðsson, Jakob Sigurðsson, Páll Guðnason, Valdimar Gríms-son og Gísli Óskarsson.*

taka nokkuð stóran hlut og vera kjölfest- an, með frá hálfri milljón upp í millj- ón kr. á hlut. Tímapunkturinn var ein- staklega góður og það skapaðist strax í byrjun mikill meðbyr og áhugi. Það hafi fljótlega verið komnar 10–15 milljónir kr. Þetta endaði með því að rúmlega 400 manns skráðu sig inn í hluthafahópinn með 43 milljónir kr. sem stofnfé. Bryn- jar segir að vinnan við hlutafjársofnunina hafi verið ótrúlega skemmtileg og mikill Valshugur í mönnum.

„Við mörkuðum strax þá stefnu að

þessum peningum yrði ekki eytt, við myndum ekki styrkja félagið meira en því sem næmi ávöxtuninni af stofnfénu. Það hefur gengið eftir. Fyrsta fjárfesting sem við fórum í var stóra skiltið á Hlíð- arenda. Það kostaði milli 10 og 11 millj- ónir kr. á sínum tíma og töluverð fjárfest- ing og hefur skilað miklum peningum allar götur síðan. Síðan ávöxtuðum við stofnféd eins og hvert annað fjárfesting- arfélag. Fyrsta kveikjan að því að stofna félagið var sú að menn ætluðu að kaupa leikmenn. Það var í raun og veru grund-

vallarmálið. Okkur auðnaðist hins veg- ar strax í byrjun að setja hlutafélaginu góðar og heilbrigðar vinnureglur. Þar var meginreglan sú að við skiptum okk- ur ekki af stjórnun Vals eða þeim ákvörð- unum sem þar eru teknar heldur látum stjórnnum deilda og félags um það. Þá strax varð þetta á annan veg en t.d. hjá KR-sport. Við erum bara sjálfstæður fjár- hagslegur aðili sem er mjög mikilvægt.“ segir Brynjar.

## Hámarksnýting Hlíðarenda í þágu Vals

„Fljótlega eftir stofun Valsmanna hf sá ég fyrir mér að stóra tækifæri Valsmanna hf. lægi í Hlíðarendajörðinni. Það sem lagði grunnin var samningur sem Valur og Reykjavíkurborg gerðu árið 2001. Þá var ákveðið að breyta landnýtingu á Hlíð- arenda. Ákveðið var að taka það land sem Valur átti og var ónýtt undir aðra notkun. Af tæplega 8 hekturum nýtti Val- ur aldrei nema kannski 2-3 hektara. Sumt af því voru og eru enn moldarhaugar og annað ónýtanlegt vegna flugvallarins. Þá var ákveðið að selja landið fyrir eins hátt verð og hægt var og nýta fjármunina til að byggja upp íþróttastöðuna og síðan myndi Reykjavíkurborg greiða það sem upp á vantaði. Þegar þessir samning- ar eru gerðir árið 2001, þá héldu menn



*Gladir á góðri stundu. Jón Grétar Jónsson, Brynjar Harðarson og E. Börkur Edvars-son kampakátir með Íslandsmeistaratililinn í knattspyrnu 2007.*



kannski að það yrðu um 200 milljónir kr. sem væri hægt að fá fyrir þetta land, en eins og staðan er núna eftir þær stækkanir og breytingar sem eru orðnar, þá mun Reykjavíkurborg og Knattspyrnufélagið Valur fá í sameiningu 1,6-1,7 milljarða kr. fyrir þetta land. Þeir peningar munu allir verða nýttir á einn eða annan hátt til þess að byggja upp aðstöðuna á Hlíðarenda. Þannig að á endanum er það í raun og veru Reykjavíkurborg og Reykvíkingar sem græða mest vegna þess að borgin mun varla þurfa að leggja eina krónu í öll mannvirkin. Það er landið og nýting þess sem borgar á endanum öll íþróttamannvirkin á Hlíðarenda og það hefur verið hlutverk mitt að skapa sem mest verðmæti úr þessu landi til hagsbóta fyrir bæði Valsmenn hf, Knattspyrnufélagið Val og þó ótrúlegt megi viðast hefur hagsmunum Reykjavíkurborgar verið best gætt í þeirri vinnu. Ég hef talið það hlutverk okkar Valsmanna hf að gæta þeirra eigna sem sköpuðust við kaupinn á Hlíðarenda árið 1939 og hámarka arðsemi þess. Við höfum reynt að nýta landið sem allra allra best, aukið að nokkru leyti við landið og aukið nýtinguna. Með þessu hafa orðið til meiri verðmæti til að borga fyrir núverandi og komandi íþróttamannvirki.

Stjórn Valsmanna hf. hefur staðið einhuga um láta ekki landið frá okkur fyrr en erum búnir að ljúka öllu deiliskipulagi þannig að við gætum verið sáttir við heildarskipulag Hlíðarenda sem íþrótt-, íbúðar- og athafnasvæðis. Einn af stóru þáttunum þar er til dæmis aðkoma og bílastæðamál á leikdögum. Við erum að ná að ég held mjög góðum árangri í því að skipuleggja svæðið vel með tilliti til allra þessara þátta. Nú þarf að kynna betur svæðið, selja síðan byggingarréttinn frá félaginu, þá verða til peningar sem nýttir verða til að standa við þær skuldbindingar sem hafa verið gerðar. Síðan verða þeir fjármunir sem eftir verða í vörslu Valsmanna hf. nýttir til félagsins eftir því sem ákveðið verður í framtíðinni. Í því sambandi hefur þegar verið tekin ákvörðun um og stofnaður styrktarsjóður Vals,“ segir Brynjar.

## Styrktarsjóður Vals

Styrktarsjóður Vals sem rekinn verður í sameingu af Val og Valsmönnum hf. í formi sjálfeignarstofnunnar er þrískiptur og verður til um alla framtíð. Hann mun styrkja barna- og unglingastarf, afreks-



*Brynjar Hardarson og Ingólfur Friðjónsson skemmta sér vel á fjölmennu herrakvöldi Vals 2007.*

starf og almennan rekstur Vals. Ekki er heimild til að eyða af höfuðstólnum. Ávöxtun er öll nýtt í þágu félagsins og þetta skapar algjörlega nýja möguleika fyrir Val. „Segja má að verðmæti jarðarinnar á Hlíðarenda hafi breyst í fasta fjármuni sem við látum ekki frá okkur, þ.e. höfuðstólinn, en ávöxtun fjármuna nýtist til allrar framtíðar. Frumkvöðlar félagsins keyptu Hlíðarenda af ótrúlegri framsýni. Ég hef litið á það sem mitt hlutverk og stjórnar Valsmanna hf. að nýta landið sem best sem í þágu félagsins. Nú þegar hafa verið lagðar 30 milljónir kr. í styrktarsjóðinn en markmiðið er að lokið verði að greiða 600 milljónir kr. inn í sjóðinn fyrir árslok 2009,“ segir Brynjar.

## Framtíðarsýn Brynjars fyrir Val og Hlíðarenda

Brynjar vill sjá að Hlíðarendi verði miðstöð og kjarni íþrótt- og æskulýðsstarfs fyrir Hlíðarnar og nýju Vatnsmýrina. Á svæðinu verði fyrsta flokks íþróttamannvirki og einnig fjölskylduvæn starfsemi og besta barna- og unglingastarfið. Brynjar telur að Valur þurfi að rækta betur tengsl sín við hverfið og gera Val að sterkara hverfafélagi með tilheyrandi stemningu. Í dag snúist líf fólks ekki bara um vinnu og lífsviðurværi heldur ekki síður ákveðin lífsstíl. „Við þurfum að vinna að því að það sé lífsstíll að vera Valsari og sá þáttur sé okkur öllum mikilvægur. Um leið og það tekst verður félagið áhugavert og allir vilja koma á Hlíðarenda hvort sem er til leiks eða starfa. Í nánustu framtíð hlýtur meginmarkmiðið að vera að fjölga iðkend-

um í yngri flokkunum verulega með megináherslu á boltageinarnar, handbolta, körfubolta og fótbolta, með jafnrétti kynja og forvarnarstarf að leiðarljósi. Mér finnst geta farið vel saman að leggja áherslu á góða afreksflokka félagsins og einnig að bjóða öllum börnum og ungmönnum upp á íþróttaiðkun við hæfi með áherslu á uppeldis- og forvarnarstarf og megingildi félagsins. Ég tel að á endanum sé alltaf samansæmerki á milli íþróttar og árangurs. Um leið og meistaraflokkar félagsins skila árangri skapast gott fordæmi, það hvetur ungvíðið til dáða og skapar heilbriggt andrúmsloft. Það er ekki spurning að eitt það mikilvægasta fyrir ungt fólk er að hafa virkt áhugamál, virk tónlistariðkun er ekkert síðri en íþróttir, aðalatriðið er að hafa áhugamál sem nýtist til að stuðla að heilbrigðum lífsháttum, þar sem reynir á aga, skipulag, líðsheild og hollan félagsskap. Í þeim málum eru fyrirmyndir þeirra eldri ómetanlegar. Fyrir mér og öðrum forystumönnum Vals eru gömlu góðu gildin sem sr. Friðrik byggði starfið á enn í fullu gildi og ég tel að þeim beri að viðhalda. Ég hef miklar væntingar til starfsins hjá Val á næstu árum og tel að við höfum allar forsendur til að vera í fremstu röð í framtíðinni,“ segir Brynjar að lokum.

## Nýkjörin stjórn Valsmanna hf

Brynjar Hardarson, *formaður*  
Guðni Bergsson  
Ingólfur Friðjónsson  
Jafet Ólafsson  
Karl Axelsson  
Karl Jónsson  
Theódór Halldórsson

# Sorglega nálægt því að komast í 8 liða úrslit **Evrópukeppninnar**

## Evrópuferðasaga Guðbjargar Gunnarsdóttur markvarðar meistaraflokks kvenna

### Fyrsti riðill – Klaksvík í Færeyjum

Nú í annað sinn á þremur árum fórum við Valsstúlkur í Evrópukeppni félagsliða. Meistarar hvers lands fá þátttökurétt og má því segja að um afar sterkt mót sé að ræða.

Fyrsti riðillinn sem við lentum í samanstóð af afar áhugaverðum liðum, FC Honka Espoo frá Finnlandi, Den Haag frá Hollandi og KÍ frá Færeyjum. Færeyingarnir fengu það verðuga verkefni að halda keppnina en eins og við komumst að síðar þá reyndist hægara sagt en gert að hýsa aðkomuliðin þrjú í smábænum Klaksvík, þaðan sem KÍ er.

### Tekniske skolen

Þegar við mættum loks í rétta eyju eftir þó nokkuð mörg neðanjarðargöng var gistihús bæjarins fullt og ekki hægt að finna samastað þar sem við gátum allar gíst saman nema í heimavistaraskóla bæjarins. Skólinn hét Tekniske skolen sem við áttum erfitt með að skilja því innandyra var lítið um tæknijungar og húsgögnin líklega frá seinni heimstyrjöld. Á endanum sættumst við á þetta, enda lítið annað hægt og fengu þá allir leikmenn bedda og útítið lak til að sofa með.

Við fundum okkur nóg að gera í heimavistaraskólanum góða en Beta ásamt nokkrum leikmönnum bjuggu til svakalegt draugahús í einum enda hússins sem átti eftir að hræða líftórna úr liðinu,



aðallega samt Freysa. Póker var mjög vinsæl afþreying en alls kyns viðurnefni komu þar upp. The Queen fór með flesta sigra af hólmi en „the tornado“ og „catwoman“ voru líka nokkuð sterkar. Það var líka horft á Napoleon Dynamite til að finna ný fögn fyrir lokaleik liðsins.

Í Færeyjum voru margir vígðir en að sjálfsögðu fer það ekki í opinber rit hvað gert er við þá sem eru nýir í liðinu enda algjört hernaðarleyndarmál.

### Valur – FC Honka

Fyrsti leikur liðsins var á móti finnsku meisturunum FC Honka og var sá leikur gríðarlega erfiður. Honka skoraði í fyrri hálfleik beint eftir hornspyrnu en við vorum í raun mikið betri allan tímann en náðum ekki að skora. Ákaflega skrýtið veður var í leiknum en það var þoka nánast allan tímann og undirrituð sá varla í mark andstæðinganna. Á 87. mínútu náði Vanja að jafna leikinn og Margrét skoraði síðan sigurmarkið á 91. mínútu beint úr stórkostlegri aukaspyrnu og einn sætasti sigur sem leikmenn hafa upplifað í höfn.

### Valur – KÍ

Næsti leikur liðsins var á móti heimasættum í KÍ og reyndist sá leikur heldur auðveldari en við Honka og fór svo að hann endaði 6–0 okkur í hag. Mörkin skiptust þannig: Margrét 2 (þar af ein vítaspyrna), Raket, Kata, Nína og Guðný allar með 1.



Guðbjörg Gunnarsdóttir ver með tilþrifum.

Eftir þann sigur varð okkur ljóst að við værum þegar komnar áfram vegna innbyrðis úrslita og gríðarlegur fögnuður varð þá í leiklok.

### Valur – Den Haag

Þriðji og síðasti leikurinn var síðan á móti hollensku meisturunum Den Haag. Við mættum mjög afslappaðar til leiks þar sem við vorum þegar komnar áfram. Margrét skoraði strax á 9. mínútu og bætti síðan öðru við úr vítaspyrnu á 22. mín. Dagný bætti við marki á 39. mín. og staðan 3–0 í hálfleik. Nína Ósk skoraði síðan tvö mörk í seinni hálfleik en þær hollensku náðu að minnka muninn með marki á 90. mín. og lokatölur urðu 5–1.

Leikmenn liðsins fóru á kostum á sameiginlegu lokakvöldi mótsins. Anna Gardars. tók upp gítarinn og söng „frum-samið“ lag til Betu Þjálfara þar sem hún þurfti alvarlega að afsaka fyrir að hafa sofnað á liðsfundi. Hallbera tók lagið „One moment in time“ með Whitney





Leikmenn Vals og Frankfurt ganga inn á völlum.



Houston og var stemningin hreint rafmögnuð. Heimamenn frá Klaksvík fóru með lofræður um stóra Ísland sem var greinilega lituð mikið upp til. Daginn eftir fórum við beint heim á Reykjavíkurlflugvöll eftir mjög vel heppnaða ferð.

### Íslandsmeistaratitillinn í höfn.

Eftir Evrópukeppnina var liðið í virkilega góðum gir og vann alla leiki sem eftir voru af Íslandsmótinu. Við hömpuðm síðan Íslandsmeistaratitlinum í lok móts eins og allir vita. Stuðarar fengu verðlaun fyrir að vera bestu stuðningsmenn sumarsins og á lokahófi KSÍ áttum við 5 leikmenn í liði ársins, Gugga, Guðný, Ásta, Kata og Margrét auk þess sem Beta var valin besti þjálfarinn.

Til að halda okkur í formi fyrir næsta riðil ákvað Siggí Raggi landsliðsþjálfari að spila við okkur æfingaleik en hann valdi í leikinn leikmenn sem hafa fengið færri tækifæri með landsliðinu. Við áttum

virkelega fínan leik og enduðum með að sigra 8–0. Við lögðum upp með að spila þéttan varnarleik og spiluðum nákvæmlega eins og við ætluðum að leika á móti Frankfurt. Sjálfstraustið var því gott þegar við lögðum af stað í næsta leik við Frankfurt.

### Annar riðill – Brussel, Belgía

Fólk var almennt sammála um að við hefðum að þessu sinni lent í „dauðariðli“ en mótherjarnir voru engir aðrir en Frankfurt (með 7 nýkrýnda heimsmeistarara innanborðs), Everton og heimastúlkur Wezemal. Alls fóru 3 vikur í undirbúning um hvernig við ætluðum að leggja Frankfurt að velli. Allt sem við gerðum dagana fyrir snerist um að vinna Frankfurt og það hefði ekki þurft mikið meira til að það tækist.

### Hótel Ebab og fiskurinn

Hóтелиð sem belgíska liðið bauð upp á

var ekki upp á marga fiska. Herbergin voru eins og þriðja farrýmis káetur með litlu „hjónarúmi“ með koju fyrir ofan. Þarna bjuggum við í rúmlega viku. Maturinn á boðstólum samanstóð aðallega af ýmsum fiskitegundum, t.d. lax, túnfiskur, þorskur, og plockkfiskur. Síðan var boðið upp á svínakjöt þremur tímum fyrir leik og svona mætti lengi telja. Við reyndum að láta þetta ekki hafa nein áhrif á okkur en ástkæra fararstjórnin var dugleg að fara út í búð að kaupa orku-drykki og banana fyrir leiki.

### Valur – Frankfurt

Við byrjuðum leikinn að miklum krafti og náðum algjörlega að halda aftur af þýsku stórstjórnunum. Á 30. mínútu skoraði Margrét Lára eftir langt útspark fram hjá hinni heimsfrægu Silke Rottenberg. Staðan var 1–0 fyrir okkur í hálfleik. Á 80. mínútu vorum við enn þá að vinna leikinn og baráttan í liðinu einstök. Fyrirliði heimsmeistaraliðs Þjóðverja, Birgít Prinz ákvað þá að taka málin í sínar hendur og kláraði leikinn fyrir Frankfurt. Hún skoraði jöfnunarmark á 82. mínútu, þær bættu síðan við marki á 88. mín. og einu öðru í uppbót-





*Þjálfaragléns. Teddi, Freysi og Beta í góðum gir.*

artíma. Þrátt fyrir þetta tap átti liðið hreint út sagt frábæran leik og án efa einn besta leik tímabilsins.

#### **Valur – Wezemaal**

Annar leikur liðsins var á móti heimastúlkunum Wezemaal. Sá leikur gekk mjög vel og fór hann 4–0 okkur í hag en staðan var 0–0 í hálfleik. Kata fyrirliði kom okkur síðan yfir með skallamarki á 59. mínútu og eftir það opnuðust allar flóðgáttir. Margrét Lára skoraði þrennu á 69., 75. og 80. mínútu og hefði sigurinn alveg eins getað orðið stærri.

#### **Innbrot á hótelið**

Á meðan á leiknum stóð var brotist inn á gríðarlega fína hótelið okkar og ýmsu stolið þ.á m. fartölvum, sínum og veskjum. Þetta varð allt hið svakalegasta mál og fóru margar stelpur úr liðinu í rannsóknarlögguleik. Það eina sem fannst á endanum voru ýmis íslensk kort, bókasafns-, líkamsræktarkort ofl. sem höfðu verið í einu veskinu út á miðri götu í Brüssel en þjófunum hefur greinilega ekki litist nægilega vel á allan varninginn.



#### **Misheppnuð verslunarferð**

Eftir Wezemaal leikinn fengum við tveggja daga frí þannig að liðið skellti sér í verslunarferð í borginni. Okkur til lítillar kæti var maraþonhlaup í bænum þannig að allar helstu búðir voru lokaðar. Leiðsögumaðurinn okkar sagði þá frá öðrum fínum verslunarstað og fór því rútan með okkur þangað. Eftir 40 mínútna keyrslu var eftirvæntingin orðin óbærileg og allar komnar upp með veskin tilbúnar að strauja kortin. Þvílík vonbrigði sem við urðum fyrir, til að gera langa sögu stutta þá var þetta hreint út sagt SKELFILEGT og eina sem var keypt voru eyrnabönd og gerviköngulær (sem voru notaðar til að hræða þjálfarann sem hefur einstaklega mikla fóbíu). Í sárabætur var rútan fengin til að keyra okkur á McDonalds og urðu því leikmenn í fyrsta skiptið saddir í allri ferðinni.

#### **Valur – Everton**

Síðasti leikur okkar var á móti Everton og var hann vægast sagt slakur. Við byrjuðum leikinn illa og vorum heppnar að fá ekki á okkur mark strax þegar Everton brenndi af vítaspyrnu. Þær komust síðan yfir eftir hornspyrnu og staðan var 1–0 í hálfleik. Seinni hálfleikur byrjaði eiginlega verr en sá fyrri og á tveggja mínútna kafla 53. og 55. mínútu bætti Everton við tveimur mörkum og staðan orðin 3–0. Þá vöknudum við til lífsins og Kata skoraði skallamark eftir góða sendingu Pálu inn á teig. Eftir að staðan var

orðin 3–1 vorum við allt í öllu í leiknum og hefðum hæglega getað jafnað. Við vorum meðvitaðar um að tap með tveimur mörkum hefði getað fleytt okkur áfram í 8 liða úrslitin að því gefnu að Frankfurt myndi sigra arfaslakt lið Wezemaal. Því miður sást það á leik okkar og töpuðum við leiknum með tveimur mörkum.

#### **Sorglegur endir í Evrópukeppninni**

Eftir leikinn horfðum við vongóðar á nýkrýnda heimsmeistarana í Frankfurt eiga sinn skelfilegasta leik sem sögur fara af, en það var varla hægt að kalla þetta fótoltaleik. Bæði lið vissu að jafntefli myndi koma þeim í 8 liða úrslitin og jafntefli varð því niðurstaðan og við út úr keppninni.


Sorglegur endir á annars góðri ferð og má segja að lélegasta lið riðilsins, Wezemaal hafi komist áfram ásamt Frankfurt, en svona er víst fótoltinn. Stefnan á næsta ári er að sjálfsgöðu að gera betur en í ár.

Tímabilið var heilt yfir virkilega gott. Íslandsmeistaratitillinn var hápunktur sumarsins en við ætluðum okkur samt stærri hluti í Evrópukeppninni, það verður því að bíða til næsta árs!

*Takk fyrir gott knattspyrnusumar.*

*Guðbjörg Gunnarsdóttir  
meistaraflokkki kvenna*





Safnaðu Vildarpunktum með VISA  
og fljúgðu á vit ævintýrana.

**VISA**



# Langar í meistaraflokk Vals og landsliðið

**Katrín Gylfadóttir er 14 ára og leikur fótbolta með 3. flokki og er handhafi Lollabikarsins 2007**

Katrín er 14 ára, nýgengin í 3. flokk og hefur æft í 6 ár með Val. Hún segist fyrst hafa ætlað í Fram en þar var enginn 6. flokkur kvenna svo hún fór í Val. Hún segist hafa fengið mjög góðan stuðning frá foreldrum sínum og þau séu alltaf til í að skutla sér á æfingar og leiki. Einnig mæti þau á alla leiki sem þau geta.

**Hvernig gengur ykkur?** Okkur gekk mjög vel í sumar. Við tókum þátt í Síma- mótinu og við unnum úrslitaleikinn eftir framlengingu og vítaspyrnukeppni. Tók- um einnig þátt í Rey Cup sem haldið er á Íslandi, Reykjavíkurmótinu og Íslands- mótinu. Við unnum bæði Reykjavíkurmót- ið og Rey Cup og komumst í undanúrslit í Íslandsmótinu. Hópurinn var mjög góður

og þjálfararnir, Freyr og Lea alveg frábær. **Skemmtileg atvik úr fótbolta?** Þegar ég var í 5. flokki, minnir mig, þá vorum við að keppa á Nóatúnsmótinu og völlurinn var einn stór drullupollur, við runnum í drullunni og það var lífsins ómögulegt að sparka boltanum, hann rúllaði varla í bleytunni. Þetta var eiginlega mýrabolti. **Fyrirmyndir í fótbolta?** Ég fylgist mik- ið með Ronaldinho og svo finnst mér Marta Vieira da Silva í brasilíska lands- liðinu alveg frábær.

**Hvað þarf til að ná langt í fótbolta eða íþróttum almennt?** Til að ná langt í fótbolta þarf að hafa trú á sjálfum sér, æfa aukalega, borða vel, leggja sig fram á æfingum og leikjum. Ég þarf m.a. að

bæta skotin og skotkraftinn.

**Hvers vegna fótbolti?** Ég hef prófað að æfa skauta, fimleika og ballett, en fannst bara skemmtilegast í fótboltanum.

**Hverjir eru framtíðardraumar þínir í fótbolta og lífinu almennt?** Að komast í meistaraflokk Vals og landsliðið. Lang- ar einnig mikið að komast í atvinnu- mennsku og fá styrk í háskóla.

**Er einhver þekktur Valsari í fjölskyldu þinni?** Nína Kolbrún litla systir.

**Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig að hafa fengið Lollabikarinn í haust?** Það er virðing fyrir því sem maður gerir vel og hvetur mann áfram til að gera betur.

**Hver stofnaði Val og hvenær?** Það var séra Friðrik Friðksson, 11. maí, 1911.

## Valsmenn – bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár

Guðlaugur Björgvinsson

Guðni Haraldsson

Gunnar Þór Jóhannesson

Gunnar Þór Möller

Gunnar Svavarsson

Hafsteinn Orri Ingvason

Hákon B. Sigurjónsson

Halldór Einarsson

Helgi B. Daníelsson

Hrafnhildur Ingólfssdóttir

Ingi Rafn Jónsson

Ingvar Guðmundsson

Ingvi Hrafn Jónsson

Jóhann Halldór Albertsson

Jón Halldórsson

Jón Helgason

Jónas Guðmundsson

Kristján Ágústsson

Magnús Þór Gunnarsson

Nikulás Úlfar Másson

Ólafur Benediktsson

Ómar Þorleifsson





**Meistaraflokkur kvenna í körfubolta 2007–2008:** Efri röð frá vinstri: Hörður Gunnarsson varaformaður Vals, Grímur Sæmundsen formaður Vals, Elinborg Guðnadóttir, Anna Jóna Kjartansdóttir, Kristjana Björk Magnúsdóttir, Signý Hermansdóttir, Hafðís Elín Helgadóttir, Lovísa Guðmundsdóttir, Þórunn Bjarnadóttir, Hanna Kjartansdóttir, Robert Hodgson þjálfari. Fremri röð frá vinstri: Freyja Fanndal Sigurjónsdóttir, Guðrún Sesselja Baldursdóttir, Berglind Karen Ingvarsdóttir, Stella Rún Kristjánsdóttir, Tinna Björk Sigmundsdóttir, Cecelia Steinsen og Elísabet Bjarnadóttir liðsstjóri. Ljós. Guðni Karl.

# Bjartir tímar framundan í körfunni og meistaraflokkur kvenna endurvakinn

## Ársskýrsla körfuknattleiksdeildar árið 2007

Árið 2007 hefur verið mjög viðburðaríkt ár hjá Val og aðstöðuleysi félagsins verið mikil áskorun fyrir körfuknattleiksdeildina. Stofnun meistaraflokks kvenna, nokkrar mínútur frá sæti í efstu deild í meistaraflokki karla og nýr þjálfari meistaraflokkanna er það sem stendur sérstaklega upp úr á þessu ári. Það er mjög bjart framundan en leikmenn, þjálfarar og allir sem koma að deildinni hafa mjög mikinn metnað fyrir félagið.

**Stjórn körfuknattleiksdeildar Vals 2006–2007:**  
Gunnar Zoëga, *formaður*  
Torfi Magnússon, *varaformaður*

Hreiðar Þórðarson  
Lárus Blöndal  
Sveinn Zoëga  
Guðmundur Guðjónsson

Einhverjar breytingar verða á stjórn fyrir þetta tímabil meðal annars vegna breytinga á skipulagi félagsins. Þegar þetta er skráð hefur aðalfundur félagsins ekki farið fram og því ný stjórn ekki listuð upp hér.

### Meistaraflokkur karla

Eggert Maríuson þjálfaði meistaraflokk karla annað tímabil sitt. Það urðu ekki miklar breytingar á liðinu en helst ber að

nefna að tveir erlendir leikmenn léku með liðinu, Zach Ingles og Matteo Cavallini. Þetta var fjórða tímabilið í röð sem liðið leikur í 1. deildinni og munaði ekki miklu að liðinu tækist að komast upp í efstu deild, en í úrslitaeinvígi um sæti í efstu deild á milli Vals og Stjörnunnar, vann Valur fyrsta leikinn en Stjarnan klárði næstu tvo leiki sem tryggði þeim sæti í efstu deild.

Eftir tímabilið var því enn einu sinni komið að undirbúningi fyrir keppni í 1. deild og ljóst að miklar breytingar yrðu á liðinu. Eggert Maríuson hélt ekki áfram með liðið og þakkar félagið Eggerti fyrir gott samstarf.



Fyrsta verkefni deildarinnar eftir síðasta tímabil var að ráða nýjan þjálfara. Var Robert Hodgson ráðinn þjálfari meistaraflokka félagsins næstu þrjú árin. Rob hefur þjálfað Þór frá Þorlákshöfn undanfarin ár með góðum árangri ásamt að vera einn besti leikmaður landsins. Sævaldur Bjarnason verður aðstoðaðarþjálfari Robs. Félagið bindur miklar vonir við Rob sem þjálfara.

Liðið hefur styrkst mikið og ánægjulegt að nokkrir Valsmenn hafa snúið heim. Alexander Dungal og Hörður Hreiðarson komu til baka frá Selfossi og Guðmundur Kristjánsson hefur snúið til baka frá háskóla í Ameríku. Ragnar Gylfason kemur frá Selfossi, Jason Harden og Sigurður Sveinbjörn Tómasson koma frá Þór Þorlákshöfn.

Ragnar Steinsson er fluttur til Danmerkur, Hjalti Friðriksson og Haraldur Valdimarsson eru fluttir til Ameríku.

Með þennan hóp er liðið til alls líklegt og stefnan sett á sæti í efstu deild. Við hvetjum alla til að styðja við bakið á liðinu í vetur.

### Meistaraflokkur kvenna í Val á nýja leik

Valur teflir fram meistaraflokki kvenna í körfu í fyrsta skipti síðan 1996. Það hefur verið mikil eftirvænting að þessi atburður yrði að veruleika og stúlkurnar hafa komið með miklum krafti inn í félagið. Allir leikmenn Íþróttafélags Stúdenta (ÍS) skiptu yfir í Val og Valur tók sæti í efstu deild kvenna. Robert Hodgson var ráðinn þjálfari og því þjálfar hann báða meistaraflokka félagsins.

Það má með sanni segja að stúlkurnar byrji vel en þær unnu Reykjavíkurmótið sannfærandi í ár. Liðið hefur fengið góðan liðstyrk fyrir átökin í vetur er Molly Peterman ákvað að ganga til liðs við Val. Molly kemur frá Detroit í Bandaríkjunum en hefur leikið á Írlandi og Þýskalandi undanfarandi. Liðið stefnir á að spila í úrslitakeppninni og það ætti að ganga eftir með góðum stuðningi.

### Fjáröflun

Meistaraflokkar deildarinnar hafa stað-

id sig frábærlega í fjáröflun í vetur og hafa þjálfararnir Rob og Sævaldur drifið verkefnið áfram af krafti. Framlag leikmanna til fjáröflunar hefur verið mjög mikilvægt fyrir starfið og ber að hrósa öllum sem hafa komið að fjáröfluninum. Svali Björgvinsson og Ragnar Þór Jónsson stýra fjármálaráði deildarinnar eins og undanfarin ár.

### Yngri flokkar

Iðkendum og flokkum fer fjölgandi á milli ára og eru flokkarnir orðnir 18 talsins.

Það er ánægjulegt að deildin er með nokkra af bestu yngri flokka þjálfurum landsins en Birgir Mikaelsson, Sævaldur Bjarnason og Kristjana Magnúsdóttir eru áfram þjálfarar í vetur. Auk þess er Kjartan Orri Sigurðsson byrjaður að þjálfa aftur.

Bergur Már Emilsson hættir þjálfun hjá Val eftir margra ára frábært starf. Bergur hefur haldið mjög vel utan um starfið í yngri flokkum félagsins og vill félagið þakka Bergi fyrir einstaklega gott starf. Bergur er fluttur til Þýskalands í nám og óskum við honum góðs gengis.

### Gengi yngri flokka á síðasta tímabili

#### Unglingaflokkur karla, fæddir 1986-1987

Þjálfari: Eggert Maríuson og Zach Ingles

Þessi flokkur stóð sig ágætlega á síðasta tímabili, allir leikmenn flokksins eru hluti af meistaraflokki félagsins. Liðið endaði í 5. sæti í Íslandsmóti og komst í



Það er stutt í sprellið hjá Rob og Sæba.





**Meistaraflokkur karla í körfubolta 2007–2008.** Aftari röð frá vinstri: Robert Hodgson þjálfari, Ragnar Gylfason, Alexander Dungal, Kolbeinn Soffússon, Craig Walls, Hörður Helgi Hreiðarsson, Sigurður Sveinbjörn Tómasson, Jason Harden, Sævaldur Bjarnason aðstoðarþjálfari. Fremri röð frá vinstri: Guðmundur Helgi Finnbogason, Magnús Björgvin Guðmundsson, Steingrímur Gauti Ingólfsson, Stefán Nikulásson, Guðmundur Kristjánsson, Arnór Sigurgeir Prastarson og Ágúst Þorri Tryggvason.

8 liða úrslit í bikarkeppni. Það hafa ekki verið sérstakar æfingar í unglingsflokki en leikmenn hafa æft með meistaraflokki. Við bindum vonir við að komast í úrslitakeppnina á þessu tímabili en liðið er í 3. sæti í deildinni og komið áfram í bikarnum.

#### Drengjaflokkur, fæddir 1988-1989

Þjálfari: Sævaldur Bjarnason

Mjög enfilegir leikmenn eru í drengjaflokki sem spila og æfa með meistaraflokki félagsins. Flokkurinn var í toppsætinu fyrir áramót en því miður töpuðu þeir leikjum naumlega á lokasprettinum og komust því ekki inn í úrslitakeppni en liðin í öðru til fimmta sæti voru jöfn með 22 stig en Valsmenn voru ekki með nægjanlega hagstæð úrslit og enduðu því í 5. sæti. Flokkurinn komst í 8 liða úrslit í bikar og endaði í öðru sæti í Reykjavík-ur mótinu. Frambærilegir leikmenn sem geta látið að sér kveða í allra nánustu framtíð.

#### 11. flokkur, fæddir 1990

Þjálfari: Bergur Már Emilsson

Fámennur flokkur og leika leikmenn hans með drengjaflokki félagsins. Flokkurinn stóð sig ágætlega í vetur endaði í b riðli og komst í 8 liða úrslit í bikarkeppni.

#### 10. flokkur, fæddir 1991

Þjálfari: Bergur Már Emilsson

Öflugur flokkur sem hóf leik í a riðli en enduðu í b riðli Liðið lék marga góða leiki á tímabilinu og komst í 8 liða úrslit í bikarnum. Þéttur kjarni af leikmönnum sem Bergur hefur verið með í nokkur ár. Duglegir strákar sem gætu náð langt.

#### 9. flokkur, fæddir 1992

Þjálfari: Birgir Mikaelsson

Flokkur sem hefur verið að berjast við að komast upp úr c riðli. Liðinu hefur ekki gengið næginlega vel í Íslandsmótinu en eru duglegir að æfa og leggja sig fram. Með auknum krafti þá bæta þessir strákar sig vel og geta vonandi gert tilkall til að ná lengra. Liðið komst í 16 liða úrslit í bikarkeppni.

#### 8. flokkur, fæddir 1993

Þjálfari: Sævaldur Bjarnason

Í flokknum eru strákar sem hafa verið sérlega duglegir að æfa undanfarin ár. Flokkurinn samanstendur af mjög duglegum 14 manna hópi sem leggur mikið á sig. Þeir enduðu í 2. sæti í b riðli á síðasta ári. Strákarnir fóru í keppnisferð til Svíþjóðar þar sem þeir komust fyrstir Valsliða í a úrslit og enduðu á því að vera í 9.–12. sæti í þeirri keppni eftir æsispennandi leiki. Mjög samheldinn

hópur sem hefur gaman af því að vera í Val og bæta sig fyrir klúbbinn.

#### 7. flokkur, fæddir 1994

Þjálfari: Birgir Mikaelsson

Frekar fámenntur flokkur sem var að berjast í c riðli. Hafa þurft að fá aðstoð frá minniboltanum til að ná í lið. Strákarnir hafa bætt sig mikið í ár og eiga framtíðina svo sannarlega fyrir sér.


#### Minnibolti, fæddir 1995 og yngri

Þjálfarar: Birgir Mikaelsson og Bergur Emilsson

Minniboltinn hefur verið á ágætu róli hjá í Val. Iðkendur hefur fjölgað í flokkunum og strákarnir mættu á þau mót sem í boði voru. Miklar framfarir voru hjá iðkendum í minniboltanum og krakkarnir höfðu reglulega gaman af því sem þeir voru að gera.

Minniboltinn var þrískiptur eftir aldri. Í minnibolta 11 ára eru um 20 strákar og margir mjög eljusamir. A og B lið tóku þátt á Íslandsmóti, A liðið var í c riðli í 1. deild og B liðið varð í öðru sæti á Íslandsmóti 2. deildar liða.

Minnibolti 10 ára léku einnig á Íslandsmóti og enduðu í b riðli. Þessir árgangar spiluðu einnig á fjölmörgum boðsmótum ásamt yngri árgöngum.



## Stúlknaflokkar

Þjálfari: Kristjana Magnúsdóttir

Stúlknaflokkarnir okkar tóku þátt í Íslandsmóti í ár. Meginmarkmiðið er að reyna að ná inn fleiri stelpum en það hefði mátt ganga betur. Fáar stúlkur eru í minniboltanum en í 7.-8. flokki erum við með 7-10 stúlkur sem eru duglegar að æfa og leggja sig mikið fram.

## Valsari ársins

Valsari ársins er veittur þeim leikmanni sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum fyrir deildina. Að þessu sinni voru það tveir leikmenn úr 9. flokki, Jón Krist-

inn Einarsson og Ásgeir Barkarson sem hlutu sæmdarheitið Valsari ársins.

## Einarsbikarinn

Verðlaun sem veitt eru til minningar um Einar Örn Birgis voru gefin í áttunda sinn. Verðlaunin eru veitt þeim leikmanni í yngri flokkum félagsins sem valinn er efnilegastur. Í ár hlaut Þorgrímur Guðni Björnsson þessi verðlaun en hann er einn efnilegasti leikmaður landsins.

## Valsmenn í landsliðum:

- U-91 – Þorgrímur Guðni Björnsson fór á NM '07
- U-89 – Páll Fannar Helgason, fór á NM '07
- U-89 – Hjalti Friðriksson, fór á NM '07

*Gunnar Zoëga formaður  
körfuknattleiksdeildar*



# Stuðningur við fræðslu dómara og þjálfara

Það er gaman að segja frá því að McDonalds á Íslandi hefur ákveðið að ganga til liðs við Valsmenn og styðja við fræðslu dómara og þjálfara. Samningurinn er til tveggja ára og markmiðið með honum er að halda utan um og bæta fræðslu iðkenda í tengslum við dómgæslu. Jóhannes Lange kemur til með að stýra dómaramálum fyrir félagið í samvinnu við Ragnhildi Skúladóttur. Nú þegar hafa 43 leikmenn úr 2. og 3. flokki farið á dómaramálskeið og væntum við mikils af þeim á næstu misserum. Þessi samningur gildir fyrir allar greinar og er liður í því að mennta leikmenn um reglur leiksins og einnig er stefna félagsins að eiga dómara í fremstu röð.



*Valskveðja, Dagur Sigurðsson*

*Arnar Ragnarsson, dómari.*





## Uppskerhátíð körfuknattleiksdeildar 2007

*Verðlaunahafar á uppskeruhátíð körfuknattleiksdeildar 2007. Efri röð frá vinstri: Þórarinn Kristjánsson, Jón Kristinn Einarsson, Eiður Arnarsson, Bergur Ástráðsson, Finnboði Jónasson, Knútur Ingólfsson, Júlían Jóhannsson, Atli Barðason, Haraldur Valdimarsson, Ragnar Steinsson, Hjalti Friðriksson, Þórgímur Björnsson, Thelma Karlsdóttir, Elsa Rún Karlsdóttir, Ingibjörg Kjartansdóttir, Björg Ingólfssdóttir, Þórunn María Gízzurardóttir, Margrét Ósk Einarsdóttir, Esther Ndiyoi Imbula. Fremri röð frá vinstri: Stefán Ólafsson, Magni Waltersson, Benedikt Blöndal, Klemens Hannigan, Ásgeir Barkarson, Hannes Rannversson, Edison Banushi, Jón Nordal, Vennet Banushi og Guðjón Matthíasson.*

# Flugeldasala Vals 2007

## Hlíðarenda

(Fjósínu)

### Opnunartímar

Föstudagurinn	28. des kl: 16:00 – 21:00
Laugardagurinn	29. des kl: 10:00 – 21:00
Sunnudagurinn	30. des kl: 10:00 – 21:00
Mánudagurinn (Gamlársdagur)	31. des kl: 10:00 – 16:00

# Flugeldasala Vals 2007



# Ég er fyrsti Valsarinn í fjölskyldunni

**Þorgrímur Björnsson er 16 ára og leikur körfubolta með 11. flokki og meistaraflokki og er handhafi Einarsbikarsins**

Þorgrímur er 16 ára og er að hefja annað árið sitt með Val og hann segir að félagið henti sér vel vegna staðsetningar og einnig sé aðstaðan frábær hjá félaginu. Hann segist hafa fengið mjög góðan stuðning frá foreldrum sínum og pabbi hans hafi farið með honum á mót, þar á meðal á Norðurlandamót með U16 ára landsliði Íslands. Hann segir að stuðningur foreldra sé mikilvægur almennt í lífinu.

**Hvernig gengur ykkur?** Okkur gekk svona upp og ofan á síðasta tímabili, í 10. flokki komumst við í a riðil strax eftir fyrstu túrningu og vorum þar en komumst ekki í úrslitakeppnina. Í 11. flokki komumst við upp í a riðil eftir fyrstu túrningu en féllum niður og komumst ekki aftur upp a riðil til að eiga séns á að komast úrslitakeppnina. Það hafa margir hætt frá því í fyrra og það sést því við erum í b riðli í 11. flokki. Rob og Sæbi eru mjög

góðir þjálfarar og hafa kennt mér nýjar hreyfingar sem hafa reynst mér vel.

**Skemmtileg atvik úr boltanum?** Það eru tvö atvik sem standa upp úr núna, annars vegar þegar ég varð Norðurlandameistari með U16 ára landsliðinu í vor og þegar ég skoraði 67 stig með 11. flokki gegn Keflavík á þessari leiktíð.

**Fyrirmyndir úr boltanum?** Tracy McGrady er uppáhaldsleikmaður minn í NBA deildinni en annars reynir maður að læra af flestum leikmönnum sem maður horfir á spila.

**Hvað þarf til að ná langt í kröfubolta eða íþróttum almennt?** Til að ná langt í íþróttum þarf maður að leggja líf og sál í þetta. Ég þarf að halda áfram að taka eftir því sem þjálfarinn segir og samherjar. Svo þyrfti ég að styrkja mig líkamlega.

**Hvers vegna körfubolti?** Ég æfði fótubolta lengi og alveg til 14 ára aldurs með

hléum en körfuboltinn var alltaf númer eitt eftir að ég mætti á fyrstu æfinguna mína með Kormáki þegar ég var 9 ára og ég man ekki eftir að hafa sleppt úr æfingu nema vegna veikinda.

**Hverjir eru framtíðardraumar þínir í körfubolta og lífinu almennt?** Draumurinn er náttúrulega að geta lifað sæmlega af körfunni.

**Þekktur Valsari í fjölskyldunni?** Nei ekki flóknara en það. Ég er fyrsti Valsarinn í fjölskyldunni.

**Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig að hafa fengið Einarsbikarinn?** Þetta er viðurkenning sem segir mér það að ég er að gera eitthvað rétt og hvetur mig til að halda áfram í því.

**Hver stofnaði Val og hvenær?** Friðrik Friðriksson sem stofnaði KFUM og KFUK og einnig stofnaði Friðrik Hauka en Friðrik stofnaði Val árið 1911.

## Meistaraskóli Vals og SS

### Samvinna til sigurs, körfubolta- og handboltaskóli Vals

Dagana 13.–18. ágúst var starfræktur Meistaraskóli Vals en þar sameinuðu körfubolta- og handboltadeildin starfsemi sína og buðu upp á flotta og vel skipulagða dagskrá. Frá kl. 9.00–12.00 voru 6–10 ára krakkar saman í handbolta og körfubolta og var salnum skipt í nokkrar stöðvar. Inni á gólfi voru 3 fullorðnir leiðbeinendur og 3 strákar úr 9. fl. í körfubolta, sem stóðu sig mjög vel. Það var virkilega gaman að sjá krakka fara á milli og vera í þessum báðum íþróttagreinum, en mikilvægt er að börn prófi sem flestar greinar. Leiðbeinendur voru reyndir þjálfarar á vegum félagsins, Steingrímur fyrri liði meistaraflokks

karla fór á kostum og náði mjög vel til barnanna, Sævaldur Bjarnason sem hefur gert ótrúlega góða hluti í gegnum tíðina fyrir körfuboltann, Birgir Mikaelsson hokinn af reynslu, Óskar Bjarni, þjálfari meistaraflokks karla og Robert Hodgson, þjálfari meistaraflokks karla í körfubolta.

Margir gestir komu í heimsókn og gaman var að leikmenn úr báðum meistaraflokkum voru duglegir að mæta og taka þátt með krökkunum. Í lok vikunnar var svo grillveisla í boði SS og fengu allir viðurkenningarskjal og bol frá SS.

Eftir hádegi var svo boðið upp á körfuboltaskóla frá 13.00–14.30 og

handboltaskóla frá 14.30–16.00. Þar voru krakkar á aldrinum 10–12 ára sem eru komnir lengra og fengu erfiðari verkefni. Þar voru sömu leiðbeinendur og margir gestakennarar. Kristinn Guðmundsson, þjálfari unglingsflokks og 6. flokks kom í handboltann og körfuboltinn skipti dögnum milli reyndra þjálfara. Að sjálfsögðu var grillveisla í lok vikunnar í boði SS og allir fóru glaðir heim. Lokadaginn spiluðu þeir Fannar Þór Friðgeirsson og Orri Freyr Gíslason með handboltanum þegar skipt var í tvö lið og höfðu drengirnir gaman af því. Allir fóru glaðir heim og næsta sumar verður aðstaðan mun betri.



# – hvað ræður brottfalli úr íþróttum?

Eftir Ragnhildi Skúladóttur, yfirmaður barna- og unglingasviðs hjá Val

Undirrituð útskrifaðist úr Lýðheilsu- og kennslufræðideild Háskólans í Reykjavík á síðastliðnu sumri og fjallaði meistararitgerðin um forvarnir gegn fíkniefnum. Í ritgerðinni voru aðallega skoðaðir fjórir þættir sem sýnt hefur verið fram á að skipta höfuðmáli þegar kemur að forvörnum gegn fíkniefnum. Þessir þættir eru; **fyrirmyndir, aldur við upphaf áfengisneyslu, samvera með foreldrum og þátttaka í íþrótt- og æskulýðsstarfi.** Við rannsóknina var gagna aflað

unum og hugmyndum annarra og get ég af sannfæringu viðurkennt að vinnan við ritgerðina jók víðsýni mína á því hvað íþróttir standa fyrir.

## Helstu kostir íþróttaiðkunar

Þegar unglingar úr 9. bekk voru spurðir um helstu kosti þess að stunda íþróttir nefndu þeir ýmsar ástæður. Svör hópanna voru áþekkt og nefndu flestir að hreyfingin væri mikilvæg og með hreyfingunni héldu þau sér í formi og styrktust líkamlega. Einnig nefndu þau velldan í lok æfingar og að íþróttir væru skemmtilegar, væru þeirra áhugamál og gott væri að hafa eitthvað að gera í frístundum. Félagsskapurinn í íþróttum var líka ofarlega á baugi og kom fram að þau kynntust mörgum í gegnum íþróttir og svo skipti miklu máli að vinirnir væru einnig þátttakendur. Þau töldu einnig að með íþróttaiðkun héldu þau heilbrigðari lífsstíl og minni líkur væru á að þau hæfu neyslu áfengis eða tóbaks.

Svipaðar niðurstöður komu fram hjá þeim fullorðnu þegar þau voru beðin að nefna helstu kosti þess að stunda íþróttir. Nefndu þau líkamlegan, félagslegan og sálrænan ávinning. Einnig nefndu þau mikilvægi þess að eiga sér tómstundarstarf og sá félagslegi ávinningur að tilheyra hópi væri ómetanlegur. Þá kom fram að krakkar sem stunda íþróttir stæðu sig jafnan betur í námi. Íþróttirnar byggðust á skýrum skilaboðum og reglum sem væru einstaklingnum mikilvæg í uppeldinu.

## Ástæður íþróttaiðkunar

Þá voru fullorðnu einstaklingarnir beðnir um að velta fyrir sér ástæðum fyrir þátttöku barna og unglunga í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Allir svöruðu því til að félagarnir skiptu miklu máli, eldri systkini, foreldrar og aðgengi að íþróttum. Talsverð umræða fór fram í hópi foreldra

og þar kom fram að í upphafi væru það yfirleitt foreldrar sem stýrðu íþróttaiðkuninni, það er að segja ef börnin byrjuðu strax á leikskólaaldri í svokölluðum íþróttaskóla. Þegar börnin væru komin í grunnskóla þá skipti einnig máli hvað bekkjarsystkini væru að gera og þau veldu sér oft sömu íþróttagrein og vinirnir. Einnig var þeirri spurningu velt upp hvort íþróttabátttaka og virkni foreldra skiptu einhverju máli þegar kæmi að virkni barnanna. Niðurstaðan var sú að ef aðgengið að íþróttum væri gott, þyrfti virkni foreldra ekki að skipta máli og áttu við ef foreldrar hefðu verið virkir í íþróttum, legðu þeir það frekar á sig að keyra börnin í íþróttir en þeir sem ekki hefðu verið virkir.

Fleiri þættir voru nefndir sem ástæður fyrir þátttöku í íþrótt- og æskulýðsstarfi eins og fyrirmyndir og umfjöllun um íþróttir í fjölmiðlum. Kostnaður var nefndur sem mögulega hamlandi þáttur á iðkun íþróttar. Lokaniðurstaðan í hópi foreldra fyrir helstu ástæðum þess að krakkar stunda íþróttir og/eða annað æskulýðsstarf koma frá einu foreldrinu: „Ég held að það skipti öllu máli að þetta [íþróttir og/eða annað æskulýðsstarf innsk. RS] sé ekki of dýrt og þetta sé aðgengilegt“.

## Helstu gallar við íþróttaiðkun

Unglingarnir voru einnig beðnir um að nefna galla við að stunda íþróttir og voru allir hóparnir sammála um að mikill tími færi í íþróttaiðkun, sem kæmi niður á þátttöku í öðru félagslífi. Ennfremur nefndu þau að æfingaálag væri mikil og meiðsli væru algeng. Æfingarnar væru yfirleitt á kvöldmatartíma eða eftir kvöldmat og hefði því áhrif á að þau snæddu kvöldverð með fjölskyldunni. Einnig nefndu þau að lögd væri of mikil áhersla á árangur og það væru alls ekki allir sem stunduðu íþróttir sem hefðu það að markmiði að verða afreksmenn, heldur væru í íþróttum af því að þeim fannst



með hópviðtölum við unglunga í 9. bekk og við foreldra unglunga á þessum aldri. Einnig voru notuð gögn frá Forvarnardegnum árið 2006, en að auki fékk undirrituð aðgang að tölfræðigögnum Rannsóknna & greiningar. Þar sem rannsóknin var fjölþætt þá hef ég ákveðið að gefa ykkur innsýn í upplifanir og skoðanir unglunga og foreldra á íþróttum og hvaða ástæður þau telja vera fyrir brottfalli úr íþróttum. Taka skal fram að undirrituð hefur eingöngu fært á pappír sýn þessara hópa á málefnið íþróttir og endurspeglar greinin á engan hátt skoðanir höfundar á málefninu. Hins vegar tel ég að það sé öllum hollt að velta upp skoð-



það skemmtilegt. Þá fannst þeim of mikil áhersla vera á þá sem voru góðir í íþróttum, en það vantaði verkefni fyrir þá sem voru getuminni. Þessu lýsti ein stelpa á þennan hátt:

Þú veist að þú verður að vera góður annars getur þú bara ekki æft eða bara færð ekki að vera með, færð ekki að keppa, færð ekki að gera neitt. Það eru svo fáir flokkar, þeim er bara hent út í meistaraflokkinn skilurðu og þær sem eru ekki nógu góðar fyrir það, þær verða bara að hætta. Það er svo mikil alvara í íþróttum.

Einnig nefndu þau sem galla við iðkun íþróttanna að sumir unglingar stunduðu íþróttir til að þóknast foreldrum sínum eða eins og einn unglingurinn orðaði það: „Stundum eru sumir að æfa íþrótt út af því að mamma þeirra og pabbi vilja að þau séu að æfa þessa íþrótt“. Unglingunum var tíðrætt um að félagslíf væri oft lítið innan íþróttanna og að hópurinn gerði lítið saman utan æfingátíma.

Þegar niðurstöður úr viðtölum við full-orðnu einstaklingana voru skoðaðar, kom ýmislegt athyglisvert í ljós. Foreldrar nefndu að keppni miðaðist við þá bestu, allir þyrftu að keppa og að íþróttir væru of árangursmiðaðar. Þessu lýsti eitt foreldrið svona:

Mér finnst eiginlega helsti gallinn við þessar íþróttir almennt að það verða allir að komast í þetta keppnisform. Það er enginn sem getur æft eitthvað og ekki tekið þátt í keppni. Þér er alltaf þrýst upp í það, hvort sem þú ert lélegur eða góður.

Önnur tekur undir og segir: „Dóttir mín hætti bara í handbolta af því að hún vill ekki keppa, henni finnst það bara ekki skemmtilegt, en finnst gaman að fara á æfingar og gaman að æfa“.

Foreldrar nefndu einnig ýmsan kostnað sem fellur til vegna íþróttaiðkunar barna sem galla, t.d. íþróttafatakaup, æfingagjöld og utanlandsferðir. Ennfremur kom fram í máli foreldra að erfitt væri að skipuleggja frí hjá fjölskyldunni, þar sem börnin væru upptekin í íþróttum allan ársins hring. Mikill fjöldi æfinga hjá börnum og unglingum bar einnig á góma, meiðslahætta og hætta á einkennum ofþjálfunar. Æfingátímar væru yfirleitt á matmálistímum sem hefði áhrif á samveru fjölskylduna en einnig á næringarmynstur unglinga.

### Ástæður brottfalls úr íþróttum

Ástæður brottfalls úr íþróttum virðast vera fjölmargar eins og má þar nefna önnur áhugamál, nýjan félagsskap og minnkandi áhuga fyrir tilteknum íþróttgreinum. Einnig nefndu unglingarnir að meiri alvara væri komin í íþróttirnar á þessum aldri, æfingar væru orðnar erfiðari og meiri tími færi í iðkunina. Of mikil áhersla væri á keppni og ekki væru allir í íþróttum til þess að ná árangri. Þar sem mikill tími færi í íþróttaiðkun þyrftu æfingarnar að vera skemmtilegar og var þeim tíðrætt um mikilvægi þess að íþróttahópurinn gerði eitthvað saman utan æfinganna til að efla félagsandann.

Þau töldu að ein af ástæðum brottfalls gæti verið að þau upplifðu sig ekki nógu góð til að standast þær kröfur sem gerðar væru til þeirra innan greinanna. Þá kom fram að skólinn gerði orðið meiri kröfur til þeirra og erfiðara væri að sameina skólann og íþróttirnar. Að auki nefndu þau að æfingar væru um eða eftir kvöldmat og um helgar þegar krakkar sem ekki stunduðu íþróttir ættu frí sem þýddi að þá stæði valið á milli þess að taka þátt í félagsstarfi t.d. í skólanum eða að fara á æfingu. Þegar unglingar stæðu frammi fyrir þessu vali þá veldu þau áhugasömstu íþróttirnar en hinir hættu jafnvel íþróttaiðkun.

Niðurstöður frá Forvarnardeginum voru um margt svipaðar þeim sem fram komu hjá rýnihópum unglinganna, þegar spurt var um ástæður þess að krakkar hætta í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Félagarnir virtust skipta miklu máli þegar kom að íþróttaiðkun unglinga. Ef vinirnir hætta í íþróttum aukast líkurnar á að einstaklingarnir hætta líka eða eins og fram kom hjá einum hópunum: „Annadhvort togar félagskapurinn innan íþróttarinnar eða utan í krakkana“. Þá nefndu þau ný áhugamál og nýjan félagsskap. Einnig nefndu þau að aukin tölvunotkun tæki tíma og einhverjir nefndu að hún væri áhugaverðari en iðkun íþróttanna. Tímaleysi var einnig nefnt sem ástæða brottfalls og kom fram að íþróttaiðkun stangaðist á við vinnu, minni tími væri fyrir vinina og námið tæki orðið meiri tíma. Þá kom fram að aðstaða til íþróttaiðkunar skipti máli svo og framboð og aðgengi að íþróttum. Einnig nefndu þau að stuðningur og áhugi foreldra skipti máli og að íþróttaiðkun væri kostnaðarsöm og nefndu kostnað sem hugsanlega ástæðu þess að sumir þyrftu að hætta iðkun íþróttanna. Hlutverk þjálfarans bar einnig á góma og kom fram að slakir þjálfarar og lítið hvetjandi, gætu valdið því að unglingar hættu í íþróttum. Þá kom fram að stríðni eða jafnvel einelti vegna vaxtarlags eða takmarkaðrar getu í íþróttum gæti verið ástæða fyrir brottfalli hjá einhverjum einstaklingum. Reykingar, neysla áfengis eða ólöglegra vímuefna voru einnig nefndar sem hugsanlegar ástæður fyrir því að unglingar hættu í íþróttum.

Mjög áþekkar niðurstöður komu fram hjá fullorðnu einstaklingunum þegar ástæður brottfalls unglinga úr íþróttum voru skoðaðar. Nefndu þau nýjan félagsskap, önnur áhugamál þar sem íþróttir



væru í beinni samkeppni við aðra afþreyingu. Íþróttirnar tækju of mikinn tíma þar sem æfingar væru margar og tímasetning æfinga væri oft í kringum kvöldmatartíma. Einnig nefndu þau mikla keppnisþessu og of afreksmiðaða þjálfun sem hugsanlegar ástæður brottfalls.

## Hvernig er hægt að draga úr brottfalli?

Í kjölfar umræðunnar um ástæður fyrir brottfalli úr íþróttum var þeirri spurningu varpað fram hvað hægt væri að gera til að koma í veg fyrir brottfallið eða minnka það? Þegar niðurstöður unglínganna eru skoðaðar þá nefndi meirihlutinn að of mikil áhersla væri á árangur og að íþróttir væru hættaðar að vera leikur. Það komu einnig fram hugmyndir um að bjóða upp á fjölbreyttari leiðir til íþróttaiðkunar innan íþróttafélaganna. Eins og að bjóða upp á sérstakt prógramm fyrir þá sem vildu æfa minna og væru ekki í íþróttum til þess að vinna einhver afrek. Eftirfarandi dæmi er tekið úr einum rýnihópnum þegar rætt var um leiðir til þess að minnka brottfall úr íþróttum:

Ekki gera svona miklar kröfur til þeirra. Sumir vilja ekki æfa íþróttina til að verða alveg bara rosalega góðir. Þau ætla kannski ekki að verða atvinnumenn. Þau ætla kannski bara að nota þetta sem hreyfingu og vilja þú veist fara þarna þrisvar í viku bara að skemmta sér. Ekki fara þarna sjö sinnum í viku á rosalega strangar æfingar með klikkaðan þjálfara.

Þeir unglíngar sem æfðu íþróttir hjá íþróttafélögum var tíðrætt um mikilvægi þess að auka félagslíf utan æfingartímanna „fara og gera eitthvað með þeim sem maður er að æfa, í bíó eða út að borða“. Æfingar þyrftu að vera skemmtilegar, þar sem mikill tími færi í æfingar og þjálfarinn þyrfti að vera hæfur og ekki bara á íþróttasviðinu eins og einn viðmælandi orðaði svo vel: „Mér finnst það eiginlega ekki nóg til að vera þjálfari að vera góður í íþróttinni. Maður þarf að hafa svona sérstakan persónuleika og eitthvað“. Þá nefndu þau of stranga og leiðinlega þjálfara sem hugsanlegar ástæður brottfalls úr íþróttum. Óheppi-legir æfingartímar voru einnig nefndir, sem í hugum unglínganna voru tímar seint á kvöldin og um helgar.

Fullorðnu einstaklingarnir voru einnig beðnir um að velta fyrir sér hvað hægt væri að gera til þess að minnka brottfall úr íþróttum. Þeirra tillögur voru mjög



Hinn sigursæli 4. flokkur kvenna í knattspyrnu. Myndin er tekin á Rey Cup 2007. Aftasta röð frá vinstri: Surya Mjöll Agha Khan, Birna Kolbrún Birgisdóttir, Tanja Sif, Freyr Alexandersson (þjálfari), Katrín Steinunn Antonsdóttir, Helga Birna Jónsdóttir, Sigurlaug Guðrún Jóhannsdóttir, Sæunn Sif Hreiðarsdóttir, Anna Björk Hilmarsdóttir, Gunnhildur Ýr Valdinarsdóttir, Lea Sif Valsdóttir aðstoðarþjálfari. Miðröð frá vinstri: Katrín, Hugrún Jónsdóttir, Díana Ágústsdóttir, Björk Sigurðardóttir, Ásthildur Hanna Ólafsdóttir, Margrét Sif Sigurðardóttir, Soffía Lára Sveinbjörnsdóttir, Villimey Líf Friðriksdóttir, Thelma Haraldsdóttir. Neðsta röð frá vinstri: Sigríður K Kristjánsdóttir, Auður Elísabet Helgadóttir, Katrín Gylfadóttir, Þórhildur Svava Einarsdóttir, Krístrún Heiða Jónsdóttir, Svana Rún Hermannsdóttir, Gerður Guðnadóttir, Anna Karen Kolbeins, Hansína Rut Gunnarsdóttir. Liggjandi: Elva Björk Haraldsdóttir og Bryndís Bjarnadóttir.

áþekkar tillögum unglínganna og nefndu þau mikilvægi þess að bjóða upp á fjölbreytni í æfingamagni eða eins og eitt foreldrið komst að orði: „Að hafa íþróttirnar á víðari grundvelli, að sumir geti æft handbolta þrisvar í viku þótt þeir séu komnir upp í fjórða flokk, en ekki sex sinnum, að það sé eitthvað val“.

Annað foreldri vildi sjá að boðið væri upp á almennari íþróttaiðkun innan íþróttafélaganna, þar sem börnum og unglíngum væri boðið upp á að stunda fleiri greinar og ekki væri um þessa miklu sérhæfingu að ræða. Þessa útfærslu sá hún fyrir sér sem lausn fyrir þá sem forðudust keppnisálag og flosnuðu upp úr skipulögðu íþróttastarfi af því að þau upplifðu sig léleg í íþróttum. Enn annað foreldri með mikla reynslu af íþróttastarfi benti á mikilvægi þess að þjálfarinn væri unglíngunum jákvæð fyrirmynd og að samband hans við iðkendurna þyrfti að vera gott. Þjálfarinn þyrfti að vera skemmtilegur og félagslegi þátt-

urinn í þjálfun unglínganna væri vanmetinn, þau þyrftu ekki síður á félagsstarfi að halda en þau sem væru yngri. Það þyrfti einnig að vera skemmtilegt að mæta á æfingar og svo virkuðu æfingabúðir héraendis sem erlendis vel á unglíngana.

Í umræðum með unglíngunum var komið inn á galla þess að hætta íþróttaiðkun á unglíngsaldri. Nefndu þau að íþróttir hefðu vissu forvarnargildi í sambandi við áfengis- og fíkniefnaneyslu, sem einn unglíngurinn orðaði á eftirfarandi hátt: „Það náttúrulega íþróttir halda þér kannski að vissu leyti frá þessum eitruyfjum og drykkju, svona fastur punktur og þú ert að gera eitthvað við tímann“.

Látum þetta verða síðustu orðin úr viðtölunum. Það er svo spurning hvort íþróttafélag framtíðarinnar mun einbeita sér enn frekar að því að hafa íþróttatilboð fyrir alla, bæði þá sem ætla sér að ná langt í íþróttum og einnig þá sem vilja stunda íþróttir vegna þess að það er skemmtilegt.

# Hvernig fara forvarnir og keppnisíþróttir saman?

Í mörgum tilfellum eru iðkendur íþróttar hjá Val og eflaust öðrum félögum ungrir þegar þeir hefja íþróttaiðkun. Í hand- og fótbolta geta krakkarnir byrjað í 8. flokki og eru þá jafnvel 4–5 ára gamlir. Svo líður tíminn; foreldrar þeysast með börn sín á æfingar og í keppni næstu árin. Við heyrum í kringum okkur að þetta sé allt af hinu góða. Hreyfing er börnum holl, íþróttaiðkun er góð forvörn þegar hærra dregur í aldri gagnvart hvers kyns fíkniefnum segja fræðin og félagslegi þátturinn er líka hvetjandi og hefur góð áhrif á börnin. Það er helst að allt þetta skul á einkabílum og eða slyshætta sem börnunum stafar af umferðinni á leið á æfingar séu neikvæðar hliðar íþróttaiðkunar.

Keppnin fram eftir flokkum, allt upp í 3. flokk í fótbolta á að vera samkvæmt einkunnarorðum Vals: „Látið aldrei kappið bera fegurðina ofurlíði“. Oft er keppt til verðlauna en fyrstu árin er sagt að aðalatriðið sé ekki að vinna, heldur vera með. En er það svo? Það felst kapp í öllum leikjum hjá börnum og ég held að það minnki síst þegar ofar dregur í aldri. Keppni er oft hörð um fyrstu þrjú sætin og veitt eru sérstök verðlaun fyrir þau á mörgum mótum. Vissulega slær Valshjartað glaðlega og samkenndin gerir vart við sig þegar vel gengur og er ekki bara allt í lagi að verðlauna þá sem skara fram úr?

## Hvenær verður keppnin orðin slík að ekki geta allir verið með?

Hvenær verða bara þeir bestu valdir í liðið og hinir fá ekki að vera með? Það er reyndar hefð fyrir A, B og jafnvel C og D liðum í fótbolta fyrstu árin en þegar ofar dregur eru í mesta lagi A og B lið og hefur einhver heyrt um B lið í meistaraflökki? Hvenær fer þessi forvörn að snúast upp í andhverfu sína og útiloka þá sem ekki eru bestir, mæta ekki á allar æfingar eða æfa sig aukalega jafnvel daglega? Brottfall er frekar neikvætt orð og er nefnt bæði í samræðu um framhaldsskóla og íþróttir. Einmitt á því viðkvæma aldurskeiði sem unglingsaldurinn er, er mesta hættan á brottfalli iðkenda úr íþróttum. Skyldi það vera tengt aukn-

um kröfum þjálfara –nú eða félagsins eða foreldra um árangur í íþróttinni? Eftirfarandi klausa er tekin upp úr ritgerð 14 ára iðkanda í íþróttum: „Ég er búin að vera í fótbolta frá því ég var 7 ára. Ég hef líka verið í dansi og stundum fleiri íþróttum. Þetta hefur allt gengið vel og mér hefur gengið vel í boltanum. Það er gaman að vera með krökkunum í flokknum og við gerum margt félagslegt saman. Núna verð ég líklega að hætta. Ég vil vera áfram í dansinum og hitta vini mína en þjálfarinn



segir að nú sé þetta alvara, við verðum að leggja okkur 100% fram, annars náum við ekki í liðið og verðum á bekknum eða bara ekki með. Mér finnst það fúlt, því mér finnst gaman að spila fótbolta. Af hverju getum við ekki verið með, án þess að þurfa alltaf að vera best?“

Fyrir nokkrum árum hættu 7 stúlkur að æfa fótbolta á sama tíma af sömu sökum, þær voru 13 og 14 ára. Þær vildu vera með og voru tilbúnar að mæta á allar æfingar, en ekki fara aukalega á morgunæfingar eða í þrektíma. Þær vildu stunda fótbolta en voru kannski ekki tilbúnar að gefa sig 100% í þetta eins og segir í ritgerðinni hér að ofan. Allt voru þetta góðar fótboltastelpur. Nokkrir strákarnir æfðu einnig vel fyrir nokkrum árum. Það var fyrir tíma gervigrasvalla og þeir sóttu m.a. æfingar upp í Víðidal. Heilt haust og vetur mættu þeir samviskusam-

lega á æfingar og leiki sem boðið var upp á en voru alltaf á bekknum. Ekki voru þeir neitt lélegir í boltanum. Að lokum gáfust einhverjir upp, aðrir fóru í önnur lið og gera það jafnvel bara gott þar í dag en sumir dregur úr flokknum fengu tækifæri og hafa spilað með í meistaraflökki karla. Tilviljun ein réði því hvar hver lenti.

## Forvarnargildi íþróttar fyrir alla

Er Val ekki akkur í því að halda í fólkið sitt og eiga iðkendur ekki forgang í það félag sem þeir eru aldir upp í? Hvað með „Valshjartað“? Ég held að aðgát sé stundum þörf í nærveru sálar og að þjálfarar þurfi virkilega að vera meðvitaðir um að það séu ekki bara „lög málin um framboð og eftirspurn“ sem gilda í boltanum, heldur verði að taka tillit til félagslegra þátta, svo og forvarnarþáttarins þegar valið er í lið eða öllu heldur þegar valið er ekki í lið. Þá er ekkert verið að tala um þá sem eru ekki nógu góðir, heldur þá sem eru nógu góðir, vilja vera með en hafa líka önnur áhugamál en boltann. Svo þegar ofar er komið eru jafnvel fengnir iðkendur úr öðrum félögum sem eru svipaðir „að getu“ en ekki aldir upp í félaginu.

Í nóvember sl. var svokallaður forvarnardegur. Þá var vitnað í unglunga sem lögðu fram hugmyndir sínar þar um. Ein stúlkan sagði: „Við eigum að geta stundað íþróttir og önnur áhugamál án þess að þurfa alltaf að vera að taka þátt í keppni.“ Neðanmáls var staðhæft að rannsóknir sýndu að ein besta forvörn gegn fíkniefnum væri þátttaka í skipulögðu íþróttar- og æskulýðsstarfi.

## Er rúm fyrir bæði forvarnarstarf fyrir alla og markmið um hámarksárangur?

Hvernig rímar svona forvarnarstefna við framsækið, öflugt og metnaðarfullt starf hjá íþróttafélagi eins og Val? Er rúm fyrir bæði forvarnarstefnu þar sem flestir geta tekið þátt og keppnisíþróttir þar sem markmiðið er að ná hámarksárangri og helst að vinna marga titla ár hvert? Hvernig er þessu háttað hjá Val? Er nóg af tækifærum til að taka þátt í keppni fyrir þau sem ekki eru framúrskarandi keppendur en vilja vera með? Sjáum við börnin okkar blómstra í íþróttaiðkun „við hæfi“?

*Eftir Margræti Ívarsdóttur grunnskólakennara og móður íþróttaiðkenda*



Á bak við hvern  
meistarakokk  
eru gæði  
og traust

**SIEMENS**



Veldu úr miklu úrvali  
**stórra og smárra eld-  
hússtækja frá Siemens**  
sem gera þér lífið létt í  
dagsins önn.

**Veldu rétt, veldu gæði,  
endingu og traust.**

**SMITH &  
NORLAND**

Nóatúni 4 • 105 Reykjavík  
Sími 520 3000 • [www.sminor.is](http://www.sminor.is)



# Það á **alltaf** að vera **gaman** á æfingum

**Lea Sif Valsdóttir er þrátt fyrir ungan aldur meðal reyndari þjálfara yngri flokka í fótbolta hjá Val og hefur komið að þjálfun fjölmargra ungra og efnilegra stúlkna hjá Val og er nú aðalþjálfari 5. og 6. flokks kvenna.**

Lea Sif er á öðru ári í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík eins og stendur, en hún sér sig þó ekki fyrir sér við skrifborð allan daginn í framtíðinni. „Ég er ekki beint týpan sem slaka mikið á svo eftir tíu ár sé ég mig fyrir mér í fullri vinnu, þjálfun, tómsundum, barneignum og einhveru fleiru skemmtilegu, en ég átti m.a. þann æskudraum að verða fræg söngkona“ segir Lea og hlær.

Hún segir að þjálfari þurfi að geta haldið aga og jafnframt haft æfingarnar skemmtilegar. Samt sem áður megi aginn ekki vera þannig að börnin séu hrædd við að mæta á æfingu en það eigi alltaf að vera gaman á æfingum. Skilaboð hennar til ungra iðkenda er að þeir eigi að njóta þess sem lengst að vera ungir og leika sér í íþróttum, hafa gaman af lífinu og því að geta verið með félögum sínum allan daginn, það sé engin þörf á að flýta sér að fullorðnast. „Mikilvægt er að vera duglegur í skólanum, læra vel, stunda íþróttir

af krafti og þá næst árangur bæði í íþróttum og í lífinu,“ segir Lea af sannfæringu.

## **Fjörug æskuár í Hlíðunum og hjá Val**

„Ég hef alltaf átt heima í Hlíðunum og er ekkert á leiðinni úr hverfinu. Ég gekk í Háteigsskóla og kynntist þar þeim vinkonum sem ég á í dag. Þegar við vorum í 3. bekk skelltum við okkur á fótboltaæfingu bara til þess að prófa. Eftir það var ekki aftur snúið. Strax í 7. bekk vorum við komnar með viðurnefnið fótboltastelpurnar og ég held að við höfum gengið undir því síðan. Gamli grunnskólahópurinn hittist á síðasta ári og þá kom einn gamall bekkjarfélagi og spurði hvar restin af fótboltastelpunum væru, þó svo að flestar séu hættar í boltanum. Við 8 vinkonurnar sem vorum að æfa í bekknum kynntumst enn fleiri snillingum í flokknum. Þær stelpur sem eru mínar bestu vinkonur í dag eru allar úr boltanum. Þjálfunin var frábær, enda var Beta (Elísabet Gunnarsdóttir) að þjálfva okkur. Það var mikið lagt upp úr því félagslega og tel ég að það hafi verið ein af ástæðunum fyrir því hve fjölmennur hópurinn var. Það var alltaf gaman að mæta á æfingar sama hvort það var þrek,

þol, tækni eða spil. Við vorum alltaf að gera eitthvað saman og það voru ófáar næturnar sem við gistum í Valsheimilínu. Sumrin voru líka alltaf skemmtileg, Beta var alltaf að vinna í Valsheimilínu og þar af leiðandi vorum við alltaf þar, svo vorum við líka mikið úti á velli að æfa okkur. Enda bætum við okkur heimikið yfir sumarið bara með því að vera á Hlíðarendu að leika okkur með bolta.“

## **Drullufótbolti á Gothia Cup og ósanngjarn tap í úrslitaleik**

„Ég man alltaf eftir leik sem við spiluðum á Gothia Cup í Svíþjóð, það voru þrumur og eldingar og grenjandi rigning en við stelpurnar frá Íslandi ákváðum að hræða mótherjann með því að fara með faðir vorið í rigningunni. Við vorum orðnar rennblautar þegar leikurinn gat loksins byrjað en við fórnunum okkur í alla bolta og unnum að sjálfsgöðu leikinn, fórum svo út úr strætónum á vitlausum stað á leiðinni heim og þurftum að labba í 40 mínútur gegnblautar með nudd- og brunasár eftir allar tæklingarnar.

Glymi samt ALDREI þegar við vorum að spila úrslitaleik á Gull- og silf-



urmótinu (Símamótinu) í 4. flokki og ónefndur íþróttafréttamaður kom og stóð með myndavél við hliðina á markinu og sagði aftur og aftur „það er að koma mark hérna, þessi fer að fá mark á sig“. Ég var þá markmaður og truflaðist að sjálfsögðu og Blikarnir skorðu mark, unnu leikinn og mótið. Ég hef verið fúl út í fréttamanninn alveg síðan þá.

Svo eru náttúrulega fullt af fleiri eftirminnilegum atvikum, t.d. vítaspyrnan sem við fengum aldrei á Pæjumótinu í Eyjum. Held að það sé enn hægt að finna reiðihugasemdi frá mér á heimasíðu mótsins eftir þennan leik. Var langt því frá að vera sátt. Við strunsuðum upp í hús eftir leikinn og ætluðum að láta spila leikinn aftur, þar sem FH stelpa greip boltann inn í teig en dómariinn sá það ekki og neitaði að gera eitthvað í málunum.“

*Hvernig stóð á því að þú fórst að þjálfja hjá Val?* „Ég er að sjálfsögðu uppalin Valsari og gæti ekki ímyndað mér að þjálfja annars staðar. Valur er einstakt félag, andinn þar er allt annar enn hjá öðrum félögum, held að allir sem koma úr öðrum félögum finni það. Það tekur ekki langan tíma að verða Valsari en þú ert heillengi að losa þig undan því. Beta er fyrirmynd mín og hefur verið það lengi. Hún þjálfaði okkar árgang frá 6. fl. upp í 3. fl., og eru þjálfunaraðferðir mínar byggðar upp á því sem ég lærði hjá henni. Freysi er einnig topp þjálfari en ég lærði mikið af honum þegar ég var með honum með 4. flokkinn í fyrra. Topp þjálfarar bæði tvö.“

## Góð liðsheild skiptir öllu máli

*Hvernig aðferðum beitir þú sem þjálfari til að búa til liðsheild og skapa góðan félagsanda?* „Við hittumst mikið utan æfinga, lágmark einu sinni í mánuði með pizzuparty, bíóferð, keilu eða annað. Svo vinnum við líka með liðsheildina á æfingum. Ég tel að góð liðsheild skipti öllu máli þegar kemur að því að ná árangri. Foreldrar þurfa einnig að taka virkan þátt og héldum við foreldragrill um mitt sumar til að kynnast foreldrunum betur og fá þá til að hittast. Þetta heppnaðist alveg einstaklega vel og var toppmæting á Pæjumót á Siglufirði en árangurinn af samheldnum foreldrahópi leynir sér ekki þegar kemur að því að styðja stelpurnar og hjálpa til á mótum. Það skiptir stelpurnar miklu máli að foreldrarinn komi að horfa á og hvetja stelpurnar.“



*Stund milli stríða á Rey Cup sumarið 2007. Lea Sif að hvíla lúin bein en sæl með uppskeruna.*

## Skipulögð íþróttaiðkun er góð forvörn

*Er íþróttaiðkun góð forvörn?* „Það sem skiptir mestu er að þjálfarinn sé góð fyrirmynd, við getum komið inn á ýmis efni sem foreldrarinn eiga erfitt með að ræða. Svo skiptir liðsheild og samheldni miklu máli. Ég vil að stelpurnar finni að þær geti treyst þjálfurunum sínum, og séu óhræddar við að ræða málin. Rannsóknir hafa sýnt að íþróttaiðkun skiptir miklu máli sem forvörn, í hópíþróttum eins og fótbolta á að mínu mati að leggja mikla áherslu á félagslega þáttinn, með því haldast börn lengur í íþróttinni og mun

minni líkur eru á að þau leiðist út í eitthvað vesen, t.d. eins og vímuefnaneyslu. Ástæða þess að engin okkar stelpunnar sem voru með mér að æfa eru í veseni í dag tel ég vera hve þjálfunin var góð og hve vel var haldið utan um okkur. Einnig hafa rannsóknir sýnt að börn í íþróttum ná almennt betri námsárangri en börn sem stunda ekki íþróttir. Ef sá hópur sem byrjaði í 6. flokki er enn þegar komið er í 2. og meistaraflokk þá er góðum árangri náð. Ég tel einnig að aukin umfjöllun um íþróttir, líkt og Sýn gerði í sumar með því að sýna frá öllum helstu mótunum skipti gríðarlegu máli, það eykur áhugann og hvata til að bæta sig.“

Hvað skiptir mestu máli að þínu mati til að krakkar nái góðum framförum í fótbolta? „Þau þurfa að fá verkefni við sitt hæfi, það er ekki hægt að ætlast til þess að barn sem hefur æft í 1 mánuð geti náð sömu æfingu og barn sem hefur æft í 3 ár. Það þarf að vinna markvisst með hópinn og setja þeim markmið sem þau eru upplýst um. Þegar einu markmiði er náð er hægt að vinna að því næsta. Markmiðið þarf ekki að vera að sigra leik eða mót, það má vera eitthvað miklu minna, bara að ná einfaldri tækniæfingu getur verið gott markmið, því næst má auka færni enn fremur og læra flóknari æfingu. Markmið þurfa ekki að vera þau sömu hjá öllum hópnum, hver og einn getur sett sér markmið og náð því. Þegar einstaklingur innan hópsins er að bæta sig, þá er hópurinn að bæta sig.“

Vinna þjálfarar hjá yngri flokkum kvenna hjá Val saman? „Það hefur verið mikil og góð samvinna hjá okkur kvennamingin, ég þekki ekki nógu vel til karla megin til þess að fara með þeirra mál, en efast ekki um að það sé eins hjá þeim. Sami þjálfarahópurinn hefur haldist nú í nokkur ár. Það er gaman að fylgjast með æfingum hjá öðrum flokkum og maður er alltaf að læra e-ð nýtt eða fá nýjar hugmyndir á hverri æfingu sem maður fylgist með. Þjálfararnir í ár eru ekki af verri endanum og tel ég að það sé bjart frumundan ef þróunin heldur svona áfram. Þegar saman koma stelpur með mikla hæfileika og góður þjálfari hlýtur góður árangur að nást.“



Íslandsmeistarar í 6. flokki kvenna í knattspyrnu 2007. Efri röð frá vinstri: Hildur Karitas Gunnarsdóttir, Selma Dögg, Kristín Jónsdóttir aðstoðarþjálfari, Harpa Harðardóttir, Anna Snjólaug Valgeirsdóttir, Lea Sif Valsdóttir þjálfari og Margrét Lára Viðarsdóttir. Neðri röð frá vinstri: Arngunnur Einarsdóttir, Lóa Yona Zoe Fenzy, Agnes Edda Guðlaugsdóttir og Kristín Ýr Jónsdóttir. Liggjandi: Þorgerður Einarsdóttir.

Hvernig var 6. flokkurinn sem þú þjálfadir síðastliðið ár? „Liðsheildin og stemningin í hópnum var hrein snilld. Stelpurnar mættu vel á allar æfingar og voru duglegar að æfa sig heima. Á mótum var ekki slakað á milli leikja heldur hlaupið á næsta lausa völl og haldið áfram þar til næsti leikur hófst. Þessar

stelpur eru algjörir gullmolar, það er alltaf gaman að mæta á æfingar hjá þeim, þær eru alltaf tilbúnar til að taka á og gera betur en á síðustu æfingu. Með slíkan hóp er ekki annað hægt en að ná árangri. Þessar stelpur eiga án efa eftir að vekja athygli á komandi árum og var sumarið aðeins smá brot af þeim árangri sem þær eiga eftir að ná í framtíðinni.“



Þjálfarafundur. Signý Heiða Guðnadóttir, Lea Sif Valsdóttir og Kristín Jónsdóttir á Síamótinu 2007.

## Björt framtíð hjá Val í kvennaknattspyrnu

Hvernig líst þér á framtíðna hjá Val í kvennaknattspyrnu? „Þeir yngri flokkar sem eru nú hjá félaginu lofa góðu næstu árin, 3. flokkurinn er afburðagóður og líklega fjölmennasti kvennaflokkur félagsins og ekkert nema gullmolar þar á ferð. Margar þeirra eiga eflaust eftir að prýða landslið næstu ára. Þeir árgangar sem koma þar á eftir eru engu síðri og því er framtíðin björt hjá félaginu.“

Hvað þarf að gera til að ná enn fleiri iðkendum? „Til að ná inn enn fleiri iðkendum þyrftu þjálfararnir sjálfir að fara í skóla og kynna sig og flokkana. Þegar börnin sjá þá þjálfara sem eru með aldursflokka þeirra og fá að heyra frá þeim hvað er að gerast í flokkunum ætti áhuginn að kvikna.“



# Mest selda bókin á Íslandi í dag!



Leifur Kolbeinsson  
La Primavera

*Ítölsk matargerðarlist*  
framreidd af einum færasta  
matreiðslumanni landsins í ítalskri  
matargerð!



**1.499** kr  
GOTT VERÐ

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



# Ferð til Kölnar á leik **Vals** og **Gummersbach** í meistaradeildinni

Það var 17 manna vaskur hópur sem lagði af stað til Frankfurt árla morguns föstudaginn 16. nóvember síðastliðinn til þess að fylgjast með leik í meistaradeildinni í handbolta milli Gummersbach og Vals í Köln Arena sem er ein algæsilegasta íþróttahöll í Evrópu og tekur rúmlega 18 þúsund manns í sæti.

## Leitað að hótelinu á bílaleigubíl

Vélin lenti án teljandi vandræða í Frankfurt og skiptist hópurinn þar í tvennt, annar helmingurinn tók leigubíl saman og hinir fóru með bílaleigubíl. Einhver miskilningur kom upp hjá bílaleigunni sem hélt að við ætludum að sækja bílinn á flugvöllinum í Köln, þannig að okkur var reddað stórum velmerktum starfsmannabíl á síðustu stundu og ekkert GPS tæki eins okkur hafi verið lofað. Við fengum smá áhyggjur hvernig við myndum finna hótelið í þriggja milljón manna borg og það eina sem við höfðum var heimilisfang hótelsins og að það stæði við nýtskulega brú. Gamli markvörðurinn úr KA Guðmundur Arnar Jónsson keyrði tryllitækið af stað til Kölnar sem er í tæplega 200 km fjarlægð frá Frankfurt. Það gekk nokkuð vel að komast út á þjóðveginn og var allt sett á fullt og náðum við allt að 180 km hraða þegar best lét.

Þegar við vorum tæplega hálfnaðir hringdum við í Svein (Puma) og fyrrverandi framkvæmdastjóra Vals sem var með leigubílnum og tjáði hann okkur að hópurinn væri kominn á hótelið í Köln. Ég reyndi að fá eins miklar leiðbeiningar hvernig við gætum fundið hótelið en hann gat lítið aðstoðað okkur nema að

hótelið væri beint við nýtskulega brú. Það var lygsgögu líkast að við fundum hótelið í fyrstu atrennu. Og létti það áhyggjurnar hjá hópnum.

## Slappað af í Köln

Fólkið tékkaði sig inn á þetta fína hótél sem var staðsett í gamla bænum í Köln og hafði bæði flottan veitingastað og bar. Sumir lögðu sig en aðrir fengu sér nokkra kalda og enn aðrir fóru og röltu um bæinn og skoðuðu hann. Um kvöldmatarleytið fór hópurinn út að borða saman. Eftir það var því tekið rólega og fólk fór snemma í háttinn. Snemma morguninn eftir fór fólkið og verslaði í bænum sem hafði alveg ágætt úrval, meðal annars þrjár H/M búðir.

Seinni partinn komu leikmennirnir með rútu frá Amsterdam og yfirgáfu þá þeir Kristján Karlsson og Guðni liðstjóri hópin og fóru á hótelið til leikmanna liðsins.

Á laugardagskvöldið hittist allt fólkið saman á hotelbarnum og spjallaði saman og var mikið hlegið. Upp úr kl 1 fór fólkið upp á herbergi og var ákveðið að snarla saman um hádegis daginn eftir.

## Undirbúningur fyrir leikinn

Menn vori mishressir daginn eftir því einhverjir höfðu kíkt í bæinn á lífið og farið seint að sofa. Um kl. 13 lagði hópurinn af stað á leikinn sem átti að byrja kl. 15. Höllin var í 30–40 mínútna göngufæri frá hótelinu. Á leiðinni var litill við á einum pöb og einum ísköldum skolað niður. Rétt um klukkutund fyrir leik var allt fólkið komið í höllina og

sá meistari Jóhannes Lange um að redda öllum miða á leikinn. Höllin er öll hin glæsilegasta og minnti hún undirritaðan á Madison Square Garden í New York.

Fátt var samt á leiknum eða milli 3 og 4 þúsund manns sem gjörsamlega týnast í svona stórra höll. Annars myndaðist alveg ótrúlega góð stemning í höllinni.

## Við ofurefli að etja á vellinum

Leikurinn byrjaði vel hjá okkar mönnum og komumst við meðal annars í 4–1 en eftir það skildu leiðir og 12 marka tap var staðreynd sem var í raun allt of stórt miðað við gang leiksins. Arnór fór hamförum í leiknum og setti 7 mörk í 7 skotum, ótrúlega vel gert hjá Norðanmanninum og hefur hann örugglega sett pressu á Alfréd um að komast í landsliðshópin.

## Vel heppnuð ferð

Eftir leik fór allur hópurinn saman að borða á fínum þýskum stað. Þegar fólkið hafði lokið við matinn var stefnan tekin á hótelið til leikamannana. Þar var settið og spjallað fram að miðnætti og fór þá hópurinn að gíra sig upp fyrir heimferðina sem var snemma daginn eftir.

Það var mál allra að ferðin hafi gengið ótrúlega vel í alla staði og einstaklega samhentur hópur þar á ferð. Ber ég öllum hópnum mínar bestu kveðjur og vonandi verður hægt að endurtaka leikinn á næsta ári.

*Undirritaður óskar öllum Valsmönnum nær og fjar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári*

*Gestur Valur Svansson*





# Skínandi gjöf

fyrir bílaáhugamanninn

- handhæg taska með öllum helstu Meguiar's bón- og bílahreinsivörum

Gjöf sem slær í gegn hjá þeim sem eiga fínan bíl og vilja hafa hann eins glæsilegan og nokkur kostur er.

**Meguiar's** er eitt þekktasta merki heims þegar valið stendur um það bezta sem á boðstólum er.  
**Frábær gjöf fyrir bílaáhugamanninn.**

  
**MÁLNINGARVÖRUR** EHF



# Væri heiður að klæðast landsliðstreyjunni

**Berglind K. Ingvarsdóttir er 22 ára og leikur körfubolta með meistaraflokki**

byrjun okkar, en það á eftir að snúast við.  
**Koma titlar í hús í vetur:** Einn kominn, Reykjavíkumeistarar, fleiri vonandi á leiðinni.

**Skemmtilegustu mistök:** Þegar ég skoraði í vitlausa körfu eftir uppkast í unglingsaflokki, mjög fyndið.

**Mesta prakkarastrik:** Tengist körfunni ekkert, en við vinkonurnar vorum á dansnámskeiði þegar ég var yngri og ákváðum að fela okkur inn á klósetti þegar allt var bíðið. Svo fóru danskennarnir og læstu öllu auðvitað og við fastar þarna inni á húsinu langt fram á nótt, það var svo ekkert rosa gaman man ég.

**Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki kvenna í körfu hjá Val:** Tinna.

**Besti körfuknattleiksmaður heims:** Er og verður alltaf Michael Jordan.

**Mottó:** Gera mitt besta í öllu sem ég tek mér fyrir hendur.

**Leyndasti draumur:** Flytja út og spila körfu.

**Við hvaða aðstæður líður þér best:** Heima eftir vel heppnaðan dag.

**Hvaða setningu notarðu oftast:** Ertu ekki að grínast?

**Skemmtulegustu gallarnir:** Hvað ég er lítill.

**Hvað er það fallegasta sem hefur verið sagt við þig:** Þú ert þess virði að berjast fyrir.

**Fullkomið laugardagskvöld:** Heima með fullan poka af nammii, góða spólu, upp í sófa og hafa ofsa kósý.

**Hvaða flík þykir þér vænst um:** Nýju peysuna sem Pétur gaf mér og náttslóppinn minn.

**Besti körfuboltamaður sögunnar á Íslandi:** Anna María og Jón Arnór.

**Fyrirmynd þín í körfubolta:** Jordan og Tony Parker.

**Landsliðsdraumar þínir í körfubolta:** Það væri heiður að fá að klæðast landsliðstreyjunni.

**Fæðingardagur og ár:** 1. apríl 1985.

**Nám:** Á eftir að klára framhaldsskólann.

**Kærasti:** Pétur Þór.

**Hvað ætlar þú að verða:** Svo mikið, ekki enn ekki búin að ákveða mig.

**Hafa foreldrar þínir stutt þig í körfuboltanum:** Já, alltaf.

**Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða:** Forseti Bandaríkjanna.

**Af hverju körfubolti:** Það var ekkert um annað að velja þegar ég var lítill og bjó á Patreksfirði.

**Af hverju Valur:** Hópákvörðun, og sé alls ekki eftir því.

**Eftirminnilegast úr boltanum:** Sárt tap í unglingsaflokki þegar við rétt töpuðum úrslitaleik.

**Mestu vonbrigði þessa tímabils:** Slök

**ALARK arkitektar ehf. þakka Valsmönnum fyrir samstarfið við byggingaframkvæmdir að Hlíðarenda**



**ALARK**  
arkitektar ehf.

DALVEGUR 18, 201 KÖPAVOGUR S. 534-8800, 534-8818  
JAKOB LINDAL OG KRISTJÁN ÁSSERSSON ARKITEKTAR FKI



# Fótbolti er langskemmtilegastur

**Magnús Örn Þórsson er 16 ára og æfir fótbolta með 2. flokki og er handhafi Friðriksbikarsins**

Magnús Örn er nýkominn í 2. flokk og hefur æft með Val síðan hann var 5 ára. Hann segir að allir í fjölskyldunni séu Valsarar þannig að það hafi ekkert annað komið til greina og einnig bjó hann í hverfinu. Honum finnst stuðningur frá foreldrum mjög mikilvægur og segist hafa verið mjög heppinn með það. Þau fylgdist mikið með sér og benda honum á hvað hann mætti bæta í hverjum leik.

**Hvernig gekk ykkur í sumar?** Okkur gekk bara frekar vel, urðum Reykjavík-urmeistarar, duttum út í undanúrslitum í bikarnum og vorum ofarlega í riðlinum okkar í Íslandsmótinu. Fórum einnig til Noregs að keppa þar á Norway Cup og gekk það mjög vel, duttum út í 16 liða úrslitum sem var bara mjög góður árangur.

**Fyrirmyndir úr boltanum?** Sigurbjörn Hreiðarsson var alltaf fyrirmyndin þegar ég var yngri enda ekta Valsari. Jamie Carragher hjá Liverpool er líka fyr-

irmynd mín enda frábær leikmaður í frábæru liði.

**Hvað þarf til að ná langt í fótbolta eða íþróttum almennt?** Sýna sjálfsaga og einbeitingu á hverri einustu æfingu og alltaf að einbeita sér að markmiðum sínum. Ég þarf helst að vinna að mínum eigin markmiðum og vinna stíft í þeim.

**Hvers vegna fótbolti?** Fótbolti er einfaldlega langskemmtilegasta íþróttin, bæði til að spila og horfa á. Hef einnig æft handbolta.

**Hverjir eru framtíðardraumar þínir í fótbolta og lífinu almennt?** Verða farsæll með meistaraflokki Vals, fara út í atvinnumennsku og spila landsleiki fyrir Ísland.

**Þekktur Valsari í fjölskyldu þinni?** Magnús Blöndal heitinn, sem Maggabikarinn (í handboltanum) er nefndur eftir. Var farsæll yngri flokka þjálfari hér á árum áður.

**Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig að**



**hafa fengið Friðriksbikarinn?** Aukin kvenhylli, og var ekki á það bætandi. En annars hvetur þetta mig bara til að gera enn betur og halda áfram á sömu braut.

**Hvað einkennir góðan þjálfara?** Metnadarfullur, vill að leikmenn sínir verði betri og betri og gefur sig allan í að hjálpa þeim við það, veit alltaf hvað hann ætlar að gera á hverri einustu æfingu.

**Hver stofnaði Val og hvenær?** Sr. Friðrik Friðriksson 11. maí, 1911.

## Valsmenn – bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár

Páll Ragnarsson

Pétur Georg Guðmundsson

Pétur Þór Gunnlaugsson

Sigurður Gunnarsson

Sigursteinn Gunnarsson

Stefán Hallgrímsson

Stefán Karlsson

Steinn Lárusson

Svanhvít Helga Rúnarsdóttir

Sveinbjörn Þór Ottesen

Þorbjörn Jensson

Þórður Sigurðsson

Þorsteinn Guðbjörn Ólafs

Valdimar Grímsson

Valdimar I Þórarinsson

Viking Björgunarþúnaður ehf

Ægir Ólason

Örn Kjærnested

Fyrirliðar Vals og Íslandsmeistarar með Íslandsmeistarabikarinn 2007. Grímur Sæmundsen, Guðmundur Þorbjörnsson, Sigurbjörn Hreiðarsson og Þorgrímur Þráinsson.



# Sannur leiðtogi og Valsmaður

**Sigurbjörn Hreiðarsson fyrirliði Íslandsmeistara Vals í knattspyrnu hefur sýnt fordæmi sem er öðrum Valsmönnum til eftirbreytni**

Í viðtali við Valsblaðið árið 2005 sagði Sigurbjörn Hreiðarsson fyrirliði meistaraflokks Vals í knattspyrnu; „Það er styrkur stórveldis að rísa á ný.“ Fyrirliðinn hafði lög að mæla því þrátt fyrir stopult gengi liðsins síðastliðin tíu ár hefur Valur alltaf hafið sig til flugs á ný. Undir stjórn Willums Þórs Þórssonar hefur loksins náðst stöðugleiki og styrkur sem einkennir meistaralið með mikinn metnað. Það má með sanni segja að Sigurbjörn hafi hitt naglann á höfuðið með ummælum sínum því það er líka styrkur stórmenna að rísa á ný, eins og fyrirliðinn hefur sýnt og sannað með tryggð sinni við félagið í gegnum súrt og sætt. Það eru ekki margir sem standa í fæturna eftir að hafa fallið um deild með liðinu sínu í þriggung.

Þótt það hafi varla hvarflað að nokkrum leikmanni að flakka á milli félaga fyrir tveimur áratugum virðist það nánast daglegt brauð um þessar mundir. Menn ganga kaupum og sölum, flýja liðið „sitt“ þegar illa gengur, gefast upp við minnsta mótlæti, jafnvel þótt allt sé í lukkunnar velstandi og róa á önnur mið. Trygglyndi við SITT félag er á undanhaldi en til allrar hamingju eigum við enn leikmenn sem

eru Valsmenn í hjarta sínu og verða alltaf Valsmenn í hjarta sínu. Vissulega hefur landslagið breyst í boltanum og er öllum ljóst að um hálf-atvinnumennsku er að ræða á Íslandi. Engu að síður ættu menn að huga að því hvaða félag þeir hafa í hjarta sínu, hvaða liði þeir vilja tilheyrja og ekki síst hvar þeir vilja „eiga heima“ þegar ferlinum lýkur.

Í viðtali við Valsblaðið fyrir tveimur árum sagði Sigurbjörn ennfremur: „Það er mitt markmið númer eitt, tvö og þrjú að verða Íslandsmeistari.“ Og auðvitað varð Sigurbirni að ósk sinni því hann hefur alltaf lagt sig 100% fram. Svo enn sé vitnað í Sigurbjörn var líka haft eftir honum þegar hann var spurður um heilræði til yngri iðkenda í Val. „Númer eitt er að halda haus og gefast ekki upp þótt á móti blási, sýna dagnað og metnað á æfingum og setja sér skýr markmið, hlusta á þjálfarann og bera virðingu fyrir samherjum og andstæðinum og félaginu.“

Þótt Sigurbjörn hafi hampaði Íslandsbikarinn sem fyrirliði eftir glæsilega frammistöðu liðsins í sumar átti hann ekki alltaf sjö dagana sæla. Hann varð enn og aftur fyrir mótlæti, missti sæti sitt í byrjunarliðinu en brást við því eins

og sannur fyrirliði. Hvatti menn til dáða, lagði sig enn betur fram, setti undir sig hausinn og ætlaði sér aftur í liðið. Vitanlega tókst honum það og þegar mest á reyndi stóð fyrirliðinn algjörlega undir væntingum. Í sigurleiknum gegn FH í Kaplakrika fór Bjóssi fyrir liðinu og lék án efa sinn besta leik í langan tíma. Þannig eiga sannir fyrirliðar að vera. Þótt Valsliðið allt eigi hrós skilið fyrir frábera frammistöðu í sumar og ekki síst Willum þjálfari þá er þessi titill í hugum margra Valsmanna; Íslandsmeistaratitill Sigurbjörns Hreiðarssonar. Hann hefur aldrei gefist upp, haldið uppi merki félagsins á erfiðum tímum, sett sér skýr markmið og er núna að uppskera.

Látum hans eigin orð úr Valsblaðinu árið 2005 verða lokaorð þessarar greinar: Mestu hetjurnar eru ekki alltaf í sigurliðunum, það er mikill misskilningur að einfalda það þannig, því til að þroskast sem persóna og leikmaður þurfa menn að geta unnið í mótbyr og meðbyr og fylgt sinni sannfæringu.“

Til hamingju með Íslandsmeistaratitilinn Sigurbjörn Hreiðarsson Valsmaður!

Þorgrímur Þráinsson

Ljósmynd: Valgarður Gíslason



# Það sem drepur þig ekki styrkir þig

## Guðlaug Rut Þórsdóttir er 16 ára og leikur fótbolta með 2. flokki og er handhafi Friðriksbikarsins

Guðlaug er í 2. flokki á yngsta ári og hefur æft fótbolta með Val í u. þ.b. 10 ár, byrjaði á yngra ári í 6. fl. Valur er í hverfinu hennar og ekkert annað hafi komið til greina.

**Hvernig gengur ykkur?** Okkur gekk nú bara ágætlega í sumar í 3. flokki. Ég meiddist frekar snemma í júní og gat ekki spilað meira svo ég datt út þá. En hópurinn var mjög sterkur og þetta gekk vel þó svo að við ætluðum okkur meira.

**Skemmtileg atvik úr fótbolta?** Ég man vel eftir öllum þejumótunum sem ég fór á en þau voru alltaf skemmtileg og eftirminnileg og einnig Rey Cup sem við unnum í fyrra. Í 5. flokki þegar við unnum eitthvað mót í fyrsta skipti vorum við voðalega spenntar að fá bikar og vorum búnar að æfa okkur að taka á móti honum og allt, en svo voru bara nælur í verðlaun og vorum ekkert voðalega sáttar með það.

**Fyrirmyndir í fótbolta?** Ég man alltaf eftir því þegar ég var lítill í svona 5. fl. og mætti niður á Valsvöllinn gamla til að horfa á leik með meistaraflokki kvenna. Ég leit svo mikið upp til stelpnanna ég ætlaði að vera alveg eins og þær. Mín helsta fyrirmynd var alltaf Dóra Stefánsdóttir og er enn. Svo eru margir aðrir sem maður lítur upp til.

**Hvað þarf til að ná langt í fótbolta eða íþróttum almennt?** Það þarf þolinmæði held ég. Æfingin skapar meistaran það er víst. Ég þarf nú bara að styrkja mig aðallega til að koma í veg fyrir meiðsli. Mér finnst að það ætti að vera meira í yngri flokkunum um alls konar styrktaræfingar, sem geta komið í veg fyrir meiðsli. Svo getur maður alltaf bætt allt. Sérstaklega eftir að hafa verið svona lengi frá.

**Hvernig gengur þér að ná þér eftir meiðslin? Hvað er erfðast við að lenda í meiðslum?** Það gengur nú bara ágætlega en þetta tekur tíma. Ég fór í aðgerð fyrir rúmum tveimur mánuðum og þetta gengur bara mjög vel miðað við hvað stutt er síðan. Það er talað um að það taki svona 7–8 mánuði í endurhæfingu. Ég stefni að því að vera komin aftur til leiks í mars. Ætla að reyna mitt besta við að styrkja mig núna og koma svo tvöfalt sterkari til baka. „Það sem drepur þig ekki styrkir þig.“ Það sem er erfðast sérstaklega þegar maður þarf að vera svona lengi frá er að gefast ekki upp og halda alltaf áfram.

**Hvers vegna fótbolti?** Það hefur bara alltaf verið fótbolti fyrir mig, kom ekki annað til greina. Bróðir minn var að æfa með Val á sínum tíma og það var nú aðal-



lega þess vegna sem ég ákvað að byrja.

**Hverjir eru þínir framtíðardraumar í fótbolta og lífinu almennt?** Ég stefni allavega að því að klára skólann. Svo langar mig að ná langt í fótboltanum og stefni að því að geta kannski farið og spilað erlendis. Það eru svona stærstu draumarnir, annars er það bara að vera leikmaður meistaraflokks Vals og landsliðsins.

**Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig að hafa fengið Friðriksbikarinn í haust?** Að vinna stór verðlaun eins og þessi gefur manni mikið sjálfstraust og hvetur mann til að gera enn betur.

**Hvað einkennir góðan þjálfara?** Ég hef nú haft nokkra og mjög mismunandi þjálfara. En mér finnst hann þurfa að hafa aga á liðinu en samt vera skemmtilegur og hress. Hann þarf að vera skipulagður og gefa sér tíma í þjálfunina.

**Hver stofnaði Val og hvenær?** Séra Friðrik árið 1911.

**Valsmenn – bestu óskir** um gleðileg jól og farsælt nýtt ár

**PENNINN**

**HLAÐBÆR COLAS**



## Sumarbúðir í borg 2007



# Samfelt að Hlíðarenda í 20 ár

Síðastliðið sumar var íþrótt- og leikjanámskeiðið Sumarbúðir í borg starfrækt að Hlíðarenda í tuttugasta sinn. Aðstæður að Hlíðarenda voru erfiðar vegna framkvæmda á svæðinu en engu að síður var hægt að taka á móti um 250 börnum á námskeið sumarsins sem voru fjögur talsins. Að venju var dagskrá sumarbúðanna fjölbreytt og skemmtileg þar sem mikið var um stuttar ferðir og heimsóknir. Meðal þess sem var á dagskrá voru bátsferðir og fjöruferðir auk heimsóknna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og á lögreglustöðina svo fátt eitt sé nefnt.

Annað árið í röð sá Guðmundur Steinn Hafsteinsson leikmaður meistaraflokks karla í knattspyrnu um danskennslu sem vakti mikla lukku meðal krakkanna og má segja að danskennslan hafi slegið í gegn á námskeiðunum. Ýmsir góðir gestir litu við á námskeiðin og var afreksfólkið Margrét Lára Viðarsdóttir, Ólafur Stefánsson og Sigfús Sigurðsson á meðal þeirra sem heilsuðu upp á krakkana og gáfu þeim góð ráð. Við þökkum fyrir frábært sumar og hlökkum til að sjá sem flesta iðkendur aftur næsta sumar.

*Með kveðju,*

*Baldur Þórólfsson skólastjóri Sumarbúða í borg*



**Valsmenn – bestu óskir** um gleðileg jól og farsælt nýtt ár

**GGLAGNIR**<sub>ehf</sub>

STAFNA **Á** MILLI *ehf*  
byggingaverktaki

**Jón Höskuldsson hrl.**  
**Stefán Hilmarsson**

**Friðjón Örn Friðjónsson hrl.**

**Viðar Elisson endurskoðandi**



# Pótti alveg framúrskarandi í því sem barn að láta henda hlutum í mig

## Pálmar Pétursson er 23ja ára og leikur handbolta með meistaraflokki

**Fæðingardagur og ár:** 22 nóv. 1984.

**Nám:** Með BA gráðu í sagnfræði og er núna á 2 ári í lögfræði við HÍ.

**Kærasta:** Nei.

**Einhver í sigtinu:** Ég er bráðin.

**Hvað ætlar þú að verða:** Dýralæknir.

**Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í handboltanum:** Á allan mögulegan hátt. Ég þurfti að flytja suður yfir heiðar til að halda áfram í handbolta og þau hafa stutt ótrúlega vel við bakið á mér þessi 7 ár sem ég hef búið hér, allt frá aurohjálpi, húsnæði, andlegum stuðningi, klappi á bakið og heimabökudum pakkasendingum. Þau hafa gert mér það mögulegt að bögglast í þessu.

**Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni:** Ég er sá eini sem get eitt-hvað. Þó var mamma víst spræk í markinu í handbolta í gamla daga og spila ég stundum í síðum gráum hjólabuxum úr hennar markmannstíð innan undir, strákuunum í klefanum til mikillar gleði.

**Hvernig myndir þú lýsa Pétri bróður þínum, fyrrverandi íþróttafulltrúa Vals:** Sköllóttur með smá bumbu (fer þó minnkandi). Topp gaur af góðum genum. Með góðan hómor og leysir það sem honum er falið með stakri prýði. Hann er besta skinn.

**Af hverju handbolta:** Pótti alveg framúrskarandi í því sem barn að láta henda hlutum í mig þannig að mér var plantað í mark í handbolta. Hef verið þar síðan.

**Af hverju Valur:** Þrátt fyrir að vera frá Húsavík hafa allir í fjölskyldunni alltaf haldið með Val. Þegar félagið setti sig svo í samband við mig á sínum tíma var ég auðveldur. Sé ekki eftir því.

**Eftirminnilegast úr boltanum:** Tveir stærstu titlarnir. Evrópumeistari með unglíngalandsliðinu og svo Íslandsmeistararitillinn síðasta tímabil. Svo kemur sigurinn gegn Celje Lasko núna í vetur í Meistaradeildinni sterkur inn.

**Hvernig var síðasta tímabil:** Síðasta tímabil var gott en erfitt. Vorum á eilífu flakki milli íþróttahúsa, frá Seltjarnarnesi upp í Mosfellsbæ og allt þar á milli. Ofan

á það var stíft spilað. Reyndar spilaði ég bara hálf tíma-bilið þar sem ég og Óli skiptum þessu á milli okkar, sem getur verið pirrandi, en gott að hafa góðan mann á móti sér en ekki eitthvað sauðnaut. Óli er pardus... og það bleikur.

**Hvernig tilfinning var að ná Íslandsmeistaratitli:** Ólýsanleg. Vorum búnir að vera svo nálægt því nokkur ár í röð þannig að þetta var kærkomið fyrir okkur sem og alla Valsmenn.

**Ein setning eftir tímabilið:** Óskar á margar góðar. Sú sem stóð uppúr eftir síðasta var þegar hann skammaði okkur fyrir „algjöran skort á einbeitingarleysi“.

**Hvernig er að taka þátt í meistardeildinni í vetur:** Það er alveg brilliant. Gaman að spila á móti þessum köllum. Maður er reyndar helaumur daginn eftir leik, skjóta mun fastar en gengur og gerist hérna heima. En það er ágætt að ná að krafla í einn og einn bolta frá þessum sleggjum og mikilvægt í „the experience bank“ eins og ÓBÓ myndi segja.

**Besti stuðningsmaðurinn:** Það er ákveðinn kjarni sem mætir á alla viðburði og eru hreint ótrúlegir. Erfitt að taka einn út úr þeim hópi. Hins vegar ef maður yrði að taka einn út þá verð ég að nefna Konna. Konni er glæsilegur.

**Koma titlar í hús í vetur:** Við ætlum okkur að sporðrenna nokkrum.

**Skemmtilegustu mistök:** Sjálfsmark í 8 liða úrslitum Íslandsmótsins í beinni útsendingu á RÚV.

**Besti íslenski handknattleiksmaður allra tíma:** Ólafur Stefánsson.

**Hvað lýsir þínum hómor best:** 5 aurar.

**Fleygustu orð:** Ooog svooo taka þææær.

**Mottó:** Halda sér.

**Hvað er það fallegasta sem hefur verið sagt við þig:**

„Ert ekki eins heimskur og þú lítur út fyrir að vera.“

**Fullkomið laugardagskvöld:** Afslöpp-



un í heimahreiðrinu á Húsavík þar sem mamma matar mig.

**Fyrirmynd þín í handbolta:** Hjalti „skriðþungi“ Pálmason. Vona ég eigi eftir að verða reynslubolti eins og hann.

**Draumur um atvinnumennsku í handbolta:** Ekki beint markmið hjá mér. Einbeiti mér að því að klára námið og sjá svo til hvað gerist.

**Landsliðsdraumar þínir í handbolta:** Deyfðir, drepnir og hornfir.

**Besti söngvari:** Pálmi Rafn Pálmason. Hann heldur svo fallega tón.

**Besta hljómsveit:** Radiohead.

**Besta bíómynd:** Trainspotting.

**Besta bók:** Brandarabók Hemma Gunn. Skyldueign.

**Uppáhaldsvefsíðan:** www.valur.is og gulu síðurnar hans Húna.

**Uppáhaldsfélag í enska boltanum:** Man. Utd.

**Ef þú yrðir að vera einhver annar:** Árni Hauksson.

**4 orð um núverandi þjálfara:** Stressaður, grannur, skríttinn, fallegur.

**Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera:** Gera ákveðnar breytingar á búningum meistaraflokks. kvenna. Er með hugmyndir.

**Nokkur orð um nýju aðstöðuna á Hlíðarenda:** Allt að koma held ég bara. Hefur möguleika til að vera flottasta aðstaðan.

**Völsungur eða Valur:** Úfff... mamma eða pabbi?



# Maður fær mikla útrás við að leika handbolta

## Bjartur Guðmundsson leikur handbolta með 4. flokki

Bjartur er í 4. flokki og er 14 ára. Þetta er sjöundi veturinn sem hann æfir handbolta. Hann segist hafa valið Val af því að það komu leikmenn úr meistaraflokki Vals í skólann að kynna félagið. Svo var stutt að fara í Valsheimilið. Hann segist ekki muna betur en að foreldrar sínir hafi mætt á alla leiki hjá sér, yfirleitt koma þau bæði. Þau séu einnig oft í foreldraráði. Honum finnst stuðningur foreldra skipta alveg gríðarlega miklu, það hvetji iðkandann alveg rosalega áfram.

**Hvernig gengur ykkur?** Á síðasta tímabili gekk okkur frekar vel, við vorum í lok tímabils meðal fimm efstu liða. Við fórum á bæði deildarmót og Íslandsmót. Við erum með fínan hóp en það þarf bara að venjast því að spila saman og þá er ég viss um að þetta smelli hjá okkur. Ég er með góða þjálfara sem hafa metnað fyrir starfi sínu og ég treysti þeim fullkom-

lega fyrir því sem þeir eru að gera. Góður þjálfari hefur metnað og reynslu. Hann getur haldið uppi aga og getur gert leikmenn góða, en að sjálfsögðu ekki nema leikmennirnir leggi sig fram.

**Fyrirmyndir í handbolta?** Ég lít mikið upp til Guðjóns Vals Sigurðssonar sem er leikmaður Gummersbach. En þó aðallega vegna mikilla framfara hjá honum inni á vellinum. Ólafur Stefánsson leikmaður Ciudad Real er í miklu uppáhaldi hjá mér, vegna þess hversu mikla yfirsýn hann hefur og hversu frábær leikmaður hann er. Báðir þessir leikmenn spila með landsliðinu.

**Hvað þarf til að ná árangri í íþróttum?** Til þess að ná árangri í íþróttum þarf að mæta vel á æfingar, borða holla og fjölbreytta fæðu, hafa metnað og áhuga. Það er alltaf hægt að bæta sig. Ég þarf til dæmis að auka skotgleði mína.

**Hvers vegna handbolti?** Ég valdi handbolta því mamma stakk upp á því að ég myndi prófa eina æfingu. Mér fannst mjög gaman þannig að ég hélt áfram, svo fær maður líka svo góða útrás af því að vera í handbolta. Ég er líka að æfa fótbolta með Val og er búinn að æfa í rúm þrjú ár.

**Framtíðardraumar í handbolta?** Það er náttúrulega stóri draumurinn að lifa á því að spila handbolta, en ég ætla nú ekkert að vera að gera mér neinar stórar vonir. Ég er ákveðinn í því að klára menntaskólanám og hugsanlega háskólanám eða fara út að læra. Sama hvað ég á eftir að starfa við eða fást við í lífinu vona ég að ég geti spilað handbolta á meðan líkaminn leyfir.

**Hver stofnaði Val?** Séra Friðrik Friðriksson, 11. maí árið 1911.



## Ski-doo fremstir á sviðinu

Það er ekki aðeins vegna nýs ógrandi útlits sem athyglin beinist að Ski-doo. Tölurnar tala sínu máli: Sleðarnir eru um 25 kg léttari í ár þó að þeir séu byggðir á REV grunninum sem var nú léttur fyrir! Hraðari, léttari, mögnuð fjöðrun og nú enn betri í stjórnun. Ski-doo er fremst á sviðinu nú sem aldrei fyrr.



### 200.000 kr. afsláttur á nýju Can-am

Getum boðið nokkur eintök af Can-am Renegade 800, torfæruskráðu, á hreint mögnuðu verði með 200.000 kr. afslætti.

**MotorMax**

SKAFANNA ADEL BINGASTOTA

MotorMax Reykjavík - Kletthálsi 13 - Sími 563-4400  
MotorMax Egilsstöðum - Sími 470-5080 / 470-5070  
MotorMax Akureyri - Sími 460-6060

[www.motormax.is](http://www.motormax.is)





# Fjölmennt herrakvöld Vals



Loksins, loksins var hægt að halda herrakvöld Vals aftur á Hlíðarenda. Að vanda var herrakvöldið haldið fyrsta föstudag í nóvember. Á þessu fyrsta herrakvöldi í nýjum salarkynnum var mikið fjölmenni og nýi veislusalurinn troðfullur. Mikið var um dýrðir enda hefur titlunum rignt inn þetta árið. Þorgrímur Þráinsson fór á kostum sem veislustjóri og Sveinbjörn I Baldvinsson var ræðumaður kvöldsins. Auk þess voru ýmsar skemmtilegar upptakomur. Halldór Einarsson guðfaðir herrakvöldanna hafði veg og vanda af skipulagningu, auk þess sem hann naut stuðnings Gunnars Möller, Ómars Ómarssonar og Anthony Karls Gregory.

Hér má sjá nokkrar myndir frá herrakvöldinu sem sýna vel þá góðu stemningu sem ríkti. Stefnt er að enn fjölmennara herrakvöldi að ári.



Ljós. Guðni Olgeirsson.



Gamlir Valsmenn bregða á leik. Ártal óvíst. Efri röð frá vinstri. Sigurður Ólafsson, Haukur Gíslason, Stefán Hallgrímsson, Sigurhans Hjartarson, Jón Þórarinnsson, Gunnar Sigurjónsson, Ellert Sölvason og Guðni Sigfússon. Fremri röð frá vinstri: Örn Sigurðsson, Hermann Hermannsson, Geir Guðmundsson, Frímánn Helgason, Albert Guðmundsson og Einar Halldórsson.



**Einar**

**Halldórsson,**  
fæddur 2. júní 1923  
dáiinn 7. júní 2007

# 100 ár frá fæðingu Frímánn Helgasonar

Félag eins og við þekkjum Val í dag verður ekki til án gífurlegrar atorkusemi og væntumþykju fjölda fólks sem finnur sig í því að styðja sitt félag með ráð og dáð. Sumir láta duga að æfa og keppa og halda síðan með Val það sem eftir er æfingar og reyna eftir megni að smita aðra í kringum sig. Aðrir gera þetta hvoru tveggja en leggja að auki á sig mismikla vinnu við félagsstörfin þegar keppnisferlinum lýkur. Lán okkar Valsmanna hefur einkum legið í því að eiga fórnfúsa menn og konur sem hafa verið tilbúin til þess að gefa mikið af sínum tíma til þess að tryggja viðgang og uppbyggingu síns félags.

Frímánn Helgason var einn af þessum hetjum félagsins sem eftir tuttugu ára keppnisferil var óþreytandi að hlúa að félagsstarfinu. Frímánn og félagi hans Hermann Hermannsson markvörður mynduðu ásamt Grímari Jónssyni og Sigurði Ólafssyni þá frægu Valsvörn sem færðu félaginu fjölda titla. Frímánn og Hermann urðu tíu sinnum Íslandsmeistarar sem er einstakt í knattspyrnu sögu Íslendinga. Frímánn sat í stjórn Vals í fjölda ára og var formaður félagsins 1934–38 og aftur 1941–1943. Frímánn var einnig áhugasamur um hand-

boltann og varð þrívégis Íslandsmeistari með Val. Það var gott að vera leikmaður í liði undir stjórn Frímánn og engin tvímæli um hver stjórnaði. Frímánn vissi algjörlega hvað hann var að gera, hann hafði fullkominn aga á hópnum en var samt afar ljúfur maður og það var stutt í brosið. Frímánn sat í stjórn Íþróttasambands Íslands í fimmtán ár og lét gott af sér leiða þar sem og annars staðar. Frímánn var til fjölda ára íþróttafréttaritari hjá Þjóðviljanum en jafnframt ófá árin í ritnefnd Valsblaðsins og þá oft ásamt Einari Björnssyni, Jóni Ormi Ormssyni og um auglýsingasöfnunina og fjárhaginn sá gjarnan Friðjón Guðbjörnsson. Frímánn átti þátt í að stofna fulltrúaráð Vals og sat í fyrstu stjórn þess 1945 ásamt Sveini Zöega sem var formaður og Sigurði Ólafssyni. Aðalstarfi Frímánn var að sinna verkstjórn í Ísaga gasfyrirtækinu sem hafði aðsetur við Rauðarárstíg. Fyrir sín miklu störf í þágu æsku landsins hlaut Frímánn gullmerki Vals, KSÍ og Íþróttasambandsins auk gullstjörnu Íþróttabandalags Reykjavíkur. Valur minnst aldarafmælis Frímánn 21. ágúst með innilegu þakklæti og virðingu.

*Halldór Einarsson tók saman*

## Kveðja frá Knattspyrnufélaginu Val

Við Valsmenn kveðjum í dag Einar Halldórsson, einn af máttarstólpum Vals á árum áður. Einar var fæddur Vestmannaeyingur og steig þar sín fyrstu spor á knattspyrnuevlinum, en gekk til liðs við Val árið 1946 er hann stundaði nám í Verslunarskólanum í Reykjavík.

Einar var áberandi í Valsliðinu á árunum 1947–1957 sem traustur varnarmaður og fyrirlíði og einnig sem landsliðsmaður Íslands í knattspyrnu. Einar stóð t.d. vaktina í vörn íslenska landsliðsins, sem vann einn sinn frækasta sigur fyrir og síðar er það lagði landslið Svía að velli 4–3 í Reykjavík árið 1951. Eins og títt var um forystumenn okkar Valsmanna á þessum árum þá var Einar ekki síður virkur utan vallar en innan og sat hann m.a. í aðalstjórn félagsins um skeið.

Það er augljóst að störf Einars fyrir Val gerðu það að verkum að Halldór, sonur hans, betur þekktur sem Dóri í Henson gerðist að sjálfsögðu Valsmaður um leið og hann gat sparkað bolta, en betri og öflugri Valsmann er ekki að finna og hefur Halldór sýnt félaginu einstaka ræktarsemi og áhuga með sama hætti og faðir hans gerði á sínum tíma.

Að leiðarlukum þakkar Knattspyrnufélagið Valur Einari fyrir samfylgdina að Hlíðarenda og sendir Halldóri og fjölskyldu hans samúdarkveðjur.

*Grímur Sæmundsen,*  
formaður Knattspyrnufélagsins Vals





**Hafþór  
Sveinjónsson**  
fæddur 14. nóvember 1961  
dáiinn 22. júní 2007

Einn af Íslandsmeisturum Vals í knattspyrnu frá 1987 er fallinn frá, langt um aldur fram. Hafþór Sveinjónsson var hluti af frábærum hópi Valsmanna sem hampaði titlinum árið 1987 en hann gekk til liðs við félagið frá Fram fyrir þetta eftirminnilega tímabil. Hafþór staldraði stutt við að Hlíðarenda enda valinn maður í hverju rúmi og komust færri að í byrjunarliðinu en vildu. Hafþór var eftirminnilegur leikmaður og félagi, þekktur fyrir vel útfærðar rennitæklingar og langar, beinar og hárnákvæmar ristarspurnur sem hann beitti óspart. Hann var baráttuglaður og gafst ekki upp fyrr en í fulla hnefana, enda alinn upp hjá metnaðargjörnu og sigursælu félagi í Safamýrinni.

Hafþór hafði þann yndislega kost að sjá yfirleitt spaugilegu hliðar lífsins og sparaði sjaldan húmorinn og léttleikann. Hann var einstaklega orðheppinn og beitti háðinu fagmannlega án þess að fara yfir strikið. Það var gaman að vera í návist Hafþórs og auðvelt að láta sér þykja vænt um hann. Eftir að hinum hefðbundna knattspyrnuferli lauk var hann á tímabili hluti af okkar spengilega og metnaðargjarna „Priðjudagsbolta“ þar sem menn fórna frekar tönnum en að vera í tapliði.

Hin síðari ár spilaði Hafþór á hinum stóra leikvelli lífsins þar sem auðvelt er að misstíga sig ef ekki er varlega farið. Eflaust hefði Hafþór getað spilað betur úr sínum spilum, eins og við öll, en hver og einn metur hverju sinni hversu mikla áhættu ber að taka. Ein mesta glíma lífsins er að takast á við sjálfan sig, við-

urkenna styrkleika og veikleika og í kjölfar þess að ákveða hvers konar lífi maður vill lifa. Eins og lífið er dásamlegt er það engu að síður vandasamt. Freistingar lúra á hverju horni, óheppilegur félagsskapur og fáránleiki lífsins birtist á ýmsa vegu. En það er okkar að velja og hafna. Lífið snýst um að taka ákvarðanir, hvort sem þær eru smávægilegar eða geta breytt lífi okkar. En ábyrgðin er ávallt okkar.

Hafþór er horfinn á braut en eftir situr syrgjandi fjölskylda og vinir. Spurningum verður ekki svarað, ekki frekar en þeim sem við spyrjum okkur sjálf dagsdaglega. Ef við vissum öll svör væri lífsins leikur ekki eins spennandi. Missir Hafþórs er engu minni en ættingja því það eru forréttindi að fá að fylgja börnum sínum og vinum eins lengi og kostur er.

Minning um góðan dreng mun lifa.

Þótt ég sé látinn, harmið mig ekki með tárur.

Hugsid ekki um dauðann með harmi og ótta.

Ég er svo nærri að hvert eitt ykkar tár snertir mig og kvelur, því látinn mig haldið.

En þegar þig hlægið og syngið með glöðum hug

sál mín lyftist upp í mót til ljóssins.

Verið glöð og þakklát fyrir allt sem lífið gefur

og ég, þótt látinn sé, tek þátt í í gleði ykkar

yfir lífinu.

(höfundur ókunnur)

*F.h. Íslandsmeistara Vals  
í knattspyrnu 1987  
Þorgrímur Þráinsson*



**Kristinn  
Þorleifur  
Hallsson**  
Fæddur 4. júní 1926  
dáiinn 28. júlí 2007

**Kveðja frá Knattspyrnufélaginu Val**

Við Valsmenn drjúpum höfði nú þegar einn okkar mætustu féлага, Kristinn Hallsson óperusöngvari, hefur kvatt. Kristinn átti ekki langt að sækja ramma taug til Vals, en faðir hans Hallur Þorleifsson, kaupmaður var einn af stofnendum félagsins og einnig einn af stofnendum Karlakórsins Fóstbræðra. Bæði þessi félög voru stofnuð vegna hvatningar hins mæta manns, séra Friðriks Friðrikssonar. Kristinn sótti vel kappleiki Vals og þá oftast en ekki með öðrum öðlingi en það var Ágúst Bjarnason frændi hans. Saman tveir mynduðu þeir einn öflugasta kór stuðningsmanna á Íslandi og hrópið var ekki flókið; „Áfram Valur og fleiri mörk.“ Þetta hrópuðu þessir djúprödduðu félagar klæddir í rauðu jakkana sína hvort sem mark hafði verið skorað eða ekki. Enginn réð yfir slíkum raddstyrk, sem þessir tveir. Gjarnan mátti sjá þá frændur spjalla við Sigfús Halldórsson tónskáld á leikjum Vals að Hlíðarenda en Sigfús var einnig mikill Valsmaður. Brosið var oft breitt á þessum kempum enda upplifðu þeir sigurtíma í Val. Saga Vals er ríkari vegna manna eins og Kristins. Við Valsmenn erum þakklátir fyrir að hafa fengið að kynnast ljúfmenninu og listamanninum Kristni Hallssyni og sendum aðstandendum Kristins okkar dýpstu samúðarkveðjur.

*Grímur Sæmundsen,  
formaður Knattspyrnufélagsins Vals*



Á vortónleikum Valskórsins í Háteigskirkju í maí 2007.

# Valskórinn syngur af hjartans list

Valskórinn er sennilega eina „keppnislið“ félagsins sem ekki stefnir að því að sigra eða færa félaginu verðlaunagripni sem stilla megi upp innan um glæst sigurlaun knattspyrnu-, handbolta- og körfuboltamanna. Þótt ekki fari mikið fyrir kórnum innan félagsins er hann mikilvægur vettvangur Valsmanna sem fyrir nokkru eru búnir að setja skotskóna upp í hillu eða tengjast félaginu á annan hátt. Gæfa kórsins er að hann hefur alltaf haft frábæra stjórnendur. Síðastliðin fjögur ár hefur Bára Grímsdóttir tónskáld mundað tónsprotann.

## Sungjó af hjartans list

Á fyrstu æfingu kórsins í haust var mæting svo slök að þeir fáu sem létu þó sjá sig héldu að dagar kórsins væru taldir.



Hjónin Jóhanna Gunnþórsdóttir og Brynjólfur Lárentsússon eftir vel heppnaða tónleika.

Skýringin var að sjálfsgöðu sú að meistaraflokkur Vals í knattspyrnu stefndi þá dagana að Íslandsmeistaratitli og lék þetta kvöld mjög mikilvægan leik. Flestir Valsmenn tóku þann leik fram yfir allt annað, jafnvel æfingu hjá Valskórnum. Spár um dauða kórsins voru því byggðar á veikum grunni og rættust ekki, því síðan hefur verið sungið af hjartans list á mánudagskvöldum í Friðrikskapellu.

## Söngannáll ársins 2007

Það ár sem nú er að líða hófst með því að farið var að æfa fyrir stærsta verkefni kórsins, hina árlegu vortónleika í maí. Liður í þeim undirbúningi voru æfingabúðir að Sólheimum í Grímsnesi. Valsmenn óku léttir í lund austur fyrir fjall og dvöldu daglangt á staðnum, æfðu, sungu fyrir heimamenn og nutu heilnæmra veitinga. Vortónleikarnir sem haldnir voru í Háteigskirkju tókust vel. Fjöldi gesta kom til að hlýða

á söng kórsins. Eftir tónleikana seldi kórinn veitingar til ágóða fyrir starfsemina. Í nóvember var Valskórnum boðið að syngja með kórnum úr Mosfellsbæ og Skagafirði á skemmtun í Reykjavík og á aðventunni söng kórinn fyrir heimilisfólk í Sóltúni og á Hrafnistu.

## Hljóðritun á sunnudagsmorgni

Sunnudagsmorgun einn í október kom kórinn saman í upptökuveri Rúnars Júlíssonar í Keflavík. Tilfnið var að Halldór Einarsson, kórfélagi, ætlaði að láta gamlan draum rætast og taka upp nokkur lög. Fyrst var tekið upp hið eina og sanna Valslag, *Valsmenn léttir í lund*, en síðan sungu stelpurnar í kórnum bakraddir fyrir Halldór. Upptökur þessar voru settar á afmælis- og hátíðardisk Halldórs Einarssonar. Diskurinn rataði víða því Halldór sendi hann til vina og vandamanna sem boðskort í stórafmæli sitt í desember. Þessi ferð er kórfélögum afar minnisstæð. Halldór bauð kórnum að koma fram í afmælisveislu sinni sem haldin var þann 8. desember sl. Við það tækifæri flutti kórinn hátíðarljóð sem Dýri Guð-



Kórfélagar og gestir njóta góðra veitinga.

mundsson hafði samið og kórinn færði Halldóri í afmælisgjöf.

## Æfingar á mánudagskvöldum í Friðrikskapellu

Rétt er að geta þess að Valskórinn getur bætt við sig fleiri meðlimum. Einkum er hér auglýst eftir kvenröddum þótt karlar séu að sjálfsgöðu líka velkomnir. Æft er einu sinni í viku í Friðrikskapellu, á mánudagskvöldum milli 19.30 og 21.30.

Það er óskandi að Valskórinn styrkist og dafni á næstu árum og eigi bjarta framtíð á braut sönglistarinnar.

Jón Guðmundsson tók saman



# Væri frábært að gera ekki neitt nema vera í fótbolta allan daginn

**Guðbjörg Gunnarsdóttir er 22 ára og leikur fótbolta með meistaraflokki kvenna**

**Fæðingardagur og ár:** 18. maí 1985.

**Nám:** Á tæplega ár eftir af hagfræði BS í Háskóla Íslands.

**Hvað ætlar þú að verða:** Alveg ótrúlega margt... Landsliðsmarkvörður nr. 1 og hagfræðingur Seðlabankans dettur mér strax í hug.

**Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni:** Magnús Gunnarsson, afi minn, markvörður og einn af stofnendum FH.

**Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða:** Ég yrði mjög seint magadansari.

**Af hverju fótbolti:** Af því að aðrar íþróttgreinar eru bara hobby.

**Af hverju Valur:** Valur er flottasti klúbburinn í dag og hér hefur maður allt til að verða afreksmaður í íþróttum.

**Eftirminnilegast úr boltanum:** Tvöfaldur meistaratitill 2006, eftir að hafa orðið Íslandsmeistarar kláruðum við Breiðablik í vítaspynukeppni í líklega skemmtilegasta bikarúrslitaleik sögunnar.

**Hvernig gekk á síðasta tímabili:** Frábært ár fyrir Val, Íslandsmeistarar karla og kvenna, plús Íslandsmeistaratitill í handbolta karla, gerist ekki mikið betra. Þetta var gott tímabil hjá okkur, Íslandsmeistarar með 46 stig af 48 mögulegum og markatöluna 88–7, nokkuð flott.

**Mestu vonbrigði síðasta tímabils:** Að detta úr leik í Evrópukeppninni, ein mestu vonbrigði á ferlinum.

**Ein setning eftir tímabilið:** „Ragga, hvar er nammað?“

**Besti stuðningsmaðurinn:** Kjartan Orri Sigurðsson.

**Koma titlar í hús næsta sumar:** Þegar Valur mætir til leiks eru alltaf miklar líkur á titli, þannig já, það koma pottþétt titlar.

**Möguleikar kvennalandsliðsins að komast í lokakeppni stórmóts:** Hafa aldrei verið betri.

**Skemmtilegustu mistök:** Þegar Frankfurt gerði jafntefli við Wezemaal.

**Fyndnasta atvik:** Evrópukeppnin 2005, þegar við áttuðum okkur á því að við værum komnar í 8 liða úrslit fyrst allra

íslenskra liða og við byrjuðum að öskra og syngja í sigurhring „Simply the best með Tinu Turner“ í HÁLFLEIK því staðan var 5–0, dómari kom og gaf okkur skelfilegt augnarád og sagði „this is not fair play“.

**Stærsta stundin:** Fyrsti A-landsleikurinn og fyrsti Íslandsmeistaratitill minn í meistaraflokki 2004 með Val.

**Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki kvenna:** Katrín Jónsdóttir fyrirliði og læknir. Ótrúleg manneskja. Mætir á hverja æfingu beint eftir læknavaktina og skiptir gjörsamlega um ham enda frekar ólík hlutverk að hlaupa tryllt um í fótbolta og að lækna þá veiku.

**Besta íslenska knattspyrnukona allra tíma:** Laufey Ólafs. sem er goðsögn í bransanum og algjör synd að hún skyldi hafa hætt.

**Besta knattspyrnukona heims:** Marta da Silva, Birgit Prinz og Kelly Smith.

**Hvað lýsir þínum húmor best:** Kaldhæðinn, steiktur, djúpur einkahúmor. Geri oft grín að sjálfri mér.

**Fleygustu orð:** „Nei takk, mér langar ekki í fisk“.

**Mottó:** Farðu alla leið.

**Leyndasti draumur:** Evrópumeistarititill félagsliða, helst með Val.

**Við hvaða aðstæður líður þér best:** Þegar ég sé 10 númeraðar treyjur fyrir framan mig.

**Skemmtilegustu gallarnir:** Ég á það til að mismæla mig og tala oft vitlaust þannig það kemur bara bull út úr mér.

**Fullkomið laugardagskvöld:** Það myndi vera í kósý sumarbústað með fólkinu sem mér þykir vænst um, góðum mat og spilum.

**Hvaða flik þykir þér vænst um:** Gullmarkmannsbúninginn sem ég spilaði í á móti Frankfurt. Ég fékk hann eftir smá veðmál við Betu þjálfara.

**Besti fótboltamaður sögunnar á Íslandi:** Eiður Smári Guðjohnsen.

**Fyrirmynd þín í fótbolta:** Buffon, Casillas, Peter Cech að ógleymdum meistara Peter Schmeichel.



**Draumur um atvinnumennsku í fótbolta:** Já það væri frábært að þurfa ekki að gera neitt nema vera í fótbolta allan daginn.

**Besta hljómsveit:** The Verve, Keane, Coldplay.

**Uppáhaldsvefsíðan:** valurwoman. blogspot.com og fotbolti.net.

**Uppáhaldsfélag í enska boltanum:** Manchester United.

**Eftir hverju sérðu mest:** Að hafa keypt risastórt sólblóm í einni keppnisferðinni. Reyndar sé ég örlítið eftir að hafa hætt alveg að læra á píanó þegar ég var lítil, ég þótti víst frekar efnileg.

**Ef þú yrðir að vera einhver annar:** Ég myndi alveg vilja prófa að vera forseti Bandaríkjanna.

**4 orð um núverandi þjálfara:** Langstærsta ástæða velgengni Vals.

**Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera:** Alveg fullt sko. Myndi ráða fólk í vinnu til að hugsa um grasvellina 24/7, ég myndi alltaf halda geðveikt loka-ball eftir tímabil, gefa vænan styrk í allar íþróttagreinar, sjá til þess að Valur sé fremsta liðið á öllum sviðum alls staðar.

**Nokkur orð um nýju aðstöðuna á Hlíðarenda:** Íþróttamenn geta varlað hugsað sér betri aðstöðu, hreint út sagt magnað mannvirki sem Valsarar geta verið virkilega stoltir af.



# Það væri ekki leiðinlegt að **stækka**

## Knútur Ingólfsson er 14 ára og leikur körfubolta með 9. flokki

Knútur er 14 ára í 9. flokki og byrjaði að æfa í minnibolta eldri. Hann segist hafa farið í körfuna út af vini sínum Kormáki sem æfði með Val þannig að það var ekkert annað í stöðunni. Honum finnst stuðningur foreldra mikilvægur.

**Hvernig gengur ykkur?** Okkur gekk alveg ágætlega á síðasta ári en áttum nokkra mjög slappa leiki, héldum okkur alltaf í b riðli. Fórum á 3 eða 4 Íslandsmót og fórum líka til Svíþjóðar á mót í Gautaborg og okkur gekk ágætlega þar. Hópurinn hjá okkur er mjög flottur. Við erum flestir búnir að æfa saman núna í 2-3 ár og erum orðnir góður þéttur hópur bæði sem liðsfélagar og vinir. Í vetur erum við búnir að vinna einn æfingaleik og keppa

tvo leiki á Íslandsmótinu þar sem við unnum Fjölni sem við höfum aldrei unnið áður en töpuðum fyrir ÍBV. Sævaldur Bjarnason (Sæbi) er að þjálf mig sem er bara frábært hann er búinn að koma okkur í hörkuform fyrir næsta tímabil og við höfum allir bætt okkur ótrúlega mikið á þessum tveimur árum sem hann hefur þjálfað okkur. Metnaður og agi finnst mér eiga að einkenna góðan þjálfara.

**Skemmtilegar sögur úr boltanum?** Þegar við skitum á okkur á síðasta Íslandsmóti en komum svo sterkir til baka og unnum vormótið sannfærandi, það var frábær endir á leiktímabilinu.

**Fyrirmyndir í körfuboltanum?** Ég lít mikið upp til Tim Duncan. bara hvernig hann spilar körfubolta og hvernig hann hagar sér á körfuboltavellinum og dags daglega.

**Hvað þarf til að ná langt í körfubolta eða íþróttum almennt?** Æfa mikið og

aldrei efast um sjálfan sig, setja sér raunhæf markmið og fylgja þeim eftir eins og maður getur. Ég sem einstaklingur þarf að bæta „all around“ leikinn minn betur, verða betri skotmaður, betri sendingamaður og lesa leikinn betur, svo væri ekki leiðinlegt að stækka aðeins.

**Hvers vegna körfubolti?** Ég æfði alltaf handbolta með Ármann/Prótti en var aldrei neitt sérstaklega góður, æfði svo á tímabili bæði körfu- og handbolta og sá að karfan hentaði mér mun betur og ákvað þá að einbeita mér bara að henni.

**Hverjir eru framtíðardraumar þínir í körfubolta og lífinu almennt?** Að komast einhvert út að spila körfubolta sem atvinnumaður, ef það gengur ekki upp bara finna mér góða vinnu og spila fyrir Val.

**Hver stofnaði Val og hvenær?** Séra Friðrik 11. maí 1911.



Vilhjálmur Bjarnason löggildur fasteignasali  
Guðbjörg Róbertsdóttir löggildur fasteignasali

**Suðurlandsbraut 50**

**Bláu húsin v/Faxafen**

**husid@husid.is**

**Sími 513 4300**

*Húsið fasteignasala óskar Valsmönnum  
til hamingju með árangurinn á líðandi ári.*

*Og eins landsmönnum öllum*

*gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.*



# Þarf metnað, vilja og aukaæfingar til að ná langt

## Ásdís Vídalín leikur handbolta með 4. flokki

Ásdís er 14 ára gömul og hefur æft í 7 ár með Val sem er liðið í hverfinu hennar og hún fór með vinkonu sinni að æfa handbolta. Hún hefur fengið mjög góðan stuðning frá foreldrum sínum sem henni finnst skipta miklu máli. Henni finnst gott að vita að stutt er við bakið á henni.

**Hvernig gengur ykkur?** Okkur gekk mjög vel á síðasta tímabili, við vorum í 2. sæti í Rykjavíkurmóttinu, unnum eitt Íslandsmót og vorum 2. – 3. sæti á Íslandsmóti og í 3. og 4. sæti í deildarmótunum, lentum að lokum í 3. sæti yfir Íslandsmótið og enduðum tímabilið á að vinna Húsavíkurmótið í a-liðum og b-liðið lenti í 3.sæti. Síðan var ég og tvær aðrar úr Val valdar í Reykjavíkurlíðið fyrir Alþjóðleikana sem Reykjavíkurlíðið vann.

**Skemmtileg atvik úr boltanum?** Fyndin

atvik á Partille Cup 2006, eins og fyrsta daginn vorum við í liðinu að labba um hverfið og gengum fram hjá leikvangnum og fullt af ljóskösturum og ein segir „Vá! Sjáið þið rússíbanann“ og við litum við og hlógum og hlógum.

**Fyrirmynd úr boltanum?** Eins og Ólafur Stefánsson og Einar Hólmgeirsson, þeir eru örvhentir eins og ég og í skyttu og eru mjög góðir.

**Hvað þarf til að ná langt í handbolta eða íþróttum?** Það þarf metnað, vilja og aukaæfingar til að ná langt. Ég þarf að hugsa meira í viljann. Ég þarf að bæta ýmslegt.

**Hvers vegna handbolta?** Ég veit það ekki. Eins og ég sagði var vinkona mín að fara í handbolta og ég fór með henni og leist bara fjandi vel á. Ég hef prófað fótbolta, eða þrjár æfingar en entist ekki



þar, prófaði fjálsar, nokkrar sumaræfingar og hætti. Svo ég ákvað að halda mig bara í handboltanum.

**Hverjir eru þínir framtíðardraumar í handbolta og lífinu almennt?** Mig langar að komast langt, fara kannski út að spila en hver veit hvað gerist. Annars langar mig bara að lifa góðu lífi.

**Er einhver þekktur Valsari í fjölskyldu þinni?** Já eða ég held að hann sé eitthvað þekktur og það er Jón Halldórson eða Nonni eins og hann er kallaður.

**Hver stofnaði Val og hvenær?** Séra Friðrik Friðriksson 11. maí árið 1911. Maður veit þetta.

## Matsölustaður við öll tækifæri

Kringlukráin er lifandi veitingahús og þar er áhersla lögð á notalegt umhverfi, faglega þjónustu og góðan mat. Matseðillinn okkar er í senn einstakur og fjölbreyttur. Á honum eru vandaðir réttir við allra hæfi sem framreiddir eru úr besta fánlega hráefni hverju sinni. Girnileg salöt, bökur, pastaréttir, fiskiréttir og safaríkar steikur, ásamt ekta ítölskum pizzum, hamborgurum, samlokum og fl. Einnig höfum við upp á að bjóða gott úrval léttvína.

**Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti**  
**Hópatmatseðill • Sér salur fyrir hópa**  
**Fjölbreyttur sérreittamatseðill**  
**Lifandi tónlist föstudags- og laugardagskvöld**  
**með bestu hljómsveitum landsins.**

**Borðapantanir í síma 568-0878**

**www.kringlukrain.is**

# valur.is — samskiptatæki framtíðar

Saga veraldarvefsins er ekki löng í sam-  
anburði við alla mannkynssöguna, og  
jafnvel ef við miðum við sögu okkar  
Íslendinga. En það er oft sagt að árið  
líði hratt í tækniheiminum og hlutirnir hafa  
svo sannarlega breyst mikið síðasta áratuginn  
eða svo. Knattspyrnufélagið Valur var einna  
fyrst íslenskra íþróttafélaga til að koma sér  
upp vefsíðu árið 1996 ef mig minnir rétt og  
hefur haldið úti ágætum vef síðan þá. Núverandi  
útgáfa vefsins er orðin um það bil 7 ára gömul  
og okkur finnst vera kominn tími á að gera  
gagngerar endurbætur á vefnum.

Knattspyrnufélagið Valur hefur verið  
að taka allt innra og ytra starf félagsins  
til gagnerrar endurskoðunar í samstarfi  
við Capacent og er valur.is þar ekki undanskilinn.  
Netið gegnir alltaf stærra og stærra hlutverki  
í daglegu lífi okkar allra. Það er ótrúlegt  
til þess að hugsa að fyrir 10 árum síðan  
var fólk að fara sjálft í bankann til að borga  
reikningana sína, en nú geta allir sinnt sinni  
bankaþjónustu í rólegheitum heima í stofu.

Stefna félagsins er að gera vefinn að  
samskiptamiðstöð fyrir félagið. Þar getir  
þú sinnt öllum þínum þörfum gagnvart  
félaginu. Séð æfingatíma hjá yngri flokkunum,  
fengið upplýsingar um þjálfara, starfið og  
lifandi tilkynningar frá hverjum flokki fyrir  
sig. Séð stöðuna á æfingagjöldunum þínum,  
skoðað úrvalið í Valsbúðinni, keypt miða á  
leiki í meist-

araflokkum, greitt æfingagjöld og margt,  
margt fleira. Því miður getum við ekki gert  
allt í einu, en þetta er framtíðarsýnin sem við  
sjáum fyrir okkur.

## Nýr valur.is

Í haust byrjuðum við að leggja drög að  
alveg glænýjum vef, nýjum valur.is. Við fengum  
einn færasta vefhönnuð landsins, Björn  
Kristinsson hjá Hugsmiðjunni, til að hanna  
fyrir okkur nýja vefinn og líta fyrstu skissur  
mjög spennandi út. Það er mikil vinna framundan  
að koma upp nýjum vef og við erum að leggja  
margar klukkustundirnar í sarpinn til að gera  
þetta eins vel og hægt er. Vonandi verða  
allir Valsmenn ánægðir með útkomuna þegar  
við setjum nýjan vef í gang.

Tæknilega verður mikil breyting með tilkomu  
nýs vefs. Starfsfólkið á skrifstofunni kemur  
til með að geta stjórnað vefnum að mestu leyti  
sjálft með hjálp vefumsjónarkerfis. Við munum  
nýta okkur upplýsingar frá Íslenskum getraunum  
í meira mæli en við höfum gert hingað til og  
birta úrslit, næstu leiki og stöðutölur beint frá  
þeim. Þó svo að við séum að breyta vefnum,  
ætlum við að reyna að halda öllum góðu  
kostunum sem núverandi vefur hefur. Fréttir  
og fréttlaði verða jafn gott og helst enn betra,  
þó svo birting þeirra kom til með að breytast  
nokkuð. Spjallborðið verður áfram ein-

falt og þægilegt í notkun þó að það komi til  
með að uppfærast líka með nýjum vef.

Spennandi hlutur sem við ætlum að hafa á  
nýja vefnum er niðurhalshluti (e. downloads).  
Þar ætlum við að safna saman á einn stað  
leikskrá, Valsblöðum, myndum, Valslögum,  
merki Vals og margt fleira sem notendur geta  
hlaðið niður á tölvuna sína og skoðað í rólegheitum  
heima.

Nýja kerfið býður okkur einnig upp á byltingu  
í myndameðhöndlun. Við komum til með að  
geta sett inn myndasýningar á mjög einfaldan hátt.  
Tengt myndasýningar beint úr fréttum af viðkomandi  
atburði. Félagið ætlar að gera skurk í því  
að taka myndir af sem flestum atburðum og  
setja það inn á vefinn svo fólk geti fylgst með  
öllu því góða starfi sem fer fram að Hlíðarenda  
nánast hvern einasta dag ársins.

Ef þú lesandi góður vilt koma á framfæri  
einhverjum óskum eða skilaboðum varðandi  
vefinn, þá er best að hafa samband við Dag  
Sigurðsson framkvæmdastjóra Vals. Hann tekur  
gladur við öllum tillögum og athugasemdum og  
safnar þeim saman. Hann hefur netfangið dagur@valur.is.

Valskveðja,

Árni Gunnar Ragnarsson,  
vefstjóri valur.is

## Styrktu Val á fljúgandi ferð með Icelandair

Icelandair og Valur hafa gert með sér samstarfssamning sem felur í sér endurgreiðslur af hálfu Icelandair til félagsins í hlutfalli við veltu í bókunum sem gerðar eru í gegnum bókunarvélina. Bæði er hægt að nálgast síðuna á [valur.is](http://valur.is) og [icelandair.is](http://icelandair.is).

Valsmenn eru hvattir til að styðja félagið þegar þeir ferðast með Icelandair.







# ***Gott fyrir alla íþróttamenn!***

***Endurnýjar  
Endurbætir  
Endurbyggir***

Rannsóknir á úthaldi og getu íþróttafólks hafa leitt í ljós að nærri tvöfalt áhrifaríkara er að neyta Gatorade en vatns eða kolvetna eingöngu. Gatorade inniheldur efni sem koma í staðinn fyrir þau sem tapast þegar þú svitnar. Gatorade inniheldur kolvetni sem hjálpa þér að berjast gegn þreytu og einblína á líkamlegt og andlegt ástand þitt.







## FRJÁLSSI VINNUR MEÐ VAL

VEXTIR FRÁ  
AÐEINS  
**3,4%**

Miðað við myntkórfu 4,  
Libor-vextir 6.11.2007.

Þannig er mál  
með vexti ...

... að það er hægt að létta greiðslubyrðina.

  
FRJÁLSSI